



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!



Ársskýrsla

2. starfsár 2010-2011



Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Stefna Naustaskóla.....	4
Hlutverk.....	4
Framtíðarsýn.....	4
Áherslur skólans.....	4
Naustaskóli 2010-2011.....	6
Húsnæðismál.....	6
Skólinn í tölum.....	7
Nemendur.....	7
Starfsfólk.....	8
Fjármál.....	9
Vettvangsferðir og heimsóknir.....	9
Ýmsir viðburðir í skólastarfinu.....	10
Skólatími / stundaskrár.....	11
Skóladagatal.....	12
Stjórnun.....	13
Skipurit.....	13
Skólaráð.....	13
Teymi - fundir.....	14
Nemendaráð.....	14
Trúnaðarmenn.....	14
Kennsluskipan.....	15
Valgreinar.....	16
Námsmat.....	16
Mötuneyti.....	17
Frístund.....	17
Bókasafn.....	17
Samstarf við Naustatjörn.....	17
Endurmenntun og starfsþróun.....	18
Rannsóknarverkefni um námssamfélag.....	19
Umhverfismál.....	19
Jákvæður agi - bekkjarfundir.....	19
Samskipti heimila og skóla.....	20
Námsgögn.....	20
Nemendaverndarráð.....	21
Skólahjúkrun.....	21
Námsráðgjöf.....	21
Stuðningskennsla / þjálfun.....	21
Skýrslur starfsmannahópa.....	22
Skýrsla kennara í 1. bekk.....	22
Skýrsla kennara í 2.-3. bekk.....	25
Skýrsla kennara í 4.-5. bekk.....	29
Skýrsla kennara í 6.-7. bekk.....	31
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	36
Skýrsla iðjuþjálfra.....	38
Mat á skólastarfinu.....	39
Matsgögn.....	39
Námsaðlögun.....	40
Athvarf.....	43

Umhyggja og virðing.....	44
Samvinna	45
Táp og fjör	47
SVÓT-greining	48
Uppgjör á umbótatillögum síðasta árs:.....	50
Almennt mat og umbótatillögur	52
Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins.....	55



Nemendur í 8. bekk sýna frumsamið sakamála-leikrit á árshátíð skólans vorið 2011



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir annað starfsár Naustaskóla, 2010-2011. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Starfið innan skólans er byggt á stefnu hans sem sett er fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

Áherslur skólans

- **Námsaðlögun**

Markmið: Skólinn mæti þörfum nemenda í námi
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu
Allir nemendur taki stöðugum framförum

Leiðir: Einstaklingsáætlanir að hluta
Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Þemavinna / smíðjur
Námsstöðvar
Áhugasviðsvinna
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

N ámsaðlögun
A thvarf
U mhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
S K Ó L I



- **Athvarf**

Markmið: Nemendum líði vel í skólanum
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

Leiðir: Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi
Góður aðbúnaður og aðstaða
Góður og hollur matur
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

- **Umhyggja og virðing**

Markmið: Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Leiðir: Jákvæð agastefna – samstaða um gildi
Markviss notkun bekkjafunda
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting
Jafnréttisstefna
Umhverfisstefna

- **Samvinna**

Markmið: Starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

Leiðir: Gott upplýsingastreymi
Skólaþing
Teymiskennsla
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður
Foreldrar virkjaðir til þátttöku

- **Táp og fjör**

Markmið: Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans
Að það sé gaman í skólanum!
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

Leiðir: Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu
Nægileg hreyfing og útivera fyrir nemendur
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

- **Allir með!**

Í námi
Í starfi
Í leik
Í ákvörðunum



Naustaskóli 2010-2011

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala: 530109-0110

Sími: 460-4100

Sími í frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímánn Jakobsson agust@akureyri.is

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir dis@akmennt.is

Fjöldi nemenda: 200 í skólabyrjun, 194 í skólalok

Fjöldi starfsmanna: 35 í u.þ.b. 32 stöðugildum.

Naustaskóli hóf starfsemi haustið 2009 með 153 nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Skólaárið 2010-2011 voru nemendur um 200 í 1.-8. bekk. Skólinn verður orðinn heildstæður grunnskóli með 1.-10. bekk haustið 2012. Fyrstu árin er auk þess í húsnæði skólans, ein deild frá leikskólanum Naustatjörn, og er hún jafnan skipuð elstu börnum leikskólans.

Húsnæðismál

Fyrri áfangi húsnæðis Naustaskóla var tekinn í notkun þegar skólinn hóf starfsemi haustið 2009. Þar er að finna heimasvæði sem ætluð eru 1.-7. bekk, heimasvæði Frístundar, forstofu og fatahengi yngsta stigs, tónlistarstofu, heimilisfræðistofu og húsnæði sem síðar mun hýsa eldhús en það rými er nýtt sem smíðastofa í bili.

Eftir er því að reisa síðari áfanga skólans en hann mun fullbyggður rúma 500 nemendur. Til að byrja með er húsnæði skólans að nokkru leyti nýtt á annan hátt en hönnun gerir ráð fyrir. Þar má nefna að deild frá leikskólanum Naustatjörn er til húsa þar sem gert er ráð fyrir aðalaðsetri Frístundar (síðdegisgæslu), Frístund nýtir þess í stað kennslusvæði 1.-3. bekkjar eftir að kennslu lýkur. Herbergi sem ætlað var til afnota fyrir foreldra er nýtt sem aðstaða skólahjúkrunarfræðings, aðstöðu stjórnenda, ritara, bókasafni, kaffistofu og samkomusal er komið fyrir á efri hæð skólans þar sem gert er ráð fyrir kennslurýmum í framtíðinni, smíðastofa er sem fyrr segir í "framtíðareldhúsi" skólans og vinnurými kennara voru í vetur í þremur rýmum sem sum hver eru ætluð til kennslu. Vorið 2011 hófust framkvæmdir við seinni áfanga skólahúsnæðisins. Að loknu útboði var samið við fyrirtækið SS-Byggi um framkvæmdina. Um er að ræða 3.900 m² byggingu sem mun hýsa heimasvæði 8.-10. bekkja, námsver, félagsaðstöðu nemenda, sérgreinastofur (fyrir smíðar, textílmenn og myndmenn), starfsmanna- og stjórnunarrými, samkomusal, matsal, bókasafn, forstofu og fatahengi miðstigs, aðalinngang skólans og fatahengi unglingastigs, búningasklefa og íþróttahús. Reiknað er með að álma sem hýsir unglingastig og sérgreinastofur verði tekin í notkun haustið 2012 og að byggingu skólans verði að fullu lokið 2014. Framkvæmdahraði tekur mið af þörf fyrir skóla og leikskóla í hverfinu. Ákveðið var að bjóða út uppsteypu og utanhússfrágang á vordögum 2011 og uppsteypu skal lokið á árinu 2013. Í byrjun árs 2012 er áætlað að bjóða út innanhússfrágang á unglingastigs- og verkgreinaálmunni sem er um 900 m². Síðasti hlutinn hefur ekki verið tímasettur. Heildarkostnaður við seinni áfanga er áætlaður um 1,1 milljarður króna.

Teikningar af skólahúsnæðinu má nálgast á heimasíðu skólans.



Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	09-10	10-11	11-12	12-13
Fjöldi nemenda	153	200		
Fjöldi almennra kennslustunda	275	378		
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,797	1,890		
Fjöldi sérkennslustunda	45	84		
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,294	0,420		
Fjöldi umsjónarkennara	10	12		
Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara	15,3	16,67		
Fjöldi barna í Frístund	58	71		
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,60	1,61		
Fjöldi stöðugilda í kennslu	12,3	17,76		
Hlutfall réttindakennara (%)	100%	100%		
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	74 / 26		
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,40	2,93		
Stöðugildi skólaliða	2,18	3,64		
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,25	0,40		
Stöðugildi vegna Frístundar	1,28	2,24		
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,50		
Stöðugildi vegna eldhúss	1,40	1,74		
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1		
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80		
Tölvur alls	47	50		
Tölvur fyrir nemendur	30	30		
Nemendur pr tölvu	5,1	6,67		
Tölvur í stjórnun og kennslu	17	20		
Kennarar pr. tölvu	1	1		
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%	97%		
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	87%	79%		
Árangur á samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	30,55	26,55		
Árangur á samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	25,90	24,15		
Árangur á samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ)				
Stærð húsnæðis	2338 fm	2338 fm		

Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.JFÞ	8	7	15	J. Freydís Þorvaldsdóttir
1.LÞ	9	8	17	Lilja Þorkeldsdóttir
2/3.BDH	7	10	17	Brynja D. Hermannsdóttir
2/3.HJ	8	7	15	Halla Jóhannesdóttir
2/3.ILÓ	10	7	17	Inga Lilja Ólafsdóttir
2/3.YHH	10	6	16	Yrsa Hörn Helgadóttir
4/5.GEG	8	9	17	Gunnþór E. Gunnþórsson
4/5.HÁ	8	10	18	Heimir Örn Arnason
4/5.SJ	7	10	17	Sigurlaug Jónsdóttir
6/7.ÁG	9	9	18	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
6/7.ÞS	5	12	17	Þóra Ýr Sveinsdóttir
8.KH	8	8	16	Karl Hallgrímsson
	97	103	200	



Árgangaskipting:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:
Árg. 1997 (8.b)	8	8	16
Árg. 1998 (7.b)	9	8	17
Árg. 1999 (6.b)	5	13	18
Árg. 2000 (5.b)	9	14	23
Árg. 2001 (4.b)	14	15	29
Árg. 2002 (3.b)	18	13	31
Árg. 2003 (2.b)	17	17	34
Árg. 2004 (1.b)	17	15	32
	97	103	200 (miðað við stöðu 1. september)

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Reynisdóttir	Iðjuþjálfari	þjálfun/kennsla/ráðgjöf
Aðalheiður Skúladóttir	Námsráðgjafi	ráðgjöf / kennsla
Agnes Þorleifsdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Ágúst Frimann Jakobsson	Skólastjóri	stjórnun
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur / textílmenn
Bryndís Björnsdóttir	Deildarstjóri	stjórnun/sérkennsla
Brynja Dögg Hermannsdóttir	Kennari	2.-3. bekkur / heimilisfræði
Elva Rósa Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	Ritari	afgreiðsla / upplýsingar
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Gunnar Smári Björgvinsson	Skólaliði	gæsla/ræsting
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson	Kennari	4.-5. bekkur / heimilisfræði
Gyða Björk Aradóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Hafdis Björg Bjarnadóttir	Þroskaþjálfari	þjálfun/kennsla/ráðgjöf
Halla Jóhannesdóttir	Kennari	2.-3. bekkur / myndmenn
Harpa Hrönn Gunnarsdóttir	Skólaliði	eldhússtörf
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Heimir Örn Árnason	Kennari	4.-5. bekkur / uppl. tækni
Helga Ólöf Finnbogadóttir	Skólaliði	eldhússtörf
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Forst.m. Frístundar	umsjón með Frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Inga Lilja Ólafsdóttir	Kennari	2.-3. bekkur
Ingibjörg S. Ingimundardóttir	Skólahjúkrunarfr.	(starfsm. heilsugæslu)
Ingólfur Valur Ívarsson	Umsjónarmaður	húsvarsla
J. Freydis Þorvaldsdóttir	Kennari	1. bekkur
Jón Eymundur Berg	Skólaliði	gæsla/ræsting
Karl Hallgrímsson	Kennari	8. bekkur / tónmenn
Kolbrún Eva Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Kolbrún Sigurðardóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Lilja Þorkelsdóttir	Kennari	1. bekkur
Sandra Mjöll Tómasdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Sigurlaug Jónsdóttir	Kennari	4.-5. bekkur / myndmenn
Snorri Bergþórsson	Kennari	íþróttakennsla / útiskóli
Yrsa Hörn Helgadóttir	Kennari	2.-3. bekkur / heimilisfr.
Þóra Ýr Sveinsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur / áhugasvið
Örlygur Þór Helgason	Kennari	íþróttakennsla



Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2010 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2010	Áætlun 2010	Mismunur	Notað. (%)
* Tekjur	-19,068,316	-10,609,000	8,459,316	179.74
* Laun og launatengd gjöld	123,855,622	124,804,000	948,378	99.24
* Vörukaup	16,823,192	6,610,000	-10,213,192	254.51
* Þjónustukaup	109,323,875	109,344,000	20,125	99.98
** Samtals	230,934,373	230,149,000	-785,372	100.34

Eins og sjá má voru nokkur frávik frá fjárhagsáætlun. Tekjur og vörukaup voru nokkuð vanáætlaðir flokkar, munar þar mest um tekjur og kostnað vegna mótuneytis. Í heildina fór rekstur skólans óverulega fram úr áætlun eða um 0,34%. Má nefna í því sambandi að kostnaður við rafmagn og hita varð samtals um 1.100.00 kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Þegar árið 2011 er hálfnað er útlit fyrir að reksturinn sé í járnnum, en gera má ráð fyrir að nýir kjarasamningar geti sett strik í reikninginn á síðari hluta ársins. Samþykkt áætlun ársins 2011 er sem hér segir:

Lyklar	Áætlun 2011
* Tekjur	-10,609,000
* Laun og launatengd gjöld	154,838,000
* Vörukaup	7,676,000
* Þjónustukaup	112,640,000
** Samtals	264,545,000

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru nokkuð í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifa kennarateymanna aftar í skýrslunni. Meðal þeirra heimsókna sem skólanum bárust sem heild má nefna eftirfarandi:

- Þorgerður Þráinsson rithöfundur kom og las fyrir nemendur.
- Starfsmannahópar úr Borgaskóla, Sjálandsskóla, Dalvíkurskóla, Snælandsskóla og Vesturbæjarskóla komu í heimsókn og kynntu sér starfið í skólanum.
- Nokkrar heimsóknir voru erlendis frá, á haustdögum kom til okkar hópur erlendra kennaranema frá ýmsum löndum, hópur danskra kennaranema kom og dvaldi hjá okkur einn dag, fjórir sænskir kennarar komu í heimsókn á vordögum og þegar skóla var lokið kom hópur skólafólks frá Randers í heimsókn og skoðaði skólann.
- Skólanefnd Akureyrarbæjar heimsótti skólann.
- Tveir kennaranemar á 1. ári komu í skólann í tvo daga, síðar um veturinn dvöldu fjórir kennaranemar í skólanum í viku við vettvangsnám. Tveir kennaranemar á lokaári voru í vettvangsnámi á haustönn, þroskaþjálfanemi og hjúkrunarfræðinemi voru einnig hjá okkur í vettvangsnámi.
- Nokkrir nemendur frá MA og VMA komu og kynntu sér skólann, stefnu og starfshætti auk þess sem sumir þeirra sáu um fræðslu fyrir nemendur um afmarkaða þætti og var þar um að ræða hluta af þeirra námi.

Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundir voru haldnar tvisvar í viku að jafnaði þar sem allir nemendur skólans komu saman. Sungnir voru söngvar af ýmsu tagi, skólastjórnendur nýttu stundum tækifærið til að koma á framfæri upplýsingum eða ábendingum og nemendur sýndu atriði af ýmsu tagi sem þeir höfðu æft, námshópar skiptust á að hafa atriði en einnig var nokkuð um að nemendur kæmu með atriði að eigin frumkvæði.
- Norræna skólahlaupið. Hlaupinn var hringur upp í Naustaborgir og til baka. Allir nemendur tóku þátt.
- Útivistardagur. Í september var einn dagur helgaður útivist, þá fóru allir nemendur og starfsmenn skólans í Naustaborgir þar sem dvalið var við ýmsa leiki og útivist.
- Böll. Tvisvar sinnum héldu eldri nemendur skólans böll, að auki var svo ball á vorhátíðinni í umsjón nemendaráðs.
- Kjörfundur. Nemendur 4.-8. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður og formlegar kosningar fóru fram.
- Rýmingaræfing. Brunakerfið prófað og skólinn rýmdur.
- Hæfileikakeppni nemenda. Fjórum sinnum yfir veturinn héldu nemendur í 4.-8. bekk hæfileikakeppni. Í þrjú skipti var um að ræða áhugasviðsverkefni nemenda sem fólst í að skipuleggja keppnina en aðrir nemendur komu með ýmis atriði til að sýna. Fjórða hæfileikakeppnin var svo í umsjón nemendaráðs og alfarið skipulögð af fulltrúum ráðsins. Þau kusu að kalla hana N-faktor og var hún haldin undir vorið með miklum glæsibrag.
- Litlujól. Litlujólin voru haldin á “hefðbundinn” hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
- Árshátíð skólans var haldin 24. febrúar. Á árshátíðinni voru fjórar sýningar, fyrst sýndu nemendur úr 1., 3. og 8. bekk, þá nemendur úr 1., 2. og 8. bekk, því næst 4-5b, og 6-7. bekkur og síðast 4-5., 6-7. og 8. bekkur. Kaffihlaðborð var eftir hverja sýningu. Árshátíðin tókst prýðilega og var góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
- Skíðadagur. Þann 23. mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér.
- Skólabúðaferð 7. bekkjar. 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 11.-15. apríl.
- Gisting í skólanum. 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
- Skólabúðaferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í þriggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
- Öðruvísi dagar. Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna bleikan dag, náttfatadag, ullarfatadag og höfuðfatadag.
- Þemadagar. Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum. Fyrsta skiptið var í desember og nefndust þeir dagar “umhyggju- og samvinnudagar”, en hitt skiptið var síðustu daga ársins og nefndust þeir “táp og fjördagar”. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá.



Kolfreyja sigurvegari N-faktor

- Nemendadagurinn. Föstudagurinn 28. janúar var með óhefðbundnu sniði en þá var svokallaður "nemendadagur". Fulltrúar í nemendaráði skólans höfðu áður skipulagt daginn en hann fölst í því að nemendaráðið tók við stjórn efri hæðar skólans og stýrði skólastarfinu hjá 4.-8. bekk fyrir hádegi. Var ýmislegt brallað og fengu starfsmenn m.a. að "kenna á eigin meðölum" og þurftu að þola útivist, gæðahring (bekkjarfund), danskennslu, íþróttakennslu og að taka þátt í hæfileikakeppni. Þetta var stórskemmtilegur dagur og er án efa kominn til að vera sem árlegur viðburður í Naustaskóla..
- Unicef-dagurinn. Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheimum foreldra og söfnuðu með því fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust liðlega 190.000 kr.
- Vorhátíð. Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd. Dagskráin var með þeim hætti að byrjað var í Naustaborgum með ýmsa leiki, pylsur o.fl. en svo fluttist dagskráin inn í skólann þar sem seldar voru kaffiveitingar, haldin var tombóla o.fl. og endað með böllum fyrir nemendur. Afar vel heppnuð hátíð.



Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:15 að morgni og lauk kl. 13:15 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kenndar voru 30x40 mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x30 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8. bekk voru í skólanum sem svarar 37x30 mínútum. Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótta- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti. Sýnishorn af stundaskrár námshópa má finna í viðauka þessarar skýrslu.



Skóladagatal

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F	13 M	13 L	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 L	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 Þ	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 Þ	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 F	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 L	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 S	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 S	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ	31 S	31 S	31 F	31 L	31 M	31 Þ	31 F	31 F	31 Þ	31 F

Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjóra, sem er staðgengill skólastjóra, og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Stjórnendur hafa með sér verkaskiptingu sem er í grófum dráttum eins og sést hér að neðan en hefur að öðru leyti verið í mótun.

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir


Umsjón með starfi í 4.-8. bekk

Umsjón með starfi í 1.-3. bekk

Starfsmannamál og fjármál

Stoðþjónusta

Skipurit



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Þá hefur skólaráð Naustaskóla einnig tekið þátt í umræðum um ráðningu millistjórna og kennara.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaárið 2010-2011 skipuðu eftirtaldir skólaráð Naustaskóla:

Ágúst Jakobsson skólastjóri, Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri, Brynja Dögg Hermannsdóttir fltr. kennara, Heimir Örn Árnason fltr. kennara, Gyða Björk Aradóttir fltr. starfsfólks, Sara Stefánsdóttir fltr. foreldra, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra, Björk Guðmundsdóttir fltr. hverfisnefndar, Hrannar Þór Róssarson fltr. nemenda, Tumi Hrafn Kúld fltr. nemenda.

Skólaráð fundaði 11 sinnum á skólaárinu, fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans.

Teymi - fundir

Kennarar skólans starfa í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynda eitt teymi, einnig kennarar í 2.-3. bekk, kennarar í 4.-5. bekk og kennarar í 6.-8. bekk. Teymin starfa sameiginlega að kennslu sinna nemendahópa og bera ábyrgð á skipulagningu hennar. Deildarstjóri starfar með teymum 1.-3. bekkjar en skólastjóri með teymum 4.-8. bekkjar. Þá starfa aðrir starfsmenn skólans einnig með teyminum eftir atvikum og funda reglulega með þeim.

Fyrirkomulag funda var með þeim hætti að einu sinni í viku var starfsmannafundur og í framhaldi af honum deildafundir (á mánudögum) og vikulega voru kennarafundir (á fimmtudögum). Eftir áramót var tekið upp það fyrirkomulag að þriðju hverja viku funduðu stjórnendur með hverju teymi fyrir sig og féllu deildarfundir niður þær vikur í staðinn. Þessir fundir stjórnenda með einstökum teyminum féllu í góðan jarðveg og voru afar gagnlegir og verður þeim tvímælalaust haldið áfram.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-8. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir:

Hrannar Þór Rósarsson 8. bekk - formaður

Tumi Hrafn Kúld 8. bekk

Brynjar Helgason 7. bekk

Ugla Snorradóttir 6. bekk

Freyr Jónsson 5. bekk

Bjarney Guðrún Jónsdóttir 4. bekk

Varamenn í nemendaráði voru:

Elvar Reykjalín 8. bekk

Erna Helgadóttir 7. bekk

Ásgeir Tumi Ingólfsson 6. bekk

Petra Reykjalín 5. bekk

Birgir Baldvinsson 4. bekk



Nemendaráð fundaði 6 sinnum yfir veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið setti sér starfsreglur sem jafnframt eru lög Nemendafélags skólans (reglurnar má finna á heimasíðu skólans), þá skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina N-faktor sem greint er frá hér framar í skýrslunni. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótþoltavöll o.fl. Fulltrúar 8. bekkjar sátu fundi skólaráðs fyrir hönd nemendaráðs.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmaður kennara var Gunnþór E. Gunnþórsson en trúnaðarmaður annarra starfsmanna var Gyða Björk Aradóttir. Öryggistrúnaðarmaður var Jón E. Berg.

Kennsluskipan

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem **”viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda”**.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Í starfsáætlun skólans 2010-2011 var að finna eftirfarandi lýsingu á kennsluskipan í skólanum:

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennsluvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka;

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir; Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, þrjá daga í viku er um langa samverustund að ræða (gæðahring/bekkjarfund) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, en tvo daga í viku er samverustund allra nemenda skólans þar sem þeir leika og syngja saman.

b) Vinnustundir; Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Þá vinna nemendur stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara (meira er um þessa aðferð eftir því sem nemendur eldast) en þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Þarna vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum.

c) Smíðjur; Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum ”smíðjum” þar sem kennarar skólans skipta með sér verkum í kennslunni og nýta sérþekkingu sína. Í smíðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt og upplýsingatækni auk þess sem þeir fá tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

d) Þemavinna; Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni



og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili verða ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn verður nemendum hins vegar blandað enn meira og þá vinna allir nemendur skólans að sömu þemu.

e) Íþróttir og sund; Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara einu sinni í viku í íþróttir í Íþróttahúsinu við Laugagötu en nemendur í 4.-8. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki fara svo allir nemendur einu sinni í viku í útiþróttir sem oftast eru kenndar á íþróttavelli skólans.

Segja má að þessi lýsing hafi staðist í öllum aðalatriðum. Nemendur gera vikuáætlanir frá og með 4. bekk. "Hringekjuform" hefur mikið verið nýtt í kennslunni í vetur með því er átt við stöðvavinnu þar sem nemendur færast milli viðfangsefna í litlum hópum. Nokkuð var um útikennslu en skólinn hefur samstarf við Naustatjörn og Lundarskóla um nýtingu "útikennslustofu" í Naustaborgum. Snorri Bergþórsson, sem sá að hluta um útikennslu í bæði Lundarskóla og Naustaskóla, fór öðru hvoru með litla hópa í útikennslustofuna, bæði með öðrum kennurum og án þeirra, þar sem unnið var að ýmsum verkefnum. Að öðru leyti vísast til greinargerða kennarateyma og kafla um mat á skólastarfinu.

Valgreinar

Nemendur í 8. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um fjórðung námsstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar eru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. Veturinn 2010-2011 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Heimilisfræði, hönnun og smíðar, upplýsingatækni, áhugasvið, tónmennt, myndmennt.

Í samstarfi við Brekkuskóla: Fatahönnun, myndlist, handbolti/körfubolti.

Í samstarfi við Lundarskóla: Útivist.

Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Tónlist og tölvur, handboltaskóli, útivist og hreyfing, myndlist.

Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu flestir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati var notast við svokallað "leiðsagnarmat" sem er hluti af kerfinu mentor.is. Skil með þessum hætti fóru fram tvisvar yfir veturinn, í byrjun janúar og við skólalok. Í fyrri tilfelli voru foreldrar beðnir um að setjast niður með nemendum og leitast við að meta með þeim hina ýmsu þætti skólastarfsins, bæði hvað varðar nám og félagslega þætti. Þótti okkur þetta fyrirkomulag gefa bærilegt yfirlit yfir stöðu nemenda en ljóst er að koma þarf námsmatsupplýsingum bæði tíðar og fjölbreyttar til foreldra og nemenda. Unnið var að því að lista upp námsmarkmið í íslensku og stærðfræði þar sem námi í skólanum er skipt upp í 20 þrep og má þá hafa sem viðmið að hver nemandi ljúki tveimur þrepum á hverju námsári, þó að sjálfsögðu geti hver og einn farið á sínum hraða. Eftir áramót voru þessi markmið tilbúin til notkunar í mentorkerfinu og hafa kennarar verið að prófa sig áfram með að meta nemendur m.t.t. markmiðanna og öðlast þannig yfirlit yfir stöðu bæði hvers og eins og

hópsins í heild. Þarna er um öflugt verkfæri að ræða og er hugmyndin að það geti nýst í framtíðinni til að gefa greinargóðar upplýsingar um stöðu nemenda. Áfram þarf að halda við að lista upp markmið í öðrum námsgreinum en einnig stöðugt að endurskoða og endurbæta þau markmið sem fyrir eru. Þá var í vetur unnið að skilgreiningum og stefnumótun varðandi notkun á námsmöppum og eru þær komnar í notkun að vissu marki á flestum stigum skólans. Að öðru leyti vísast til skrifa kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Leikskólinn Naustatjörn sá um matreiðslu fyrir Naustaskóla eins og áður. Starfsmaður frá Naustaskóla starfaði í eldhúsi að morgni en maturinn var svo fluttur yfir í hitakösum fyrir hádegið, skammtað var úr hitaborðum á hvorri hæð og nemendur mötuðust á kennslusvæðum þar sem ekki er um matsal að ræða í húsinu. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan varð að um 97 % nemenda voru skráðir í mötuneytið. Það er nokkur minnkun frá fyrra ári þegar allir nemendur voru skráðir. Starfsmannaskipti urðu í eldhúsinu milli ára, það olli nokkrum byrjunarerfiðleikum um haustið og má hugsanlega skrifa minnkaða þátttöku í mötuneytinu á það mál.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 79 % nemenda þá þjónustu, þar er líka um nokkra minnkun að ræða en á fyrra ári var nýtingarhlutfall 87%.

Frístund

Að lokinni kennslu gefst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, unnið í heimanámi, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Viðmiðunarreglur fyrir Frístund, gjaldskrá og fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru á bilinu 60-71 börn í Frístund.



Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn nokkuð af bókum og áfram hafa borist bókagjafir frá velunnurum skólans. Ritari skólans annast umsjón safnins og afgangið.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn eru staðsett á sömu lóð við Hólmatún 2 og hafa með sér töluverða samvinnu sem hefur gengið afar vel. Ein af deildum leikskólans



(Fífilbrekka) er til húsa innan veggja Naustaskóla, umtalsvert samstarf er milli Frístundar og Fífilbrekku, samstarf hefur verið milli Fífilbrekku og kennara 1. bekkjar vegna undirbúnings leikskólanemendanna undir grunnskólagönguna, stofnanirnar samnýta eldhús Naustatjarnar og þvottaaðstöðu í Naustaskóla, búnaður og húsgögn hafa verið samnýtt og lánuð milli húsa, fyrir hefur komið að starfsmenn hafa verið lánaðir milli stofnana, Naustatjörn hefur stutt við vinnu varðandi umhverfismál í Naustaskóla, og unnið er í samstarfi að innleiðingu agastefnu með tilheyrandi sameiginlegu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Endurmenntun og starfsþróun

Endurmenntun starfsmanna skiptist annars vegar í þætti sem teknir eru fyrir sameiginlega og hins vegar einstaklingsbundna þætti sem einstakir kennarar nýta sinn skilgreinda endurmenntunartíma í ár hvert. Unnið var samkvæmt endurmenntunaráætlun skólans, bæði fyrir starfsmannahópinn allan og einstaka hópa innan hans, en einnig höfðu einstakir starfsmenn hana til hliðsjónar við sínar endurmenntunaráherslur. Hér verður stiklað á stóru um þá þætti sem teknir voru fyrir.

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími
Jákvæður agi	Allir	Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum	2 dagar í ágúst, eftirfylgni og umræður um veturinn
Námsmat	Kennarar	Samræming námsmatsaðferða, notkun námsframvinduhluta mentor og samþætting við notkun á náms/ferilmöppum.	1 dagur í ágúst, umræður oftár um veturinn
Byrjendalæsi	Kennarar á yngri stigi	Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluáðferðin festist í sessi.	Smiðjur nokkrum sinnum yfir veturinn
Orð af orði	Kennarar á eldri stigi	Að kennarar í 4.-8. bekk læri að beita kennsluáðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.	Fundir nokkrum sinnum yfir veturinn
Notkun Numicon kubba	Kennarar á yngri stigi	Kynning á hugmyndafræði og notkunarmöguleikum Numicon kubbanna	Námskeið í ágúst
Sjálfsstyrking og tölvufærni	Skólaliðar og stuðn.fltr.	Styrkja skólaliða og stuðningsfulltrúa í starfi og kenna hagnýta tölvunotkun, vefpóst, mentor o.fl.	Námskeið í ágúst, eftirfylgni í mars
Lýðræði í skólastarfi	Allir kennarar	Að efla lýðræðisleg vinnubrögð innan skólans.	fræðslufundur í ágúst
Jafningjastuðningur	Stjórnendur / kennarar	Stjórnendur og kennarar nýti sér jafningjastuðning til starfsþróunar	heimsóknir kennara hver til annars á vorönn
Náms-samfélag	Stjórnendur / allir	Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla	Umræður, kynningar og lestur greina öðru hvoru um veturinn
Verndarar barna	Allir	Starfsmenn þekki einkenni ofbeldis og kynferðislegrar misnotkunar gagnvart börnum og séu upplýstir um viðbrögð	Námskeið í október
Andleg sjálfsvörn	Kennarar	Starfsmenn séu upplýstir um eigin tilfinningar og geti brugðist við álagi í starfi og einkalífi	Fyrirlestur í febrúar

Auk framantalins fóru einstakir starfsmenn á námskeið og sóttu ráðstefnur. Kennarar og þjálfar skiluðu yfirliti í lok skólaársins yfir þá endurmenntun sem þeir höfðu aflað sér og hvernig þeir höfðu nýtt þann tíma sem skilgreindur er í kjarasamningi til endurmenntunar og undirbúnings. Starfsþróunarsamtöl eru nýtt til að fara yfir endurmenntun starfsmanna og leggja línur um áframhald. Endurmenntunaráætlun skólans er að finna í starfsmannahandbók.

Rannsóknarverkefni um námssamfélag

Haustið 2009 fór af stað rannsóknar- og þróunarvinna í samvinnu Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ, og skólastjórnenda Naustaskóla. Rannsóknin mun standa yfir þriggja ára tímabil og miðar að því að rannsaka hvort ákveðin aðferð forystu stuðli að námssamfélagi, í hverju hún felist og hvernig megi standa að henni. Upplýsinga er aflað með ýmsu móti, s.s. með viðtölum, vettvangsathugunum, leshringjum, samræðum og niðurstöðum námsárangurs nemenda. Unnið er að stefnumótun, hugtök skilgreind, sett niður viðmið um árangur, þar sem m.a. er stuðst við niðurstöður úr viðtölum og samræmdum prófum.

Rannsóknin gagnast skólanum m.a. á þann hátt að skólastjórnendur fá mikla endurgjöf frá rannsakanda, gagnlegar spurningar, upplýsingar og leiðbeiningar. Unnið var skv. framkvæmdaáætlun um verkefnið en hún var svo endurskoðuð í júní 2011.

Umhverfismál

Segja má að fyrstu skref hafi verið stigin að því markmiði skólans að uppfylla skilyrði um Grænfánann þó að enn hafi ekki verið formlega sótt um þá viðurkenningu. Í vetur höfum við haldið áfram að flokka pappír og hefur ritari skólans leitt þá vinnu. Naustatjörn hefur veitt okkur aðgang að ýmsu efni sem þau hafa unnið s.s. merkingum og plakötum með ýmsum ábendingum varðandi umhverfismál og hafa þær verið hengdar upp á viðeigandi stöðum. Næsta haust mun verða tekin upp flokkun í samræmi við nýjar reglur Akureyrarbæjar um flokkun úrgangs frá heimilum og stofnunum.

Jákvæður agi - bekkjarfundir

Sú uppeldisstefna sem lögð er til grundvallar í Naustaskóla nefnist “Jákvæður agi”. Stefnan byggir á svokallaðri “sjálfsstjórnarkenningu”, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum. Grundvallaratriði í stefnunni er markviss notkun gæðahringja (bekkjarfunda) til að þjálfa nemendur í samskiptum og æfa þá í að finna sameiginlega lausnir á þeim málum sem upp koma. Finna má nánari upplýsingar um stefnuna á vef skólans http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi

Á haustdögum var haldið u.þ.b. 8 klst námskeið fyrir alla starfsmenn skólans. Var þar um að ræða samstarfsverkefni Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla. Þeir starfsmenn skólanna sem höfðu sótt námskeið um agastefnuna til New Jersey í maí 2010 hjálpuðust að við framkvæmd námskeiðsins. Þessu var svo fylgt eftir með umræðum á fundum, með því að útvega kennurum þýðingu á ýmsum verkefnum sem nýtt voru með nemendum, þá stóðu skólarnir sameiginlega að hönnun og prentun veggspjalda sem komið hefur verið fyrir á veggjum skólans og eru þau til þess fallin að minna starfsmenn og nemendur á ýmsa þætti stefnunnar. Skólarnir fengu sameiginlega styrki úr Sprotasjóði og Vonarsjóði, alls 1.050.000 árið 2010 og sömu upphæð árið 2011. Styrkir ársins 2010 voru aðallega nýttir til ferðar fulltrúa skólanna á námskeið í USA og til hönnunar og prentunar veggspjaldanna. Styrkur ársins 2011 fer að stórum hluta til námskeiðshalds haustið 2011 en þá mun koma fyrirlesari frá Ameríku sem heldur 2ja daga námskeið fyrir kennara skólanna. Skýrslur um innleiðingu JA verða birtar á vefsíðum Vonarsjóðs og Sprotasjóðs.

Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Helstu liðir í þessu samstarfi sl. skólaár voru eftirfarandi:

- Ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur í skólabyrjun. Í viðtölunum var rætt um markmið, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Í byrjun október var kynningardagur þar sem haldnir voru kynningarfundir fyrir foreldra.
- Í tengslum við námsmat um í desember voru foreldrar beðnir um að setjast niður með börnum sínum, meta nám, líðan o.fl.
- Formlegir viðtalsdagar voru í upphafi skólaársins og í janúar, að auki var boðið upp á viðtöl í nóvember og mars.
- Samskipti áttu sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða var til.
- Skipaðir voru bekkjarfulltrúar og í flestum árgöngum stóðu þeir fyrir bekkjarkvöldum eða annars konar samveru nemenda- og foreldrahópsins. Þeir voru þó misjafnlega virkir eftir árgöngum eins og gengur.
- Aðalfundur Foreldrafélags skólans var haldinn 13. september. Stjórn þess fundaði nokkrum sinnum yfir veturinn og styrkti m.a. vorhátíð skólans.
- Opin vika var í október þar sem foreldrar voru hvattir til að kíkja við í skólanum. Þónokkuð var um heimsóknir, mest þó á yngra stiginu. Þar fyrir utan er töluverður hópur foreldra duglegur að kíkja við í heimsókn án sérstaks tilefnis.
- Skólastjóri sendi mánaðarleg fréttabréf með tölvupósti til foreldra, heimasíða var vel virk og nýtt til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum. Kennarar nýttu einnig tölvupóst mikið til upplýsingamiðlunar og samskipta, kennarateymi sendu út vikulega upplýsingapósta á föstudögum.
- Foreldrar styrktu töluvert við skólastarfið með sjálfbóðaliðastörfum. Má þar nefna að foreldrar mönnuðu nær alfarið gangbrautavörslu að morgni, þeir tóku þátt í skólabúðaferðum og gistingu nemenda

Í heildina tekið er óhætt að segja að samstarf skólans og foreldra hafi verið afar gott og lofi góðu um framhaldið. Starfsfólk skólans fann fyrir afar miklum velvilja og stuðningi frá foreldrum sem augsýnilega vilja skólanum sínum allt hið besta.

Námsgögn

Námsgögn fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Nemendur/foreldrar þurftu hins vegar að útvega skriffæri og annað sem segja má að tilheyri pennaveskjum nemenda. Foreldrar nemenda í 1.-3. bekk þurftu að greiða 2.800 kr. en nemendur í eldri bekkjum 4.000 kr. Ákveðið hefur verið að halda þessu fyrirkomulagi áfram en að skólinn fari að nýju að versla öll námsgögn fyrir nemendur í 1.-3. bekk og einnig liti o.þ.h. fyrir eldri nemendur. Þetta er gert til þæginda en einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti og ljóst að nokkrir peningar sparast fyrir foreldra.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemendi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sátu veturinn 2010-2011 skólastjóri, deildarstjóri og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funduðu reglulega með ráðinu sálfræðingur (Tryggvi Ingason), starfsmaður barnaverndar (Þorleifur Nielsson) og sérkennsluráðgjafi (Elín Sigurbjörg Jónsdóttir) frá Akureyrarbæ. Þessir aðilar önnuðust jafnframt ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu við skólann.

Nemendaverndarráð fundaði að jafnaði á fimmtudögum kl. 8:45

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ingibjörg S. Ingimundardóttir. Hún var í 28% starfi við skólann og hafði viðveru á þriðjudags-, fimmtudags- og föstudagsmorgnum.

Námsráðgjöf

Aðalheiður Skúladóttir er náms- og starfsráðgjafi við skólann í 40% starfi. Helstu verkefni námsráðgjafa eru að veita nemendum og foreldrum ráðgjöf varðandi námið og skipulag þess. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á annari hæð skólans.

Sjá greinargerð námsráðgjafa síðar í skýrslunni.

Stuðningskennsla / þjálfun

Bryndís Björnsdóttir, deildarstjóri, hefur annast umsjón með stoðþjónustu skólans og stuðningskennslu og kennsluskylda hennar (8 kst) hefur nýst á því sviði. Hún hefur unnið með kennurum að því að aðlagja námsefni og finna einstaklingsbundnar lausnir auk nokkurrar þjálfunar- og greiningarvinnu.

Við skólann starfar iðjuþjálfari í 60% starfi og þroskaþjálfari í 75% starfi. Starfssvið þeirra er að vinna með teyminum skólans, að þjálfun og stuðningi bæði við einstaka nemendur, námshópa og einnig að styðja kennara í starfi með ráðgjöf og eftirfylgni í einstökum málum er varða bæði einstaklinga og námshópa. Þroskaþjálfari hefur sl. vetur að mestu starfað með teymi 1. bekkjar en iðjuþjálfari starfar þvert á teymi (sjá greinargerð iðjuþjálfara síðar í skýrslunni).

Við skólann hafa starfað fjórir stuðningsfulltrúar, einn með hverju teymi í skólanum.

Skýrslur starfsmannahópa

Skýrsla kennara í 1. bekk

Um haustið byrjuðu 32 börn í 1.bekk, 17 drengir og 15 stúlkur. Eftir áramót fækkaði nemendum um þrjá, einn dreng og tvær stúlkur. Starfsfólk tengt 1.bekk voru Jóhanna Freydis Þorvaldsdóttir umsjónarkennari, Lilja Þorkelsdóttir umsjónarkennari, Hafdis Björg Bjarnadóttir þroskaþjálfari og Sandra Mjöll Tómasdóttir stuðningsfulltrúi. Þar sem markmið skólans er teymisvinna skiptu meðlimir teymisins með sér verkum við kennslu.

Fyrirkomulag kennslu:

Í fyrsta bekk er unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og öllum námsgreinum fléttað saman í þemu. Mikið var unnið í hringekjum þar sem nemendum var skipt í 3-5 hópa (allt eftir viðfangsefni) og rúlluðu þessir hópar á milli stöðva yfir daginn.

Fyrsta þema haustsins var nærumhverfið og notuðum við bókina Asnaskóli til þess. Þar tókum við fyrir skólaumhverfið og reglur, lögðum áherslu á samvinnu og stafi. Í næsta þema tókum við fyrir dreka og unnum með það viðfangsefni í fjórar vikur. Helstu áherslur voru á stafavinnu, lestur og ritun. Við tókum því næst fyrir skessur og tröll, notuðumst við fjórar mismunandi bækur í fjórar vikur. Áherslurnar voru fyrst á rím og málörvun, næst kom fjölskyldan, skrift og lestur, síðan orðavinna og vináttan. Í kjölfarið tókum við tveggja vikna Grýluþema með áherslu á rím og ritun. Til þess notuðum við Grýlukvæði Jóhannesar úr Kötlum. Í desember byrjuðum við á jólaþema þar sem við notuðum Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum og þar snerust markmiðin m.a. um samnöfn/sérnöfn, samsett orð, ritun og fleira. Strax eftir áramótin byrjuðum við á álfþema og breyttum þá um stíl og fórum meira að vinna eftir söguaðferðinni, þar var um að ræða þriggja vikna þema. Krakkarnir byrjuðu á hugstormun um álfa og gerðu sitt eigið hugtakakort um álfinn sinn. Nemendur unnu svo áfram út frá hugtakakortinu, gerðu m.a. sögu um álfinn, teiknuðu hýbýli hans, lærðu álfadans og fl. Áherslan var á framkomu, ritun og að kynnast ýmsum þjóðsögum. Þemað endaði á kaffihúsaboði fyrir foreldra með 2.-3. bekk þar sem nemendur sýndu dans og sungu.



Í lok janúar byrjuðum við á stóru þema um líkamann sem náði yfir fimm vikur. Inn í þessar vikur kom árshátíð og æfingar. Markmiðin voru að læra helstu staðreyndir um líkamann og hvernig hann starfar, hvernig við verðum til, um mataræði, ritun og lestur. Í byrjun mars vorum við með áhugasviðsþema þar sem nemendur gátu valið hvort þeir vildu læra um íslensk dýr, risaeðlur eða útlend dýr. Við lögðum mikla áherslu á ritun í þessu þema og lestur fræðibóka. Við kynntum fyrir þeim söguorminn þar sem áherslan er á uppbyggingu sögu þ.e. byrja á persónusköpun, því næst umhverfi, síðan vandi og loks lausn vanda. Við kynntum einnig fyrir þeim uppbyggingu fræðitexta og í lokin unnum við heilmikið veggverkefni um dýrin og heimkynni þeirra ásamt því sem nemendur unnu sinn eigin fræðitexta. Lokapemað okkar var svo samkrull af umhverfinu þar sem við lærðum helstu umferðarreglur, umferðamerki, form, fræddumst um árstíðirnar, tímann og fleira. Á vordögum fórum við heilmikið út, bæði í vettvangsferðir og bara til þess að leika saman.

Nemendur fengu tvo íþróttatíma á viku og einn sundtíma og var annar íþróttatíminn alltaf útiþróttir. Tónmennt var kennd einu sinni í viku þar sem nemendahópnum var skipt í tvennt og fékk hvor hópur 30 mínútur. Tónmenntakennari kom af og til á svæðið

okkar aukalega og spilaði og söng með okkur. Einu sinni í viku skiptum við nemendum í þrjá hópa þar sem allir fengu verkgreinakennslu (heimilisfræði / textílmennt / smíði) á móti lífsleikni og stærðfræði. Stærðfræðikennsla fór að öðru leyti fram í hringekjum og einnig myndmenntakennsla í tengslum við þema hverju sinni. Bekkjarfundir voru einu sinni í viku og notuðum við lífsleikninámsefnið Vinir Zippýs sem byggir á umræðum. Eftir áramót bættust við fundir í lok dags sem við köllum Gæðahring.

Þrír nemendur fengu sérstakrar einstaklingsnámskrár sem voru kynntar fyrir foreldrum og unnið var eftir í teyminu.

Samvinna með 2.-3. bekk.

Í drekaþemanu fyrst um haustið unnum við einn dag með 2.-3. bekk og gekk það afskaplega vel. Kennarar settu upp 10 stöðvar, skiptu öllum nemendum upp í 10 hópa og svo færðust nemendur á milli stöðva og unnu verkefni. Þar sem við vorum að vinna svona í fyrsta skipti voru allar stöðvar einhverskonar föndur eða leikjastöðvar og mikil gleði ríkti hjá öllum við þessa vinnu, við gerðum m.a. stóran dreka og drekahelli.



Í lok október fórum við í sameiginlegt þema með 2.-3. bekk þar sem allt gekk út á að laga b-p-d rugling nemenda. Krakkarnir völdu sjálf á hvaða stöðvum þau unnu, fóru á milli og unnu verkefni eða spiluðu þar sem allt miðaðist við að kenna munin á b-p-d. Í Grýluþemanu unnum við í tvo daga með 2. og 3. bekk þar sem unnið var mikið með rím og föndur.

Námsmat

Í 1. bekk var notað símat og leiðsagnarmat. Lögð voru fyrir þrjú læsipróf, tvær skriftarkannanir, þrjú lestrarpróf/stafakannanir og reglulega munnlegar kannanir fyrir íslensku og stærðfræði.

Foreldrasamstarf

Við byrjuðum haustið á 30 mínútna viðtölum við foreldra og barn. Þann 1. mars boðuðum við svo öll börn og foreldra aftur í viðtal og tókum stöðuna. Foreldrasamstarfinu var þannig háttað að við sendum tölvupósta eftir þörfum og héldum fundi þegar þörf var á. Á föstudögum var sendur heim tölvupóstur um það sem var á dagskrá hjá okkur í vikunni sem leið og hvað var framundan í þeirri næstu. Upplýsingum var komið til foreldra um hvernig hægt væri að vinna heima með nemendum t.d. varðandi stafakennslu og fleira, þar sem heimanám sem slíkt var ekki sent heim fyrir utan heimalestur. Skólafærninámskeið var haldið 22. september þar sem foreldrum var kynnt starfið og kennsluhættir. Í byrjun nóvember buðum við foreldrum í heimsókn til þess að ljúka við tröllapemað okkar, sýndum samveruatriðið okkar og spjölluðum. Í byrjun desember buðum við foreldrum aftur og þá í kaffi til okkar. Við höfðum þann háttinn á að foreldrar drengja komu í heimsókn kl 9:00 á föstudagsmorgni og snæddu dýrindis smákökur og konfekt sem börnin höfðu bakað. Foreldrar stúlkna komu svo í heimsókn kl 10:00, sátu saman og spjölluðu og gæddu sé á veitingum.

Eftir áramótin buðum við foreldrum svo enn í heimsókn eftir vinnu með 2. og 3. bekk. Við höfðum tekið stórt álfapema og lærðum þar skemmtilegan álfadans sem við sýndum foreldrum á þessum degi. Síðan var kaffi og meðlæti.

Einn daginn kom foreldri til okkar og sýndi ýmsar gerðir af fiskum og öðrum sjávardýrum sem var virkilega áhugavert og skemmtilegt.



Vettvangsferðir

- Fórum í Lystigarðinn á haustdögum og lékum okkur þar í góða stund.
- Síðan fórum við í Naustaborgir og skoðuðum okkur um og leituðum að álfum. Út frá þeirri heimsókn unnum við skemmtilegt líkan af Naustaborgum.
- Í nóvember var farið í sleðaferð í Naustaborgir og þar drukkum við kakó og borðuðum snjó.
- Í lok mars var útivistardagur í skólanum og fóru allir í sleða/skiðaferð í Hlíðafjall.
- Við fórum í þrígang í heimsókn á Amtsbókasafnið og sóttum okkur bækur til að nota í þemum.
- Eftir páskafrí fórum við í Naustaborgir og sóttum okkur efnivið í flokkunarvinnuna í stærðfræði.
- Í byrjun maí, í umhverfispema, fórum við í heimsókn í endurvinnsluna og fræddumst þar um hvað verður um það rusl sem til fellur hjá okkur.
- Um miðjan maí fórum við í vettvangsheimsókn í kirkjugarðinn og lukum þar með Zippý-vinnu vetrarins. Ræddum um söknuð, missi og breytingar.
- Í lok maí fórum við í ísferð í Brynju.

Uppákomur

- Fjórum sinnum vorum við með skemmtiatriði á samverustund og tókst vel. Við buðum upp á söng, dans, fimleikaatriði og hljóðfæraleik.
- 21. október fórum við í Hof og sáu verknið Pétur og úlfurinn.
- 24. febrúar var árshátíð skólans og atriðið frá fyrsta bekk sem tengdist Bakkabraðrum, tókst einstaklega vel.

Mat á starfinu með hliðsjón af könnun meðal foreldra

Góð svörun var frá 1. bekk og virðast foreldrar yfir heildina vera nokkuð sáttir. Foreldrum virðist vanta meiri upplýsingar um námslega stöðu barna sinna og einu foreldri þykir skólinn ekki koma til móts við þarfir barnsins síns, sem er miður. Einnig er slæmt að sjá að ekki séu gerðar eðlilegar námskröfur að mati eins foreldris og að einu barni líði ekki vel í skólanum. Könnunin sýnir að foreldrar vilja að kennarar hafi oftari samband þegar vel gengur hjá börnum þeirra.

Það sem hefur gengið vel

Skipulag kennslu hefur gengið mjög vel og öll samskipti hafa verið góð innan teymisins. Misjafn bakgrunnur og reynsla teymismeðlima hefur nýst vel í starfinu í vetur og teljum við að við höfum nýtt hæfileka og krafta allra í teyminu nokkuð vel. Nemendahópurinn er einstaklega vel samansettur og námsárangur varð mikill. Mikið var um fjölbreytta kennsluhætti og námsaðlögun gekk vel.

Það sem hefur gengið miður

Erfitt var að finna sameiginlegan samráðstíma fyrir alla í teyminu sem hafði áhrif á upplýsingaflæði. Einn teymismeðlimur var í hlutastöðu og hafði það áhrif m.a. á upplýsingar og þátttöku í ákvörðunum varðandi skipulag kennslunar.

Það sem þarf að hafa í huga næsta vetur

Tryggja þarf fasta samráðstíma allra teyma. Gæta þess að foreldrar séu betur upplýstir um námslega framvindu, þ.e. skýrara námsmat og vitnisburð. Muna þarf að senda jákvæðar upplýsingar heim um nemendur, jákvæðni elur af sér jákvæðni. Gaman væri að fá foreldra meira til samstarfs, t.d. aðstoða við ýmislegt í skólanum, vera með „sýnikennslu“, segja frá einhverju skemmtilegu/áhugaverðu og fara t.d. í vinnustaðaheimsóknir.

Skýrsla kennara í 2.-3. bekk

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi nemenda: 64

Í árgang 2002 voru 30 nemendur skráðir. Einn nemandi var frá vegna veikinda í allan vetur, á sjúkrahúsi fram á vorið en kom þá heim og fékk heimakennslu á vordögum.

Í árgang 2003 voru 34 nemendur skráðir. Einn nemandi hætti í desember.

Drengir fæddir 2002: 19 Stúlkur fæddar 2002: 11

Drengir fæddir 2003: 17 Stúlkur fæddar 2003: 17

Starfsmenn

Agnes Þorleifsdóttir stuðningsfulltrúi 60% starfshlutfall

Brynja Dögg Hermannsdóttir kennari 100% starfshlutfall

Halla Jóhannesdóttir kennari 100% starfshlutfall

Inga Lilja Ólafsdóttir kennari 85% fram í febrúar en fór þá í 100% starfshlutfall

Yrsa Hörn Helgadóttir kennari 100% starfshlutfall

Stuðningsfulltrúi var nýttur fyrir alla þá nemendur sem þurfti að hafa afskipti af.

Kennslufyrirkomulag

Stærstan hluta vetrar skiptum við nemendum í 3-4 námshópa (þ.e. 3-4 krókar). Í krókunum fóru fram innlagnir, gæðahringir 2x í viku, lestur framhaldssögu og spjall um það sem á okkur brann þá stundina. Hópunum var reglulega skipt upp og kennarar skiptu einnig um króka. Þegar leið á vorið var ákveðið að prófa að hafa þrjá námshópa og einn kennara þar með á „lausu“. Hlutverk þess „lausa“ var þá að sinna þeim nemendum sem einhverra hluta vegna voru á flakki eða þurftu meiri aðstoð t.d. í lestri. „Lausi“ kennarinn tók líka að sér að skoða samkennara sína út frá markmiðum sem þeir höfðu sett sér. Þetta fyrirkomulag reyndist vel og við mælum hiklaust með því að allir prófi sambærilegt fyrirkomulag.



Það tók okkur svolítinn tíma að finna okkar fyrirkomulag í kennslunni sem okkur fannst henta hópnum. Þegar við byrjuðum að nota hringekjur sáum við að þær gengu vel og þær urðu þar með fastur liður í vinnunni okkar. Í hringekjum var unnið á sex stöðvum (sjálfstýrandi eða kennarastýrðum), 20-30 mínútna lotur á hverri stöð með 12-15 nemendum í hóp. Hóparnir voru ýmist blandaðir eða kynjaskiptir. Verkefni voru fjölbreytt, skrifleg

og verkleg, þ.e. mikil hreyfing og uppbrót fyrir nemendur. Miðvikudagar skáru sig úr að því leyti að þá höfðum við árgangaskipta hópa á móti íþróttakennslu. Þann tíma nýttum við aðallega í að leggja inn nýja námsþætti í stærðfræði, það gekk mjög vel vegna smæðar hópsins og auðvelt var að getuskipta og sinna þörfum nemenda. Unnið var að markmiðum (markmiðalistar eru á mentor) og áætlun að leiðum var samin í kringum hvert markmið en yfirleitt var unnið samtímis með fleiri en eitt markmið í einu (sjá áætlanir)

Skipulag námsins

Íslenska: Byrjendalæsi átti hug okkar allan í vetur í íslenskukennslunni. Allir námsþættir íslenskunnar voru unnir í anda þess, auk þess sem stærðfræði og samfélagsfræði fléttuðust þar inn í.

Eftirfarandi bækur voru notaðar sem gæðatextar - markmið fylgja:

Nú blánar yfir berjamó og Könguló, Könguló vísaðu mér á berjamó.

Markmið: stafróf og sérhljóðar og samhljóðar, sóknarskrift

Landnámið, Leifur Eiríksson á ferð með Leifi heppna, Komdu og skoðaðu Landnámið, Krummi segir sögur, Víkingarnir koma.

Samfélagsfræðimarkmið: Að setja sig í spor landnema, samgöngur. Hvers vegna flutti fólk? Hvað þurfti að skilja eftir? Hvað sjáum við fyrst af nýju landi? Lífið um borð í víkingaskipunum.

Íslenskumarkmið: að draga til stafs og hafa bil á milli orða, leitarlestur, ritun og sögugerð, knörr leiruð, kortagerð og ýmislegt verkleg úrfærsla.

Gagga og Ari

Markmið: kyn nafnorða og n og nn reglan.

Evrópa

Markmið: leitarlestur, lýsingarorð.

Markmið í samfélagsfræði: Læra nafn á einu landi, læra nafn á höfuðborg þess lands, Hvaða tungumál er talað, hvernig eru fánalitirnir, hvað heitir þjóðhöfðinginn. Enduruppbygging: Veggspjald unnið þar sem ofangreindir þættir voru skráðir. Foreldrum boðið í heimsókn á kynningu.

Eurovision stefið

Markmið í samfélagsfræði: Af hverju Eurovision, hvaða lönd taka þátt, löndin 5 sem keppa alltaf til úrslita. Vangaveltur um hvaða land er sigurstranglegast.

Útileikir – Vísan Hvað kanntu að vinna?

Markmið: Leikjareglur, sagnorð og rím

Lestur

Mikil áhersla var á lestur í vetur og ætlast var til að börnin læsu heima á hverjum degi. Nemendur lásu í skólanum eins oft og kostur var. Þegar leið á veturinn var nemendum skipt í fjóra getuskipta lestrarhópa þar sem verkefnin voru sniðin að þörfum hvers hóps. Unnið var í lestrarhópunum 2x í viku og m.a. kenndar mismunandi lestraraðferðir. Áhersla var á lestrarhvetjandi umhverfi.

Samfélagsfræði

Verkefni samfélagsfræðinnar tengdust allaf vinnu okkar í Byrjendalæsi, þar sem gæðatexti var hafður til hliðsjónar og notaður til að leggja inn og vekja áhuga nemenda. Eftirfarandi þemu voru unnin í samfélagsfræðinni.

- Berja- /köngulóþema („Nú bláanar yfir berjamó“ e. Guðmund Guðmundsson og könguló, könguló vísaður mér á berjamó)
- Vináttuþema (Vísan „Vináttan“ e. Hjálmar Freysteinnsson)
- Landnámsþema
- Evrópuþema – Eurovision



Foreldrasamstarf

Vikulegir fréttapóstar fóru heim. Í þeim var rifjað upp það starf sem unnið hafði verið og tiltekið það sem átti að vinna vikuna á eftir. Þar voru tiltekin markmiðin sem vinna átti að og einnig var bent á leiðir til að vinna eftir heima – heimavinna ☺.

Fundir með nemendum og foreldrum voru haldnir eftir skóladagatali. Sýnismappa var nýtt í viðtölum.

Fundir vegna mála sem sneru að einstökum nemendum voru haldnir reglulega með foreldrum.

Hópfundir með foreldrum voru haldnir 2x á vordögum vegna hegðunarörðugleika ákv. nemandahóps. Í kjölfarið komu flestir foreldrar í heimsókn til okkar. Þetta gafst vel og hafði góð áhrif á þennan afmarkaða hóp nemenda – ákveðinn rammi og betra utanumhald, meira samstarf milli heimilis og skóla.

Póstar vegna ákveðinna nemenda fóru heim daglega. Umræða skapaðist um að hvetja foreldra til að vera duglegri að svara póstum (t.d. með því að svara móttekið).

Stærðfræði: Námsfni vetrarins í stærðfræði var Sproti 2B og 3A ásamt Við stefnum á margföldun og Í undirdjúpunum (samlagning, frádráttur, margföldun og deiling). Kennislaðferðir voru fjölbreyttar. Nýir námbættir voru lagðir inn í hreinum árgöngum og svo unnið áfram með viðkomandi námsþátt í hringekju, bæði verklega og bóklega, inni sem úti.

Heimavinna: Var í formi heimalestrar þar sem foreldrar fengu upplýsingar í föstudagspósti um markmið vikunnar og hugmyndir um hvernig hægt væri vinna með textann heima með börnunum.

Námsmat: Leiðsagnarmat haust/vor, læsispróf, hraðlestrarpróf, munnlegt mat, skriflegar kannanir og kannanir í formi hugtakakorta, Ritun metin jafnóðum og verkefni nem. skoðuð. Skrift metin jafnóðum. Námsmat var alltaf aðlagð að þörfum og getu nemenda.

Vettvangsferðir og upptákómur:

- Ferð skólans upp í Naustaborgir
- Drekafringekja – sameiginleg vinna á neðri hæð, úti og inni (7.-8. okt.)
- Oddeyrarskóli – 2. bekkur, brúðuleikhús á vegum blátt áfram (12.okt.)
- Hof, brúðuleikhús – Pétur og úlfurinn (21.okt.)
- Hringekja – (Drekaþema) samstarf neðri hæðar. (21.okt.)
- Þorgrímur Þráinsson. las upp úr bókum sínum (28. okt.)
- Slökkviliðið í heimsókn – 3. bekkur (22. nóv.)
- Stöðvavinna í Naustaborgum (25. nóv.)Foreldraheimsókn – 2.-3. bekkur söng Klementínudans Halldórs Laxness og Breki galdradreki í tengslum við þema (1. des. – fánadagur)
- Ferð námshópsins á Minjasafnið fyrir jólin (6.-10. des.)
- Hringekja (Grýluþema) - samstarf neðri hæðar (13.-14. des)
- Kertaganga skólans upp í Naustaborgum á aðventunni (14.des.)
- Stærðfræðihringekja – samstarf neðri hæðar (6.-7. jan.)
- Kaffihús neðri hæðar þar sem nemendur tróðu upp – for. boðið í heimsókn. 2.-3. bekkur með söngatriði (föstudandsins Freyja og Táp og fjör og frískir menn) (21. jan.)
- Árshátið Naustaskóla 2.-3. bekkur með leikrit „Unugata“ í tengslum við byrjendalæsi (24. feb.)
- Inga hjúkrunarkoma fræddi börnin um „svefn og hamingju“ (22.mars)
- Útivistardagur í Hlíðarfjalli (23.mars) – allur skólinn
- Aðalheiður námsráðgjafi – 3. bekkur, sýndi myndina Leyndarmálið (21.mars)
- Sandor Matuz (foreldri barns í 3. bekk) kom og sagði okkur frá heimalandi sínu Ungverjalandi í tengslum við Evrópuþema (9. maí)
- Evrópu kynning 2.-3. bekkjar fyrir foreldra (18. maí)
- Unicef dagurinn (23. maí) Stöðvar úti í öskufalli☺
- Vorþema – stöðvavinna inni og úti. Hópastípting þvert á árganga (30.-31.maí)
- Ferð skólans í Kjarnaskóg á hópeflisdegi (nýir námshópar) - frjáls leikur og grillaðar pylsur (1. júní)



Um námshópinn sérstaklega:

Námshópurinn okkur var fjölbreyttur, stór og krefjandi. Mikill tími fór í að koma til móts við einstaklinga sem áttu við sértæk vandamál að stríða þ.e. ramma þá inn og vinna með þá á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Agavandamál lituðu skólastarfið talsvert í vetur. Með þau mál var unnið í gæðahringjum og í samvinnu við skólastjórnendur og foreldra. Þegar á heildina er litið hefur þó nokkuð áunnist í þessum efnum en betur má ef duga skal.

Hvað hefur gengið vel

- Skipulag kennslunnar gekk mjög vel þegar allt var komið í fastar skorður.
- Árangur nemenda í lestri sem við þökkum fjölbreyttum aðferðum Byrjendalæsis og lestrarhvetjandi umhverfi.
- Teymisfundir með stjórnendum sem og daglegir fundir teymis í kjölfarið þegar þeir voru haldnir.
- Fyrirkomulag stærðfræði þróaðist í rétta átt og gekk mjög vel, var áhugahvetjandi fyrir nemendur.
- Markmiðsetningin og sú hugsun sem býr að baki var mjög jákvæð, líka gagnvart nemendum þ.e. þeir mun meðvitaðari um þau markmið sem verið var að vinna að.
- Foreldraheimsóknir skiluðu sér í betra utanumhaldi, bættri hegðun og nánari samvinnu heimila og skóla.

Hvað hefði mátt ganga betur/ hafa í huga fyrir næsta vetur

- Verkaskipting teymis: hlutverk ættu að vera skýrari.
- Fara fyrir af stað með teymisfundi með stjórnendum.
- Vantar samræmd úrræði þegar upp koma erfið hegðunar /agamál e.t.v. verkfæri úr jákvæðum aga sem ekki hafa verið nýtt sem skyldi.
- Gera kröfu á að öll teymi skili annaráætlun.
- Mentor námskeið að hausti fyrir foreldra.
- Upplýsa foreldra betur um stefnu skólans og fyrir hvað hann stendur.
- Skráning í mentor um atvik sem varða nemendur þarf að koma frá fyrstu hendi þ.e. allir starfsmenn skólans skrá mentorfærslur (lausn e.t. v. sérstök starfsmannatölva).
- Leggjum til að fyrirhuguð vinna með möppur sé endurskoðuð og metin að nýju.
- Fastur tími á undirbúning fyrir stuðningsfulltrúa með teymi (svigrúm og sveigjanleiki :o)
- Hæfileikar starfsfólks séu betur nýttir – nudd, dans o.s.frv.
- Kennarar ættu að vera duglegri að senda jákvæð skilaboð heim með nemendum.
- Virkja foreldra meira í undirbúningi og framkvæmd vorhátíðar/hverfishátíðar.
- Útimarkaðurinn á vorhátíð/hverfishátíð.
- Gaman væri að fá falleg landakort á hvert svæði.

**Að lokum**

Ef litið er um öxl hefur veturinn verið mjög lærdómsríkur. Skólinn okkar er í stöðugri sókn og verður orðinn stór og sterkur áður en langt um liður. Lífið er dásamlegt :o)

Skýrsla kennara í 4.-5. bekk

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í 4-5. bekk voru 52. Umsjónarkennarar voru þrír, sem skiptu 52 nemendum á milli sín, og einn stuðningsfulltrúi sem sinnti ýmsum stuðningi við nemendur.

Skipting milli kynja: stelpur voru 31 á móti 21 strákr.

Árgangaskipting: Í 4.bekk voru 29 nemendur og 23 nemendur í 5.bekk.

Mætingin í vetur var mjög góð í heildina. Einstaka nemendur mættu oft of seint, alltaf sömu nemendurnir sem foreldrar vissu af. Það hjálpaði þó ekki til. Varðandi ástundum fannst okkur mætingin í sund vera nokkuð góð miðað við í fyrra. En það bar nokkuð á því að krakkar kæmu ekki með sundföt og því miður voru það alltaf sömu börnin. Það eru hugmyndir um að hafa aukasundföt í skólanum og þá komast nemendur síður upp með að sleppa sundi.

Skipulag námsins

Stundataflan var mjög góð og vel skipulögð. Það var gott jafnvægi á milli bóklegra og verklegra greina. Það er greinilegt að úthaldstími barnanna er misjafn og dagar eins og fimmtudagar voru þeim stundum erfiðir. Þá lauk kennslu klukkan 14:20 og ekki mikil orka eftir hjá sumum börnum. En í heildina þá erum við mjög ánægð með töfluna.

Við vorum rosalega ánægð með að byrja alltaf með börnin fyrst á morgnanna í krók. Það skiptir miklu máli upp á samheldni í hópnum og að koma skilaboðum áleiðis. Á



mánudögum og föstudögum nýttist tíminn frá 8:10 til 8:35 mjög vel í allskonar spjall og lausnaleit. Einnig var þessi tími notaður í innlagnir hjá bæði 4.-5.bekk áður en sund og enskutímar byrjuðu.

Okkur fannst samveran vera orðin frekar marklaus og þarfnaðist betri skipulagningar. Við mælum með að hafa samveru einu sinni í viku t.d. á miðvikudögum eða fimmtudögum svo tími gefist til að undirbúa atriði ef það á við. Bekkjarfundir tókust vel og

höfðum við þann sið að hafa alltaf skipt í umsjónarhópa á föstudögum (þrískipt). Að öllu jöfnu lítum við á samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og gott tækifæri til þess að vera með jákvæðan aga eins og á formlegum bekkjarfundum.

Námsgreinar og áætlun

Á hverjum mánudegi gera nemendur vikulega áætlun í íslensku, stærðfræði, skrift og stafsetningu í áætlunarbók (Skjatta) sem þeir vinna eftir. Nemendur skrifa niður þær blaðsíður sem þeir ætla að vinna í upphafi viku. Þegar lokið er við bls. er strikað yfir hana í áætlunarbók. Kennari fer yfir þessa áætlun í vikunni á eftir og metur vinnuna. Unnið er í áætlun 3-4 sinnum í viku og einnig í hringekju tímum. Áætlunin fer einnig heim daglega og geta foreldrar einnig skrifað hvetjandi orð í áætlunarbókina. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna.

Eftir áramót útbjuggum við til markmiðabók í íslensku og stærðfræði. Tilgangurinn var að gera markmiðin sýnilegri og að nemendur yrði meðvitaðri um tilgang vinnu sinnar. Það er okkar von að þetta verði enn frekar nýtt og bætt í áætlunargerð á næsta skólaári. Okkur fannst áætlunin vera akkúrat í takt við stefnu skólans og gefur nokkuð góða yfirsýn yfir hvern og einn nemanda.

Enskukennsla í 4.-5.bekk. Hún var kennd einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Einn kennari með 5.bekk og tveir kennarar í 4.bekk.

Þemaverkefni voru eftirfarandi fyrir áramót: Fuglaþema, Íslandsþema, Ljóðaþema og Jólþema. Eftir áramót: Landnámsþema, Vínþema, Útistærðfræði.

Það sem gekk vel: var áhugi barnanna á þemavinnunni, hópavinna og samvinna. Við vinnuna sýndu nemendur sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og mikinn metnað. Við hefðum mátt vera aðeins duglegri í námsmati í þema. Að vel hugsuðu máli þurfum við að gera aðeins meiri kröfur til nemenda með að tileinka sér námsefnið út frá markmiðum. Það námsmat sem við höfðum var t.d. jafningjamat, könnun, verkleg kynning og mat á möppum. Þetta fannst okkur gott námsmat en það hefði mátt vera fjölbreyttara og skilvirkara.

Vettvangsferðir í þema

- Ferð 1 (Fuglaþema). Farið upp í Naustaborgir að skoða fugla og hreiður. Foreldri kom með og stjórnaði fuglaskoðun og var mikill fengur að því.
- Ferð 2 (Ljóðaþema). Ferð í Davíðshús. Ferðin gekk vel og börnin áhugasöm um líf og störf Davíðs Stefánssonar. Þráinn Karlsson leikari kom í skólann og las úr verki Davíðs sögu og ljóð. Hann kenndi þeim framsögn og upplestur. Hann var mjög áhugasamur og börnin höfðu gaman af.
- Ferð 3 (Jólþema). Sýning helgileiks á Naustatjörn. Krakkarnir stóðu sig alveg frábærlega og eru framtíðarleikarar upp til hópa. Það kom tillaga frá Naustatjörn að þetta yrði árlegur viðburður. Foreldri í 5.bekk kom og kynnti Votta Jehóva og hvað felst í þeim trúarbrögðum.
- Ferð 4 (útistærðfræði). Snorri tók einn og einn hóp upp í Naustaborgir og mældu þau tré og margt fleira í náttúrunni. Einnig fóru krakkarnir á skólalóðina og mældu ummál og flatarmál með umsjónarkennurum.



Einnig voru ýmsar upptökur eins og t.d. leikhúsferð, kaffihúsaferð, hjólatúr, skíðaferð, golfkynning, fótþakakynning, íþróttadagur og margt fleira. Okkur fannst þessar ferðir ganga vel og aldrei voru nein vandræði í þessum ferðum. Nemendur voru skólanum sínum til sóma.

Námsmat

Í stærðfræði og íslensku er símat, þ.e.a.s. það eru kannanir eftir ákveðið viðfangsefni. Við settum þetta upp í verkefnabók á Mentor þar sem skráð var útkoma úr könnunum. Það var einnig stöðupróf í maí í íslensku og stærðfræði. Einnig skrifuðum við upplýsingar inn á verkefnabók sem gaf til kynna ef nemandi væri ekki klár á ákveðnum aðgerðum eða efni. Í leiðsagnarmatinu skrifuðum við umsögn um það sem vel var gert og það sem betur mætti fara. Lestrarpróf voru þrisvar sinnum yfir veturinn sem við færðum inn í verkefnabók. Í ensku var könnun einu sinni á önn sem sett var inn á leiðsagnarmat.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Við teljum að foreldrasamstarfið hafi verið mjög gott. Það hafa verið vikupóstar, viðtöl, heimsóknir og mikið af persónulegum samtölum við foreldra, þá bæði um námið og hegðun. Við höfum reynt eftir bestu getu að leysa öll vandamál sem komið hafa upp. Það hafa þó nokkrir foreldrar lýst ánægju sinni með samskiptin og gott samstarf. Varðandi heimanám þá hafa flestir foreldrar verið ánægðir með magn heimanáms. Ef við fengum athugasemdir um meira eða minna heimanám þá urðum við að ósk þeirra.

**Mat með hliðsjón af könnunum**

Við erum sátt við niðurstöðu könnunar meðal nemenda og foreldra. Þar sem kemur í ljós að liðan nemenda er góð og flestum finnst gaman í skólanum. Þau treysta starfsfólki og það kemur fram að þau geti leyft sér að gera mistök. Við vorum sérstaklega ánægð með að nær allir fá hrós hér í skólanum og heima þegar það á við. Þeim fannst fjölbreytt nám og aðstæður góðar. En við sjáum að við megum skerpa á kröfum til þeirra flestra. Kenna þarf foreldrum betur á Mentor á kynningarfundum fyrir skólaárið.

Teymisvinna

Við höfum verið samstíga í okkar teymi og unnið sem sterk heild. Við höfum getað gagnrýnt vinnu okkar á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Við höfum með samtölum verið í lausnaleyti að betri leiðum og kennsluháttum til að auka gæði kennslunnar og þar með að styrkja okkur sem fagmenn. Hver umsjónarkennari sá um skráningar t.d. í Mentor fyrir sína umsjónarnemendur og um samskipti við foreldra. Nemendahópurinn var sem ein heild fyrir okkur og komum við jafnt að öllum nemendum í kennslu og umgengni. Skipulag hverrar viku var ákveðið á teymisfundum á þriðjudögum en það fyrirkomulag var mjög gott eftir áramót. Þar ræddum við málefni einstakra nemenda og samræmdum vinnubrögð eins og kostur er og skipulögðum vikuna. Ómældur gæðatími fór í ígrundun og umræður teymis utan formlegs fundartíma þegar þörf var á og teljum við þær hafa styrkt okkur og þar með skólastarfið.

Hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur:

Við þurfum að endurskoða áætlanir fyrir 4.- 5. bekk út frá markmiðunum. Þ.e.a.s að nemandi geti búið sér til áætlun og skoðað markmiðin um leið. Okkur fannst eftir veturinn að það væri sniðugt að njörva þetta niður í fleiri lotur. Taka þá nokkur markmið í hverri lotu og kanna nemendann eftir þessa lotutörn. Skrá kannanir sem nemendur taka jafnóðum inn í verkefnabók á Mentor þannig að foreldrar geti fylgst betur með framvindu námsins. Fjölbreyttara námsmat í þema (sjá kafla á undan). Hafa eitt til tvö stöðupróf til að kanna stöðu barnanna fyrir um veturinn.

Mikilvægt er að hafa samræmt námsmat í skólanum og samræmdan frágang á námsmati. Það væri mjög gott að hafa lokafrest fyrir svo kennarar þurfi ekki að bíða eftir námsmati annarra.

Annars frábæru skólaári lokið og við förum virkilega stolt og glöð í sumarfríið.

Kveðja Sigga, Heimir, Gunnþór og Harpa.

Skýrsla kennara í 6.-7. bekk**Tölulegar upplýsingar:**

Við byrjuðum veturinn með 35 nemendur en enduðum með 31 nemanda, í 6. bekk voru 17 nemendur, 5 strákar og 12 stelpur. Í 7. bekk voru 14 nemendur, 7 strákar og 7 stelpur.

Starfsmenn teymis: Ása Katrín Gunnlaugsdóttir og Þóra Ýr Sveinsdóttir umsjónarkennarar, Gyða Björk Aradóttir stuðningsfulltrúi og Aðalheiður Skúladóttir kennari í 50 % stöðu. Karl Hallgrímsson kenndi dönsku í 7. Bekk. Örlygur Helgason kenndi sund, íþróttir og útiþróttir. Snorri Bergþórsson kenndi íþróttir og útikennslu.

Skipulag námsins

Nemendur unnu í stærðfræði samkvæmt áætlunarkerfinu, 11,12,13,14 stigi. Námið var sniðið að þörfum hvers og eins nemanda, við leituðum að viðfangsefnum við hæfi hvers og eins, við val á því var deildarstjóri okkur innan handar. Eftir á að hyggja hefðu umsjónarkennarar viljað mynda betra samstarf við foreldra varðandi áætlunargerð nemenda svo að foreldrar væru meiri þátttakendur í stærðfræðinámi barna sinna. Það

kom of oft fyrir að tíminn í skólanum var ekki vel nýttur og nemendur tóku með sér áætlun heim yfir helgi og henni var ekki lokið á mánudegi.

Í íslenskunni byrjuðum við á námsbókinni Vanda málið og studdumst við við hana í gegnum veturinn. Eins notuðum við eyðufyllingarverkefni í málfræði sem var sett saman úr ýmsum áttum. Við lásum bókina Benjamín dúfa og unnu nemendur margvísleg verkefni úr henni, málfræði, lesskilningur og gagnvirkur lestur, ritun. Öllum nemendum bauðst að lesa bókina með aðstoð hljóðbókar. Við lásum líka bókina Snorra saga og unnu nemendur margvíslega verkefni úr henni, málfræði, lesskilningur og gagnvirkur lestur. Einnig bauðst öllum nemendum að lesa bókina með aðstoð hljóðbókar á www.nams.is. Lestur á frjálslestrarbókum var fastur liður í stundarskrá í vetur. Verkefni sem nemendur unnu í vetur í íslensku studdust við Orð af orði og Byrjendalæsi.



Þegar leið á veturinn var farið að nota hringekjur meira í kennslunni og fór hún þá að verða markvissari bæði í íslensku og stærðfræði, hver stöð var 20 – 30 mínútur. Í íslenskuhringekjunum var lagt upp með ákveðið markmið sem unnið var mismunandi með á hverri stöð.

Á hverjum mánudegi settust nemendur niður með sínum umsjónarkennara og fóru yfir síðustu viku ásamt því að áætla í stærðfræði og lestri fyrir komandi viku. Með þessu náðu nemendur og umsjónarkennarar að eiga gott spjall tveir saman í viku hverri.

Þemaverkefni

Nemendur byrjuðu á því að læra um Norðurlöndin. Þeim var skipt upp í hópa og fékk hver hópur úthlutað einu Norðurlandanna og átti að gera því ítarleg skil. Nemendur skiluðu verkefnunum af sér í veggspjaldaformi og héldu kynningu í lokin. Allir nemendur unnu vinnubók í tengslum við þessa vinnu. Í lokin buðu nemendur foreldrum sínum í morgunkaffi til að skoða afrakstur vinnunnar.

Álit umsjónarkennara: Þemað tók of langan tíma, missti mark sitt þegar líða tók á og var erfitt að enda það. Betra hefði verið að taka styttri tíma í þemað og vinna það þéttar. Nemendur fengu of víðan ramma og of langan tíma til að vinna verkefni sín og kom það niður á virkni nemenda.

Náttúrufræðiþema þar sem stuðst var við bókina Auðvitað 2. Nemendur lásu valda kafla út frá þeim markmiðum sem valin voru í Aðalnámskrá grunnskóla. Nemendur svöruðu spurningum úr köflunum, sól- og stjörnukerfið var málað í glugga stofunnar og farið var út og gerðar tilraunir. Mikil verkleg kennsla fór fram í þessu þema ásamt því að samþætting námsgreina var töluverð.

Álit umsjónarkennara: Þetta þema gekk betur en það fyrsta, tók samt of langan tíma. Nemendur höfðu gaman af verklegu vinnunni sem fór fram í þemanu og lærðu mikið af henni.

Bókmenntaþema: Nemendur lásu bókina Benjamín dúfa heima og í skólanum. Sagan var rædd kafla fyrir kafla og nemendur unnu útdrætti úr köflunum. Nemendum var skipt í hópa og fékk hver hópur eina persónu úr bókinni og bjuggu til sína persónu í fullri stærð úr maskínu pappír. Nemendur áttu síðan að skrifa smá persónulýsingu um sína persónu. Nemendur unnu margvísleg málfræði- og stærðfræðiverkefni úr sögunni ásamt því að skrifa

kjörbókarritgerð út frá ítarlegum fyrirmælum. Einnig horfðu nemendur á bíómyndina Benjamín dúfa.

Álit umsjónarkennara: Vinna hópanna í kringum persónusköpunina hefði mátt vera betur skipulögð af hendi kennara og fylgja henni betur eftir. Góðir punktar við þemað voru að nemendur voru mjög áhugasamir um lesturinn á bókinni og voru duglegir að taka þátt í umræðum um söguþráðinn. Nemendur náðu að tengja skáldsögu og bíómynd saman og náðu þannig betri tökum á sögunni. Mest öll vinnan í tengslum við þemað gekk vel.

Samfélagsfræðipema: Þemað gekk út að að kynna fyrir nemendum tímabilið 870 – 1550 í sögu Íslands. Stuðst var við bókina Sögueyjan 1. Nemendur lásu mestalla bókina og bauðst þeim öllum að lesa hana með aðstoð hjóðbókar á www.nams.is. Samhliða því að lesa bókina unnu nemendur verkefnabók. Nemendum var skipt í hóp og fékk hver hópur ákveðinn atburð í landnámssögu Íslands til að vinna með. Hóparnir fengu nokkuð frjálsar hendur varðandi verkefnið sitt og varð útkoman fjölbreytt og glæsileg. Þemanu lauk síðan á kynningu frá hverjum hóp.

Álit umsjónarkennara: Umsjónarkennurum gekk best að skipuleggja þetta þema og



fylgja þeim ramma sem gengið var út frá í upphafi. Vinna nemenda gekk vel enda fengu nemendur styttri tímaramma til vinnunnar sem jök þ.a.l. afköstin í hópunum. Afrakstur vinnunnar var mjög fjölbreyttur t.d. glærुकynningar, veggspjöld, leikþáttur, stuttmynd og líkanagerð. Vinnubók sem nemendur unnu samhliða bókinn var of löng og erfið.

Snorra saga: Þetta þema var skipulagt út frá markmiðum í íslensku og samfélagsfræði. Notast var við Byrjendalæsi og Orð af orði. Nemendur lásu Snorra sögu með aðstoð hjóðbókar á www.nams.is og í gegnum gagnvirkann lestur. Nemendur unnu fjölbreytt málfræðiverkefni í hringekju ásamt lesskilningsverkefnahefti. Einnig unnu nemendur spurningar úr hverjum kafla bókarinnar.

Álit umsjónarkennara: Þemað var skipulagt með aðstoð frá deildarstjóra þar sem ákveðið var að notast við Byrjendalæsi og Orð af orði. Hringekjan gekk vel, nemendur unnu í stuttum lotum og höfðu gaman af vinnunni sem þar fór fram. Vinnan var áþreifanleg fyrir nemendur. Sökum tímaleysis náðist ekki að klára þemað eins og ákveðið var upphaflega.

Eftir á að hyggja hefði verið skemmtilegra að bjóða foreldrum oftar í heimsókn til að skoða afrakstur vinnu nemendanna.

Bekkjarfundir voru á stundarskrá 3 morgna í viku. Einn bekkjarfundartíma var nýttur í lestur á frjálslestrarbókum. Á bekkjarfundum voru nemendur ýmist allir saman, skipt eftir kynjum eða aldri. Einnig kom það fyrir að ákveðinn hópur innan bekkjarins sat bekkjarfund saman. Útbúin var bók þar sem nemendur gátu komið málum á dagskrá bæði undir nafni og nafnlaust. Bekkjarfundirnir voru líka nýttir í að vinna verkefni í tengslum við Jákvæðan aga. Í byrjun gekk brösuglega að fá hljóð og að nemendur sýndu hvert öðru virðingu. Eftir því sem leið á vetur gekk alltaf betur og betur að halda góða bekkjarfundi og undir lokin hafa einungis verið haldnir bekkjarfundir þar sem allur hópurinn er saman kominn og hefur það gengið mjög vel. Flestir nemendur eru duglegir

og ófeimnir við að tjá sig á bekkjarfundum og það hefur gengið betur að fá þögn og hlusta hvert á annað.

Kennsluhættir

Notast var við Orð af orði, Byrjandalæsi, hringekjuform, innlagnir, sjálfstæða vinnu nemenda, hópavinna, samvinnunám, þrautalausnir, gagnvirkur lestur, uppgötvunarnám, verkleg vinna og umfram allt einstaklingsmiðaðir kennsluhættir.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Umsjónarkennarar hafa verið í góðu samstarfi við foreldra í allan vetur. Í lok hverrar viku er sendur upplýsingapóstur um vikuna sem er að ljúka og það sem framundan er. Ástundun nemenda er líka send heim vikulega. Viðtalstímar umsjónarkennara voru aldrei nýttir en foreldrar voru duglegir að hafa samband þegar þeir þurftu, símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Foreldrum var einu sinni boðið að mæta á verkefnakynningu og sáu nemendur sjálfir um að undirbúa hana m.a. bökuðu þeir brauð. Mjög góð mæting var hjá foreldrum og öðrum aðstandendum þennan dag. Nánast ekkert foreldri nýtti sér opna viku í febrúar til að kíkja í heimsókn og skoða skólastarfið. Þessa viku hefði mátt kynna betur fyrir foreldrum eldri bekkja til að hún skilaði árangri. Kennarar hefðu mátt vera duglegri að senda heim hróspósta og láta vita af því sem vel gekk í skólanum.

Vettvangsferðir og uppákomur

Nemendur heimsóttu Björgunarsveitina Súlur. Þar fengu þeir mjög flotta kynningu á starfsemi sveitarinnar ásamt því að skoða bílakost hennar og allir fengu að prófa klifurvegg. Þessi ferð var farin á haustdögum og var liður í því að hrista hópinn saman. Ferðin gekk mjög vel og skilaði góðum árangri. Nemendur fóru einnig í starfskynningu í tvö fyrirtæki á Akureyri, Mjólkursamsöluna og Kexverksmiðjuna. Nemendur unnu verkefni í tengslum við starfskynningarnar og var þetta verkefni unnið í samstarfi við námsráðgjafa skólans.

Í nóvember óðu nemendur snjó upp í mitti til að komast í Jólasveinabrekkuna með heitt kakó og snjópotu. Tilgangur ferðarinnar var að kanna hversu hratt nemendur kæmst á snjópotum sínum á mismunandi undirlagi. Ferðin tókst vel en nemendur voru kaldir og blautir þegar heim var komið. Í nóvember kom fulltrúi frá Slökkviliðinu í heimsókn og fræddi 7. bekk um eldvarnir og sprengiefni í tengslum við áramótin. Einnig fékk 7. bekkur forvarnarfræðslu frá Grétu forvarnarfulltrúa um kynferðislegt ofbeldi.

Í febrúar var árshátíð haldin í Naustaskóla, nemendur settu upp Ávaxtakörfuna og tókst það mjög vel. Vinnan í tengslum við árshátíðina var stór hluti í tengslum við hópefli bekkjarins.

Útivistardagur Naustaskóla var haldin í mars. Skunduðu kennarar og nemendur upp í Hlíðarfjall og undu sér vel við skíða- og snjóbrettaiðkun.

Stóra upplestrarkeppnin fór fram í mars. 7. bekkur æfði sig í upplestri á ljóðum og lestexta. Tveir fulltrúar bekkjarins kepptu síðan fyrir hönd skólans í keppni sem haldin var meðal grunnskóla bæjarins og stóðu þeir sig með prýði.

Í apríl fór 7. bekkur í skólabúðir að Reykjum í Hrótafirði. Ferðin tókst mjög vel í alla staði og einkenndist hún af vináttu og gleði allan tímann og eftir að heim var komið. Í lok þeirrar viku gistu nemendur 6. bekkjar eina nótt í skólanum.

Í maí fóru nemendur á umferðar og öryggiskynningu á vegum Sjóvá. Farið var yfir helstu öryggisþætti reiðhjóla og hvernig hjóltreidamenn eiga að haga sér í umferðinni. Lögreglan kom og tók út hjólabúnað nemenda ásamt því að þeir fengu að prófa veltibíl. Frjálsíþróttadagur UFA var líka haldinn í maí þar sem nemendur úr öllum grunnskólum Akureyrar koma saman og keppa í ýmsum íþróttagreinum ásamt því að fá að prófa aðrar.

Námsmat

Stærðfræði: Kannanir voru við lok hvers þreps og lokapróf hvers stigs.



Árangurinn var skráður um leið í mentor og sýnilegur foreldrum. Nemendur skráðu kannanir hjá sér um leið og þeir áætluðu stærðfræði í Skjattann sinn.

Íslenska: Kannanir voru lagðar fyrir eftir að farið hafði verið í ákveðin markmiðapakka, t.d. nafnorða- og lýsingarorðakönnun. Enduðum á lokaprófi. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir 3 sinnum yfir veturinn, að hausti, í janúar og að vori.

Þemun – fjölbreytt námsmat t.d. virkni í hópavinnu, vinnubækur, kannanir og kynningar á verkefnum.

Danska: Kaflakannanir, símat

Enska: Kannanir og virkni í tímum.

Einkunnir í öllum fögum var jafnóðum settar inn í Verkefnabók í Mentor, þar eru þær sýnilegar nemendum og foreldrum.

Vinna í teyminum:

Teymið samanstóð af Ásu Katínu, Þóru Ýr, Aðalheiði Skúladóttur, Gyðu Björk, Karli og Magnúsi. Teymið innan 6. – 7. bekkjar vann mjög vel saman en blandaðist lítið sem ekki neitt við 8. bekkjar teymið.

Endurmenntun

Endurmenntun okkar fólst t.d. í fræðslu um Orð af orði, Numicon, námsmat, stærðfræðikennslu, kynferðislegt ofbeldi, vímuefnanotkun unglinga og lestur á hinum ýmsu fræðigreinum.

Hvað hefur gengið vel

Í upphafi vetrar voru tveir mjög ólíkar hópar sem mynduðu 6. – 7. bekk og hefur mikið hópefli farið fram til að hrista þá saman. Telja umsjónarkennarar að það hafi gengið vel þótt það hafi tekið nokkurn tíma. Teymisvinna hjá 6. -7. bekk gekk mjög vel, það var mjög góður andi í teyminu og telja umsjónarkennarar að það hafi skilað sér til nemenda og haft góð áhrif út á við. Það hefði samt sem áður mátt skipta vinnunni betur á milli allra í teyminu.

Hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur: Samræma þarf betur þemu milli árganga. Einbeita sér að því að hafa þemun stutt og hnitmiðaðri. Einnig þurfa kennarar að virkja foreldra betur í að vera þátttakendur í skólastarfi barna sinna.

Niðurstöður úr nemendakönnun

Nemendur í 6. – 7. bekk eru yfir höfuð mjög ánægð með sinn skóla og í skólanum. Þau eru sammála um að þeim finnst mikilvægt að standa sig vel í skólanum og að það séu gerðar miklar kröfur til þeirra. Þau taka þátt í að skipuleggja nám sitt og setja sér markmið í náminu. Flest allir segjast fá góða kennslu og að kennararnir vilji að þeim gangi vel í náminu. Þau eru sammála um að skólinn bregðist strax við ef vart verður við stríðni og að þau geti rætt við einhvern í skólanum.

Það sem við þurfum að skoða og bæta okkur í er að hrósa nemendum og kenna þeim betur að hrósa hvert öðru þegar vel gengur.

Niðurstöður úr foreldrakönnun

Foreldrar eru yfirhöfuð ánægðir með skólann og segja að börnum þeirra líði vel í skólanum. Þeim finnst skólinn standa sig vel í að koma til móts við þarfir barna sinna. Foreldrar eru sammála um að kennarar og annað starfsfólk komi fram við börn þeirra af virðingu. Þeim finnst heimanám vera hæfilega mikið og finnst upplýsingastreymið frá skólanum gott.

Það sem við þurfum að skoða og bæta okkur í er að hafa meira samband við foreldra, ekki bara þegar illa gengur og líka að upplýsa foreldra betur um námsstöðu barna þeirra. Það vekur athygli að innan við helmingur foreldra í námshópnum telja að samkensla árganga sé æskileg og teljum við að kynna þurfi betur fyrir foreldrum tilganginn með samkenslu og markmið hennar.



Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Aðalheiður Skúladóttir náms- og starfsráðgjafi er í 50% starfi námsráðgjafa við Naustaskóla.

Námsráðgjöfin er öllum opin jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Viðvera námsráðgjafa er alla daga frá 8-16. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu. Hann vinnur skv. starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar http://skoladeild.akureyri.is/static/files/starfslýsingar/starfslýsing_namsradgjafar_2001.pdf

Helstu verkefni námsráðgjafa eru m.a.:

- að veita nemendum ráðgjöf varðandi nám, námstækni, námsvenjur, félagsleg- og persónuleg vandamál
- að auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunhæfan máta möguleika varðandi nám og störf.
- að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.
- að safna og miðla upplýsingum um nám og störf og að undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
- að hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans.

Forvarnir

Nemendur í 2. bekk fóru á brúðuleikhússýningu á vegum Blátt áfram þar sem tekið var á ofbeldi jafnt líkamlegu og kynferðislegu, bekkjarkennarar, náms- og starfsráðgjafi auk hjúkrunarfræðings skólans voru viðstaddir sýninguna sem fram fór í Oddeyrarskóla. 2. bekkur fékk síðan að sjá teiknimyndina Leyndarmálið og vinna verkefni í tengslum við hana en myndin tekur á kynferðisofbeldi. Náms- og starfsráðgjafi auk hjúkrunarfræðings skólans sáu um fræðsluna. 7. bekkur fékk fræðslu um kynferðislegt ofbeldi en Gréta forvarnarfulltrúi og Hlynur frá félagsmiðstöðinni komu og sáu um fræðsluna og ræddu einnig um netnotkun. Viðstödd var náms- og starfsráðgjafi skólans. 3. bekkur fékk einnig fræðslu um kynferðislegt ofbeldi en Gréta og Hlynur byrjuðu en síðan tóku konur frá Aflinu við og sögðu frá sinni reynslu. Viðstödd var náms- og starfsráðgjafi skólans. Foreldrum var boðið upp á að sjá eineltismyndband sem margir sáu.

Sjóvá bauð upp á forvarnarfræðslu fyrir 6. bekk. Fræðslan fyrir 6. bekk var með áherslu á reiðhjólin í umferðinni og fengu nemendur að fara í veltibílinn, að þessu sinni fengum við að mæta með 7. bekk líka þar sem þau fengu ekki þessa fræðslu fyrir ári.

Nýir nemendur

Ég hef reynt að hitta nýja nemendur og fylgst með hvernig félagsleg tengsl þeirra þróast í nýjum skóla.

Annað

Náms- og starfsráðgjafi fór inn í alla bekk í haust og kynnti sig og sín störf. Nemendur í 7. bekk fengu fræðslu um lífsvenjur og framkomu og nemendur í 8. bekk fengu fræðslu í skipulögðum vinnubrögðum, lestrartækni og lífsvenjum. Allir nemendur í 8. bekk fengu bókina *Námstækni* að gjöf. Nemendur í 6.-7. bekk fóru í tvær vinnustaðaheimsóknir annars vegar í MS og hins vegar í Kexverksmiðjuna og unnu þau verkefni eftir þær heimsóknir. Námsráðgjafi fór með í þessar heimsóknir. 8. bekkur fékk að velja sér vinnustað til að heimsækja og taka þátt í vinnu í einn dag, nemendur unnu verkefni tengd þessu undir stjórn námsráðgjafa, meira samstarf þarf að vera á milli umsjónarkennara og námsráðgjafa hvað þetta varðar.

Mikið var unnið að samskiptamálum og unnið var að einu eineltismáli í allan vetur sem virðist í góðum farvegi. Annað eineltismál kom upp alveg í lok skólaársins og bíður



úrvinnsla þess næsta hausts. Þessi mál komu inn á borð til námsráðgjafa en það er áhyggjuefni hvernig svörun foreldra í könnun meðal þeirra var um líðan barna sinna í skólanum og er hún á skjön við útkomu tengslakannana.

Tengslakannanir voru lagðar tvisvar sinnum fyrir í hverjum bekk og unnið úr þeim eins og hægt var. Námsráðgjafi sá um það og kynnti niðurstöður fyrir umsjónarkennurum.

Námsráðgjafi sat marga fundi með námsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar. Þeir eru einkum nýttir til að samræma fræðslu og deila verkefnum og reynslu. Komið hefur verið upp sameiginlegu svæði þar sem safnað er saman verkefnum. Einnig sat ég fundi með forvarnarfulltrúa og þeim er koma að félagsmiðstöðvum bæjarins. Einnig sat námsráðgjafi fundi í valgreinanevnd eftir áramót.

Skólaárið 2010-2011 voru 65 einstaklingar í viðtölum, drengir 33 og stúlkur 32, auk þess voru þó nokkrir hópar sem námsráðgjafi hitti og vann með og þá aðallega samskiptavandamál á milli stúlkna. Heildarfjöldi viðtala var 386 auk þess sem námsráðgjafi átti 102 viðtöl við foreldra nemenda bæði ráðgjöf og upplýsinga viðtöl.

Skipting eftir flokkum er eins og sjá má á súlu ogkökuriti.



Kennsla

Námsráðgjafi var í 50% kennslu í 6.-7. bekk í vetur og gafst það ekki vel, mikið var um fundi utan teymis þ.e.a.s hjá öðrum börnum og hafði það mikil áhrif á fundartíma hjá teyminu. Ég hef því óskað að vinna ekki í teymi næsta vetur. Ég skrifa þetta þó mikið á skipulagið hjá sjálfri mér en mikill tími hefur farið í að gera starf námsráðgjafa sýnilegt í skólanum og viðurkenni ég að hafa sett allt mitt í þann hluta starfsins en ekki í kennsluna með teyminu. Þær eiga lof skilið fyrir samstarfið við mig. Hvað varðar kennslu þá hentar það illa í þessu starfi að kenna samhliða og sjá má á svörum nemenda að það truflar þau að námsráðgjafi kenni þeim. Námsráðgjafi hefur átt mikið og gott samstarf við stjórnendur skólans.

Skýrsla iðjubjálfa

Í iðjubjálfun felst sérþekking á daglegri iðju mannsins. Þá er átt við allt sem fólk innir af hendi í daglegu lífi í þeim tilgangi að annast sig og sína. Fyrir nemendur okkar er skólinn iðja sem þau eru í stóran hluta dagsins. Þó það virðist sjálfsagt og einfalt fyrir flesta, þá getur það verið erfitt og verkefnið jafnvel óyfistíganleg fyrir marga nemendur sem ekki hafa þroskast með sama hætti og flestir. Þessir krakkar þurfa gjarnan á iðjubjálfun að halda því þau vilja verða betri í einhverri iðju eins og að reima skó, nota skeið, skrifa, vinna hópavinnu og eiga árangursrík samskipti við skólafélaga sem og aðra. Iðjubjálfun snýst því um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru mikilvægar fyrir þau. Börn koma í iðjubjálfun til að þeim t.d. gangi betur í skóla eða með að eiga samskipti við vini sína og fjölskyldu. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik.

Hvaða börn hafa gott af að fá iðjubjálfun:

- ✖ ADHD börn
- ✖ Börn með slæma skynúrvinnslu (allskonar fælni, vitlaust grip á skriffæri, slæma setstöðu og erfiðleika við sjónræna úrvinnslu)
- ✖ Börn með klunnalegar hreyfingar (gróf- og fínhreyfingar)
- ✖ Börn með slaka félagsfærni
- ✖ Börn með hreyfihömlun

Verkefni iðjubjálfa skólaárið 2010 – 2011

Unnið hefur verið með einstaka nemendur með það að markmiði að efla færni í skólatengdum athöfnum. Einnig hafa þrír nemendur verið í almennri iðjubjálfun þar sem aðaláherslan hefur verið á fín- og grófhreyfingar og að efla samhæfingu í hreyfingum. Þá hefur iðjubjálfi komið að þjálfun í félagslegum samskiptum þar sem CAT kassinn hefur verið notaður og komið að leiðbeiningum við setstöðu og grip á skriffærum.

Matstæki sem hafa verið í notkun í vetur:

Sænska fínhreyfimatíð:

Matið er markbundið þroskamat sem gefur aldursviðmið fyrir færni í fínhreyfingum og við samhæfingu sjónar og handa. Miðað er við handbeitingu og frammistöðu við algeng fínhreyfiverkefni s.s að klippa, teikna, lita, byggja með kubbum, þræða perlor og púsla.

SFA

Skóla-Færni-Athugun (SFA) er markbundið matstæki sem nýtist við mat á þátttöku og færni 6-12 ára nemenda með sérþarfir. Þær upplýsingar sem fást koma að góðu gagni við skipulag og tilhögun þjónustu sem og við gerð einstaklingsnámskrár.

COSA

Mat barna á eigin iðju (COSA) er ætlað börnum á aldrinum 8-17 ára. Matstækið var hannað fyrir breiðan aldurshóp barna og ungmenna sem njóta þjónustu iðjubjálfa óháð sjúkdómsgreiningu. Markmið matstækisins er að fanga upplifun barna á eigin iðju og hvernig umhverfið hefur áhrif á daglegar athafnir þeirra.

Út frá þeim upplýsingum sem safnað var í gegnum matstæki var skipulögð íhlutun svo hægt væri að veita markvissa þjálfun og ráðgjöf.

Íhlutun gat verið þrenns konar; ráðgjöf, óbein þjálfun og bein þjálfun.

- ✖ Ráðgjöf: Með markvissri ráðgjöf er hægt að hjálpa foreldrum, kennurum og öðru fagfólki að skilja betur hegðun barnsins og hjálpa þeim að finna aðrar leiðir barninu til aðstoðar.
- ✖ Óbein þjálfun: Iðjubjálfi leiðbeinir foreldrum, kennurum og öðrum hvernig hægt er að örva t.d. hreyfiproska barnsins.
- ✖ Bein þjálfun: Barnið kemur til iðjubjálfa í tíma.



Skólaárið hefur gengið nokkuð vel fyrir sig. Krakkarnir hafa verið glaðir með þá þjálfun sem þeir hafa fengið enda hefur hún að mestu leyti farið fram í gegnum leik, þar sem aðal iðja barna á þessum aldri er jú leikurinn.

Samstarf við foreldra þeirra barna sem ég hef komið að er gott. Ég set upplýsingar í Mentor eftir því sem við á eða sendi tölvupósta til að upplýsa foreldra um gang mála í þjálfun barna þeirra. Þetta hefur gefist vel í vetur og foreldrum finnst gott að fá reglulega upplýsingar um það sem verið er að gera.

Þessi vetur var frábrugðinn síðasta vetri að því leyti að ég var ekki starfandi í teymi. Þar af leiðandi verður maður stundum svolítið „utangátta“. Vikulegir fundir með deildarstjóra hafa hins vegar verið mjög góðir og nauðsynlegir til að fara yfir verkefnastöðu og þess háttar. Auk þessa hef ég líka unnið mikið með þroskaþjálfanum, en þar sem starfsvettvangur okkar er um margt líkur er gott að hafa þann stuðning á báða bóga.

Búið er að gera drög að starfslýsingu fyrir næsta ár sem er mjög fínt. Einhvern veginn hefur þetta verið svolítið laust í reipunum og margir ekki með það á hreinu hvað þeir geta beðið iðjuþjálfna um að sinna. En það á vonandi eftir að komast í réttan farveg þegar búið er að festa starfið aðeins meira niður.

Samstarf okkar, sem að stoðþjónustu skólans standa, þarf að vera meira, sérstaklega til að koma í veg fyrir skörun á störfunum.

Mat á skólastarfinu

Hér á eftir verður gerð tilraun til að leggja lítilla mat á skólastarfið með hliðsjón af þeim markmiðum sem lögð voru til grundvallar (sjá kafla um stefnu og áherslur skólans). Á skólaárinu var unnin formleg matsáætlun fyrir skólann og hefst vinna skv. henni haustið 2011.

Matsgögn

Við matið eru höfð til hliðsjónar ýmis gögn sem safnað hefur verið í vetur, má þar nefna:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala, skólastjóri tók formleg viðtöl við starfsmenn tvisvar yfir veturinn.
- Minnisþingar / matsþingar frá kennarateymum í júní 2011.
- Spurningakönnun meðal foreldra í maí 2011.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk
- Spurningakönnun meðal nemenda í 4.-8. bekk í maí 2011.
- Matslisti um námssamfélag, lagður fyrir kennara skólans á vorönn.
- SVÓT greining starfsmanna í júní 2011.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur



Námsaðlögun

Skólinn leggur upp með að beita aðferðum sem gera kleift að mæta öllum nemendum og geta ýtt undir sjálfstæði þeirra. Þar má nefna einstaklingsáætlanir að hluta, fjölbreyttar kennsluáðferðir, þemavinnu og smíðjur, notkun á námsstöðvum og hringekjum, áhugasviðsvinnu, reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda og markvissa starfspróun og endurmenntun starfsmanna. Matsgögn sýna að skólinn sé á réttri leið hvað þetta varðar og gögn gefa vísbendingar um að námið sé nokkuð fjölbreytt og námsaðlögun beitt að vissu marki.

Vísbendingar um þetta má t.d. finna í niðurstöðum könnunar meðal foreldra:

Q4. Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	42,90%	48,20%	4,50%	0%	4,50%	3,36
2011	37,30%	53,30%	6,70%	2,00%	0,70%	3,26

Q5. Gerðar eru eðlilegar námskröfur til barnsins míns						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	44,70%	44,70%	6,10%	2,60%	1,80%	3,32
2011	31,80%	56,30%	4,60%	2,00%	5,30%	3,21

Þar sést að mikill meirihluti foreldra er á því að skólinn komi til móts við þarfir barna þeirra og að gerðar séu eðlilegar námskröfur til þeirra og verða þessar niðurstöður að teljast jákvæðar og þessir þættir að teljast til styrkleika hjá okkur þó að vegin einkunn úr þeim lækki lítillega milli ára.

Þá koma athyglisverðir styrkleikar einnig fram í könnun meðal nemenda þar sem telja má að óvenjustór hluti þeirra taki þátt í að skipuleggja nám sitt og setja sér markmið:

11. Ég tek þátt í að skipuleggja námið mitt			
		Response Percent	Response Count
Mjög sammála		53.5%	46
Frekar sammála		31.4%	27
Frekar ósammála		7.0%	6
Mjög ósammála		2.3%	2
Veit ekki		5.8%	5



12. Ég tek þátt í að setja mér markmið í náminu

		Response Percent	Response Count
Mjög sammála		52.4%	44
Frekar sammála		31.0%	26
Frekar ósammála		6.0%	5
Mjög ósammála		3.6%	3
Veit ekki		7.1%	6

Enn sem komið er hafa niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk ekki gefið tilefni til hátíðahalda en rétt er að vekja athygli á að þær niðurstöður eru tæplega marktækar fyrir starfið í skólanum enn sem komið er þar sem að þegar síðasta próf var lagt fyrir höfðu nemendur aðeins verið eitt ár í Naustaskóla. Hér má sjá niðurstöður samræmdra prófa sl. tvö ár:

Haustið 2009:

	4. bekkur		7. bekkur	
	Stæ	Ísl	Stæ	Ísl
Landið	30	30	30	30
Akureyrarbær	29,1	30,7	28,5	29,7
Kjördæmið	30,1	30,2	28,3	29,9
Naustaskóli	28,9	32,2	24,3	27,5

Haustið 2010:


	4. bekkur		7. bekkur	
	Stæ	Ísl	Stæ	Ísl
Landið	30	30	30	30
Akureyrarbær	28,2	29,3	29,6	30,1
Kjördæmið	28,3	29,4	29,2	29,5
Naustaskóli	25,6	27,5	23,4	24,9

Segja má að næstu samræmdu próf sem lögð verða fyrir muni í fyrsta sinn geta gefið raunhæfar vísbendingar fyrir okkur.

Hins vegar hafa niðurstöður læsisprófa sem lögð eru fyrir í 1.-3. bekk verið afar jákvæðar og gefa þær vonandi góð fyrirheit um framtíðina en þar hafa nemendur skólans undantekningalítið skorað vel yfir meðaltali hjá þeim skólum sem prófin eru lögð fyrir. Þetta má t.d. sjá á eftirfarandi mynd:

Hlutfall árangurs

Mynd 1: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla.



Mynd 2: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 1158 nemendur af 1101 prófið og náðu 73% þeirra yfir 60% árangri. Í Naustaskóla tóku allir 24 nemendurnir prófið og náðu 83% yfir 60% árangri.

Kannanir sýna að kennslan þyki fjölbreytt, mikið er um samvinnu nemenda og nemendum þykir yfirhöfuð gaman í skólanum og eru ánægðir með hann. Það er hins vegar umhugsunarvert að nokkrum hluta nemenda finnast ekki gerðar miklar kröfur til sín í skólanum:

9. Það eru gerðar miklar kröfur til mín í skólanum

		Response Percent	Response Count
Mjög sammála		28.2%	24
Frekar sammála		37.6%	32
Frekar ósammála		14.1%	12
Mjög ósammála		2.4%	2
Veit ekki		17.6%	15

Þetta gefur hugsanlega vísbendingar um að við megum gera meiri kröfur til nemenda, skv. könnuninni á þetta sérstaklega við um nemendur í 8. bekk.

Betur má því ótvírætt gera á ýmsum sviðum, má þar nefna að útfæra þarf enn betur framkvæmd áætlanakerfis og miða það enn frekar við námsmarkmið fyrir nemendur, festa ýmsar kennsluaðferðir betur í sessi og innleiða fleiri (Byrjendalæsi, Orð af orði, samvinnunám, söguaðferð o.fl.), skilgreina og skipuleggja betur námsmatsaðferðir o.fl.



Flestum gögnum ber saman um að námsmat hefur verið veikur punktur og sést það t.d. á eftirfarandi niðurstöðum úr foreldrakönnun:

Q8. Ég hef gott yfirlit yfir nám og námsstöðu barns míns						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	19,50%	56,60%	20,40%	2,70%	0,90%	2,94
2011	24,70%	46%	26,70%	2%	0,70%	2,94

Við höfum verið að vinna í þessum þætti í vetur og gerum okkur vonir um að með áframhaldandi notkun námsmarkmiða í mentorkerfinu og markvissri notkun á námsmökkum muni þessi þáttur verða sterkari strax næsta vetur.

Athvarf

Lagt var upp með þau markmið að nemendum líði vel í skólanum, að forráðamenn og nemendur ættu aðgang að ráðgjöf og stuðningi og að skólinn væri miðstöð fyrir íbúa hverfisins. Kannanir sýna að yfirhöfuð líður nemendum vel í skólanum og að okkur er að takast að skapa jákvætt og hlýlegt starfsumhverfi. Má í því sambandi benda á að í skólann hefur sótt talsverður hópur nemenda sem hefur ekki liðið nægilega vel eða gengið nægilega vel annars staðar en gengur mun betur í Naustaskóla. Það er hins vegar athyglisvert að það er töluvert misræmi milli kannana meðal nemenda og foreldra hvað varðar líðan nemenda. Hér má sjá svör nemenda:

6. Mér líður vel í skólanum			Response Percent
Mjög sammála			50.0%
Frekar sammála			43.0%
Frekar ósammála			3.5%
Mjög ósammála			1.2%
Veit ekki			2.3%

En hér má sjá svör foreldra:

Q9. Barninu mínu líður vel í skólanum						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	39,10%	47,80%	10,40%	2,60%	0%	3,23
2011	40%	50%	8,70%	0,70%	0,70%	3,30

Þarna er um nokkurn mun að ræða og er ekki gott að segja af hverju hann stafar, það er hreinlega eins og að sumir foreldrar geri ráð fyrir að börnunum líði ekki nógu vel þó að þau sjálf séu á öðru máli. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þessi þáttur styrkist á milli ára, hugsanlega má skrifa þetta á það að skólinn er nýr og foreldrar því ekki alveg vissir um hvað þeim eigi að finnast um ýmislegt í starfsháttum hans, t.d. m.t.t. opinna rýma og aldursblöndunar, ljóst er að veita þarf auknar upplýsingar fyrir forsendum þessara þátta í stefnu skólans.



Hvað varðar ráðgjöf og stuðning höfum við styrkt okkur nokkuð og má það án efa þakka tilkomu námsráðgjafa:

Q15. Ég hef aðgang að ráðgjöf í skólanum/í gegnum skólann vegna vandamála sem upp koma						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	36,60%	25,90%	1,80%	4,50%	31,30%	3,10
2011	39,20%	31,80%	3,40%	0,70%	25%	3,22

Húsnæði skólans hefur að okkar mati heppnast prýðilega til síns hlutverks þó aðeins beri enn á vandræðum með samhæfingu hita- og loftræstikerfis o.fl. Má segja að næsti vetur verði ákveðinn prófsteinn á húsnæði en þá verða um 150 nemendur á efri hæð skólans auk bókasafns, skrifstofu, ritara, kaffistofu, sérgreinakennslu, samkomuadstöðu o.fl. Má leiða að því líkum að ef ekki ber á þrengslum á efri hæðinni næsta vetur að þá muni aldrei verða þröngt um okkur í Naustaskóla! Nokkur hluti foreldra er hins vegar óviss um afstöðu til húsnæðisins og má telja það til veikleika hjá okkur:

Q11. Húsnæði hæfir skólastarfinu vel						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	28,30%	47,80%	14,20%	0,90%	8,80%	3,08
2011	22,70%	54%	11,30%	5,30%	6,70%	2,97

Umhyggja og virðing

Lögð voru til grundvallar þau markmið að samskipti í skólastarfinu byggist á virðingu og umhyggju, og að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Grundvallaratriði í þessu stefnumiði er innleiðing agastefnu skólans. Gæðahringir (bekkjafundir) eru stór þáttur í framkvæmd stefnunnar, þeir eru komnir í gang og haldnir reglulega í öllum hópum og kennarar eru að þjálfast í framkvæmd þeirra. Unnið er með viðhorf nemenda og starfsmanna sem er annað grundvallaratriði en tekur tíma eðli málsins samkvæmt. Hér má sjá viðhorf foreldra:

Q20. Skólinn tekur vel á agavandamálum sem upp koma						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	28,10%	34,20%	7,90%	0,90%	28,90%	3,04
2011	24,00%	42%	9,30%	2%	22,70%	2,99

Þarna skorum við örlítið lægra en fyrir ári. Töluvert hefur verið um agamál hjá okkur, reyndar mest í yngri bekkjunum, og hafa þau tekið umtalsverðan tíma og orku hjá starfsfólki skólans. Þetta kemur einnig fram í mati starfsmanna en jafnframt má benda á að innleiðing agastefnu tekur sinn tíma og við erum enn að læra á þau verkfæri sem hún gefur okkur. Í heildina tekið eru þessar niðurstöður svipaðar því sem gengur og gerist í öðrum skólum en við vonumst til að með aukinni þekkingu á Jákvæðum aga munum við ná enn betri árangri á þessu sviði. Má nefna að fyrirhugað er tveggja daga námskeið fyrir kennara skólans nk. haust þar sem fenginn verður þjálfari erlendis frá.



Umhugsunarverðar eru niðurstöður foreldrakönnunar þar sem spurt er um einelti:

Q21. Einelti er fátítt í skólanum						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	3,50%	23,70%	7,90%	4,40%	60,50%	2,57
2011	4,60%	27,80%	10,60%	3,30%	53,60%	2,60

Þarna er óásættanlega stór hluti annaðhvort frekar eða mjög ósammála því að einelti sé fátítt. Þegar eineltismál koma upp er unnið skv. eineltisáætlun og hefur gengið bærilega að leysa úr þeim málum sem upp hafa komið. Staðreyndin er hins vegar sú að á síðasta skólaári komu einungis upp tvö eineltismál sem unnið hefur verið með sem slík. Þarna er því annaðhvort um að ræða óraunhæfa tilfinningu hjá hópi foreldra eða að það hafa verið í gangi mál sem við vitum ekki um. Þær tengslakannanir sem lagðar hafa verið fyrir (tvisvar í vetur í öllum bekkjum) hafa hins vegar t.d. ekki gefið okkur vísbendingu um fleiri mál. Þarna er því líklega tilefni til að upplýsa foreldra mun betur bæði um fyrirbyggjandi aðgerðir okkar og eins til hvaða ráða er gripið ef eineltismál koma upp.

Aldursblöndun nemenda og sveigjanleg hópaskipting er annar þáttur sem við leggjum áherslu á og hefur gengið eftir. Segja má að kennarar séu samt sem áður enn að læra á kosti og möguleika þess að geta skipt nemendum í mismunandi hóp á eftir viðfangsefnum, námsstíl o.s.frv. Ljóst er að foreldrar eru enn sem áður dálítið tvístígandi í afstöðu sinni til þessa stefnuþáttar og þarfnast hann aukinnar kynningar:

Q25. Mér finnst samkennd árganga æskileg						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	16,50%	40,90%	10,40%	11,30%	20,90%	2,73
2011	15,40%	36,90%	19,50%	8,70%	19,50%	2,69

Vinna að umhverfismálum er komin nokkuð af stað en þessi vinna er að nokkru leyti í samstarfi við Naustatjörn, t.d. höfum við fengið að nota "Urði" (karakter sem sér um að fræða börnin um umhverfismál), merkingar og áróður frá Naustatjörn o.fl. Jafnréttisstefna hefur verið mótuð í vetur og vinna skv. henni hefst á næsta skólaári.

Samvinna

Undir þessum áherslupunkti eru markmið eins og að starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum, að foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna og að skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu.

Kennsla fer fram í teymum og sú tilhögun er að skila góðum árangri í langflestum tilvikum. Unnið er að innleiðingu lýðræðislegra vinnubragða, má þar nefna gæðahringina sem eru tvímælalaust framlag til lýðræðislegra starfshátta.

Hér má sjá svör foreldra við nokkrum spurningum sem snúa að þessum þætti

Q26. Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barns míns						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	17,40%	40%	26,10%	7,80%	8,70%	2,71
2011	17,10%	57,50%	15,10%	4,10%	6,20%	2,91



Q28. Unnið er skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	18,30%	53%	10,40%	1,70%	16,50%	2,96
2011	21,80%	55,10%	8,80%	0%	14,30%	3,06

Q38. Skólinn tekur tillit til óska og athugasemda foreldra						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	36,90%	47,70%	2,70%	0%	12,60%	3,28
2011	29,90%	50,30%	4,10%	0%	15,60%	3,18

Þarna virðumst við vera á réttri leið. Foreldrar eru áhugasamir um samstarf og eru almennt á því að skólinn reyni að skapa grundvöll til samstarfs. Þá má nefna að hvert einasta foreldri sem svaraði könnuninni telur sig vera velkomið í skólann sem er afar ánægjulegt! Samvinna við foreldra hefur því gengið vel og er raunar einkennandi hve foreldrahópurinn er jákvæður og tilbúinn til samstarfs. Nokkur hópur foreldra nýtir sér tækifæri til að hafa áhrif á nám barna sinna, t.d. er umtalsvert samráð um heimanám í þónokkrum tilfellum.

Upplýsingastreymi frá skóla til heimila virðist með nokkuð góðu móti, kennarar senda vikulega pósta heim, heimasíða er virk og fréttabréf gefið út mánaðarlega. Þá virðist mentorvefurinn vera farinn að nýtast nokkuð betur til upplýsingagjafar en áður en við vonumst til að aukin notkun okkar á námsmarkmiðum í mentor muni gefa foreldrum enn betri upplýsingar:

Q29. Mentor-vefurinn nýtist vel til upplýsingagjafar						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	28,30%	42,50%	11,50%	9,70%	8%	2,93
2011	38,90%	43,60%	13,40%	2%	2,00%	3,20

Í heildina tekið virðumst við vera heldur að styrkja okkur í samvinnunni við foreldra, vísbendingar um það má m.a. finna í eftirfarandi svörum:

Q30. Kennarar skólans hafa rætt við mig um hvernig ég get aðstoðað barn mitt við heimanám				
	JÁ	NEI		
2010	46,90%	53,10%		2,41
2011	67,30%	32,70%		3,02

Q31. Kennari hefur samband þegar vel gengur hjá barni mínu				
	JÁ	NEI		
2010	39,10%	60,90%		2,17
2011	62%	38%		2,86

Q32. Kennari hefur samband þegar ekki gengur sem skyldi hjá barni mínu				
	JÁ	NEI		
2010	72,10%	27,90%		3,16
2011	83%	17%		3,49




Teymisvinna er grundvallarþáttur í starfinu í skólanum. Við erum enn að læra að vinna í teyðum og hefur töluvert áunnist í þeim þætti í vetur. Kennarar kalla töluvert eftir leiðsögn um þennan þátt og við því reyna stjórnendur að bregðast eftir mætti, til þess njóta þeir reyndar töluverðs stuðnings frá Birnu Svanbjörnsdóttur (sjá kafla um "rannsóknarverkefni um námssamfélag" hér að framan). Betur þarf að gera í þessum efnum og er áformuð enn frekari fræðsla og leiðsögn um þennan þátt næsta vetur.

Samvinna við Naustatjörn gengur vel, nemendur Fífilbrekku og Naustaskóla hafa "flætt" dálítið á milli og er það að aukast smátt og smátt. Framundan er endurskoðun á samstarfsáætlun stofnananna.

Táp og fjör

Lagt var upp með þau markmið að nemendur og starfsmenn væru glaðir í skólanum, að það sé gaman innan veggja hans og að skólinn stuðli að hreysti nemenda. Í flestum tilfellum eru foreldrar á því að vel hafi tekist til og þarna er góð fylgni milli svara nemenda og foreldra. Við virðumst reyndar vera enn að styrkja okkur í þessum þætti:

Q41. Barni mínu finnst gaman í skólanum						
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	45,60%	43,90%	7,90%		1,80%	0,90%
2011	45,30%	46,60%	6,10%		0,70%	1,40%



Það er hins vegar ljóst að þarna sem og á mörgum öðrum sviðum má gera mun betur. Tilfinning starfsmanna er samt sem áður sú að vel hafi tekist til. Gestir hafa t.d. einnig haft á orði að skólabragurinn líti út fyrir að vera jákvæður og frjálsslegur og sýnist að vel fari um þá sem í skólanum starfa.

Íþróttakennsla er í raun meiri en viðmiðanir gera ráð fyrir en hluti hennar fer fram á skólalóðinni allan veturinn.

Við viljum hafa starfið fjölbreytt og sveigjanlegt og hér má sjá svör nemenda og foreldra varðandi þann þátt:



16. Mér finnst starfið í skólanum fjölbreytt

	Response Percent
Mjög sammála	49.4%
Frekar sammála	31.0%
Frekar ósammála	5.7%
Mjög ósammála	4.6%
Veit ekki	9.2%

	Q2. Kennsluaðferðir kennara barns míns eru fjölbreyttar					
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE	
2010	28,70%	53%	4,30%	2,60%	11,30%	3,13
2011	34,40%	55%	0,00%	0,70%	9,90%	3,28

SVÓT-greining

Starfsfólk skólans gerði SVÓT-greiningu (styrkleikar, veikleikar, ógnanir, tækifæri) á vordögum og voru helstu niðurstöður eftirfarandi:

Styrkleikar:

Sveigjanleiki og fjölbreytileiki í starfinu
 Fjölbreyttar kennsluaðferðir
 Starfsfólk verður sífellt færara í að mæta einstaklingum
 Einstaklingurinn fær að njóta sín
 Námssamfélag í mótun, stöðug þróunarvinna í gangi
 Teymiskennsla – er að styrkjast
 Jákvæð viðhorf til kennslu og náms, jákvætt viðmót
 Samkennsla og árgangablöndun
 Nemendum virðist líða vel
 Nemendur geta leitað til fullorðinna
 Nemendur upplifa sig sem þátttakendur í náminu
 Samheldni starfsfólks og góður starfsandi
 Starfsfólk á kost á sjálfstæði í vinnubrögðum – hlustað á tillögur starfsmanna
 Mannauðurinn í skólanum!

Veikleikar:

Skólalóð orðin of lítil
 Farið of geyst í skólaþróuninni – of margt nýtt í gangi í einu
 Þarf skýrari viðbrögð vegna agamála
 Alltaf hægt að bæta upplýsingaflæði
 Margt enn ómótað í nýjum skóla
 Foreldrar sumir illa upplýstir um þætti í stefnu skólans
 Námsmat þarf að gefa betri upplýsingar
 Aðstaða til verklegar kennslu

Ógnanir:

Húsnæði fer að verða of lítið, gallar á loftræstingu o.fl.
Við sjálf – fordómar, hræðsla, þekkingarleysi o.fl. mannlegir þættir
Agavandamál
Sumum nemendum líður ekki nægilega vel
Stefnan óskýr í huga ákveðins foreldrahóps
Óánægja elstu nemendanna með aldursblöndun

Tækifæri:

Fjölbreytileg þekking og kunnátta í starfsmannahópnum
Samvinna leik- og grunnskóla
Húsnæðið gefur mikinn sveigjanleika sem hægt er að nýta enn betur í starfinu
Nýta ýmsar kennsluáðferðir enn betur
Stækkun húsnæðisins framundan gefur tækifæri t.d. að skólinn verður frekar miðstöð
hverfisins en nú er.
Fjölbreytni í kennsluáðferðum – námsaðlögun – getum gert enn betur
Aukin nýting á leiðtogahæfileikum í starfsmannahópnum - námssamfélag

Umbótatillögur frá starfsmönnum:

Virkja leiðtogahæfileika hvers og eins innan teymanna – dreifa forystu
Stjórnendur stýri sendingum "jákvæðnipósta" til foreldra – þ.e. minni kennara á
Kynna betur eineltisstefnu og úrræði fyrir foreldrum
Aukin aldursblöndun t.d. enn meira samstarf 1.-3. bekkjar og 4.-?
Aukið upplýsingaflæði til foreldra, kennsla á mentor, bjóða upp á upplýsingar á pappír
Breytt fyrirkomulag á ávaxtastundum
Hrinda áformum um vinabekki í framkvæmd
Samstillta reglur varðandi eftirfylgni vegna hegðunarvanda
Betra kaffi- djúsvél/vatnsvél – stærri ísskáp á kaffistofu – nýjan tölvuvagn
Hafa fastan útikennslutíma hjá öllum námshópum a.m.k. mánaðarlega
Endurskoða fyrirkomulag á gervigrasvelli





Uppgjör á umbótatillögum síðasta árs:

Í ársskýrslu skólaársins 2009-2010 voru settar fram þær umbótatillögur sem hér eru tilgreindar en hér er einnig að finna mat á því hvernig til hefur tekist.

Námsaðlögun:

- Bæta þarf yfirsýn foreldra varðandi námsstöðu nemenda. Námskeiðahald þarf fyrir kennara á haustdögum, stefnumótun og gerð viðmiða um námsmat þannig að það byggi meira á markmiðssetningu. Auka þarf og samræma notkun námsmappa.
 - Námskeið var haldið og umræða um námsmat hefur verið töluverð, hafist var handa við að lista upp og skilgreina námsmarkmið í íslensku og stærðfræði og lítillega er byrjað að vinna þá vinnu varðandi aðrar námsgreinar. Námsmarkmiðin hafa gefist afar vel og kennarar eru orðnir umtalsvert markmiðsmiðaðri í sinni kennslu og námsbækur stýra náminu minna. Námsmöppur eru víða komnar í notkun að vissu marki og skilgreiningarvinna og umræður um notkun hafa farið fram.
- Endurskoða þarf áætlanakerfi í íslensku og stærðfræði, vinna áfram með að setja niður markmið og skipuleggja námið í þrep.
 - Sjá að framan um vinnu við námsmarkmið, þetta hefur gengið eftir.
- Kennarar vilja sjá skýrari sérkennsluramma og kalla eftir meiri leiðbeiningum varðandi úrræði og ramma fyrir þá nemendur sem þess þurfa. Nýta þarf ráðgjöf frá deildarstjóra, iðjuþjálfra og þroskaþjálfra og virkja stuðningsfulltrúa betur með betra skipulagi og samráðsfundum með kennurum.
 - Þetta hefur gengið eftir að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir að kennarateymi komi til móts við alla nemendur en deildarstjóri og þjálfar annast ráðgjöf, greiningarvinnu og þjálfun. Unnar hafa verið starfslýsingar fyrir iðjuþjálfra og þroskaþjálfra til að skerpa á hlutverkum þeirra. Betur gekk að tryggja samráðstíma stuðningsfulltrúa og kennarateyma en gera þarf enn betur í þeim málum.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun, áhersla á námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun, Numicon, Byrjendalæsi, Orð af orði o.fl.
 - Þetta gekk eftir að mestu en halda þarf áfram endurmenntun varðandi þessa þætti og aðra.
- Varðandi þemavinnu þarf að hafa fleiri sameiginleg þemu með breiðri aldursblöndun. Vinna þarf upp skipulagningu/yfirlit yfir þemu og viðfangsefni m.t.t. markmiða aðalnámskrár.
 - Ekki voru sett á fleiri þemu með breiðari aldursblöndun en samstarf milli námshópa jókst nokkuð, mest hjá 1.-3. bekk. Hafin er vinna við að koma betra skipulagi á þemu þannig að þau myndi heild upp alla skólagönguna.
- Varðandi kennsluaðferðir almennt mætti t.d. nýta meira hringekju sem verkfæri, leggja áherslu á söguaðferð, auka útikennslu og leggja meiri áherslu á smíða-textíl- og heimilisfræðikennslu í 1. bekk.
 - Þetta gekk eftir nema að sumir kennarar þurfa betri kynningu og kennslu í notkun söguaðferðar.
- Þörf er á að lestrarprófa oftar yfir veturinn.
 - Gekk eftir

**Athvarf:**

- Leggja þarf fyrir tengslakannanir meðal nemenda til að fylgjast betur með líðan þeirra.
 - Gekk eftir, tengslakannanir voru lagðar fyrir tvisvar sinnum yfir veturinn.
- Ljúka þarf við gerð eineltisáætlunar og skipa þarf eineltisteymi.
 - Gekk eftir, eineltisáætlun liggur fyrir og nemendaverndarráð gegnir hlutverki eineltisteymis.
- Aðlaga þarf starf námsráðgjafa að skólastarfinu og nýta þá möguleika sem starfskraftar námsráðgjafa gefa.
 - Gekk eftir.
- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
 - Gekk ekki eftir. Íþróttakennara hefur verið falið að skipuleggja lóðina og kynna fyrirkomulagið fyrir nemendum og starfsfólki.

Umhyggja og virðing:

- Námskeiðahald þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur.
 - Námskeið var haldið og innleiðing agastefnunnar er í fullum gangi, enn er þó nokkuð í land með að allir séu nægilega samstilltir hvað þetta varðar.
- Vinna þarf jafnréttisstefnu fyrir skólann.
 - Jafnréttisstefna liggur fyrir og birtist í starfsáætlun 2011-2012.
- Sækja þarf um Grænánann og vinna formlega umhverfisstefnu.
 - Gekk ekki eftir. Umsókn um Grænánann hefur verið frestað en flokkun hefur aukist og verður gert átak í þeim efnum haustið 2012 í samræmi við verklagsreglur Akureyrarbæjar.

Samvinna:

- Kalla mætti oftar á foreldra í skólann t.d.á stuttar sýningar, kaffi og spjall, gefa foreldrum aukin tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
 - Gekk eftir þó að enn betur megi gera.
- Nýta þarf betur undirbúningstíma að hausti til að teymin nái að "slípast saman", leggja niður fyrir sér vinnulag, samskiptareglur o.s.frv. Meiri samvinna milli kennarateyma á hvorri hæð fyrir sig með reglulegum samráðsfundum. Gæta þarf þess að kennarar og stuðningsfulltrúar fái samráðstíma.
 - Þetta var leitast við að gera en gera þarf enn betur.
- Tryggja þarf að upplýsingar um forföll, og þar með mönnunarþörf, berist til allra viðkomandi. Þáttur í þessu verði stuttir fundir skólastjórnenda, rítara og húsvarðar að morgni dag hvern.
 - Hefur lagast eftir því sem leið á veturinn.
- Nýta þarf starfsmannafundi betur til að tryggja að upplýsingar um nemendur berist til allra starfsmanna sem að nemendum koma.
 - Hefur gengið bæmilega, tekið var upp breytt fyrirkomulag á starfsmannafundum og starfsmenn gerðir ábyrgir fyrir að skrá dagskrármál, ekki síst hvað þetta varðar.



- Mikilvægt er að kennarar skrái einnig jákvæða hluti inn á Mentor
 - Þetta hefur aukist mjög mikið en enn betur má gera.
- Ljúka þarf við gerð sjálfsmatsáætlunar skólans og hefja markvissa vinnu skv. henni.
 - Áætlun um innra mat liggur fyrir.

Táp og fjör:

- Festa þarf og skipuleggja atriði árganga á samverustundum. Nýta þær meira til innlagna og hugleiðinga frá skólastjórnendum og/eða kennurum og breyta lagavali m.t.t. að kynna íslenska laga- og textagerð.
 - Árgangar skiptust á um að vera með atriði á samverustundum, nýta má samverustundir enn betur til innlagna og hugleiðinga.
- Auka þarf útikennslu.
 - Gekk eftir að nokkru marki, þetta þarf að setja meira í hendur kennarateymanna sjálfra og hvetja þau til að nýta umhverfið í enn meira mæli.

Almennt mat og umbótatillögur

Í heildina tekið má lesa ánægju með skólann út úr því mati sem framkvæmt hefur verið meðal foreldra, nemenda og starfsmanna. Auk beinna svara við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir í könnunum barst töluverður fjöldi athugasemda og ábendinga sem teknar hafa verið til handargagns og hafðar til hliðsjónar. Yfirhöfuð virðast foreldrar vera ánægðir með skólann og hann virðist standa undir væntingum flestra.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er lítil breyting á ánægju foreldra með skólann milli ára og eru það afar góðar fréttir.

Q42. Ég er ánægð/ur með skóla barnsins míns					
	MS	FS	FÓ	MÓ	VE
2010	57%	37,70%	4,40%	0%	0,90%
2011	54,70%	40,50%	1,40%	0%	3,40%

Það bendir því allt til þess að við séum á réttri leið og megum nokkuð vel við una. Þær umbótatillögur sem settar voru fram fyrir ári hafa flestar náð fram að ganga og þurfum við nú að vanda okkur við að halda því sem vel hefur tekist og bæta við svo enn betri árangur náist. Eins og fram kom hjá starfsmannahópnum í SVÓT-greiningunni og í umræðum og viðtölum hefur stundum verið mikið álag á fólki við að móta nýja stofnun þar sem ætlunin er að fara ótroðnar slóðir að vissu marki. Það er því rökrétt að umbótatillögur fyrir næsta ár felast ekki í því að taka upp marga nýja hluti heldur frekar að halda áfram að styrkja það sem unnið hefur verið að.

Fyrir næsta ár viljum við því einbeita okkur að eftirtöldum atriðum:

Námsaðlögun:

- Bæta þarf enn frekar yfirsýn foreldra varðandi námsstöðu nemenda. Þetta þarf að gera með aukinni notkun námsmarkmiða, birtingu markmiðanna og stöðu nemenda miðað við sett markmið á mentor.is. Taka þarf námsmöppur í notkun með markvissum hætti þannig að þær gefi foreldrum greinargóðar upplýsingar um það nám sem fram fer og stöðu nemenda.



- Halda þarf áfram að lista upp og skilgreina námsmarkmið í öðrum námsgreinum en íslensku og stærðfræði og endurskoða sett markmið. Byrja þarf á náttúrufræði og samfélagsfræði og ganga frá heildstæðu skipulagi á þeim.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á fyrra ári þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun, Numicon, Byrjendalæsi, Orð af orði o.fl. en að auki á vinnu í teymi og mótun námssamfélags.

Athvarf:

- Vinna þarf skv. eineltisáætlun og kynna hana mun betur fyrir foreldrum.
- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum.
- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.
- Aðlaga þarf starfsaðstöðu og kaffistofu auknum starfsmanna- og nemendafjölda eins og kostur er.
- Ljúka þarf gerð áhættumats fyrir vinnustaðinn skv. lögum og reglum um vinnuvernd.

Umhyggja og virðing:

- Enn frekara námskeiðahald þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur.
- Móta þarf formlegar skólareglur fyrir skólann þar sem kveðið er á um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
- Búa þarf svo um hnúta að allir starfsmenn geti skráð hegðunarfrávik í mentorkerfið svo upplýsingar komi frá fyrstu hendi.
- Hvað umhverfismál varðar þarf að gera átak í flokkun þannig að hún samræmist verklagsreglum Akureyrarbæjar.

Samvinna:

- Foreldrar séu hvattir enn frekar til að mæta í skólann og kennarar gefi þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
- Aukin upplýsingamiðlun til foreldra um notkun mentor og hvað þar er að finna. Bjóða upp á upplýsingar á pappír s.s. fréttabréf o.fl.
- Nýta þarf betur undirbúningstíma að hausti til að teymin nái að "slípast saman", leggja niður fyrir sér vinnulag, samskiptareglur o.s.frv. Nýta deildarfundi betur til samvinnu kennarateyma. Gæta þarf þess að kennarar og stuðningsfulltrúar fái samráðstíma.
- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum.
- Halda áfram mótun námssamfélags skv. framkvæmdaáætlun þar um.
- Tryggja þarf að starfsmannafundir nýtist til að miðla upplýsingum um nemendur til allra sem þær þurfa.
- Mikilvægt er að kennarar skrái einnig jákvæða hluti inn á Mentor. Stjórnendur minni kennara á að senda "jákvæðnipósta".
- Vinna skv. áætlun um innra mat hefst.

Táp og fjör:

- Útikennslutími festur á kennsluskipulag hvers námshóps.
- Tónmenntakennari vinni með kennsluteyllum að ákveðnum þemaverkefnum.
- Nemendaráð styrkt enn frekar í starfi – tengsl við félagsmiðstöð efld og komið á auknu félagsstarfi fyrir miðstignemendur.



Glaðir nemendur á bleikum degi í skólanum



Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins

STUNDASKRÁIN MÍN - 1. bekkur

NÁMSAÐLÖGUN - ATHVARF - UMHYGGJA - SAMVINNA - TÁP OG FJÖR - ALLIR MED

Klukkan		Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:45 - 8:10		Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10 - 8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20 - 8:40	20	Fundur	Samvera	Fundur	Samvera	Fundur
8:40 - 9:25	45	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
9:25 - 9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30 - 9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55 - 10:45	50	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Íþróttir Naustaskóli	Bekkjartími
10:45 - 11:45	60	Tónmennt Bekkjartími	Bekkjartími	Íþróttir Laugargötu Sótt 10:35 koma 11:55	Bekkjartími	Bekkjartími
11:45 - 12:15	30	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15- 13:15	0	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Sund - Sverðfiskar sótt kl.11:50 koma kl. 13.10 Sund - Gullfiskar sótt kl. 12.20 koma kl. 13.40 Sund - Flugfiskar sótt kl. 12:50 koma kl. 14:10

Viðtalstími og netföng umsjónarkennara

J. Freydís Þorvaldsdóttir jft@akmennt.is Þriðjudaga kl. 14:00 - 14:30

Lilja Þorkelsdóttir liljath@akmennt.is Miðvikudaga kl. 14:00 - 14:30



Naustaskóli
V/ Hólmatún
sími 460-4100
www.naustaskoli.is



STUNDASKRÁIN MÍN 2.-3. BEKKUR

NÁMSAÐLÖGUN - ATHVARF – UMHYGGJA - SAMVINNA - TÁP OG FJÖR - ALLIR MEÐ!



		MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	25	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	Bekkjartími	Samvera	3. bekkur íþróttir 8:40 - 10:10	Samvera	Bekkjarfundur
8:40-9:25	45		Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
9:25-9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Bekkjartími	Bekkjartími	2. bekkur íþróttir 9:30 - 11:00 Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
10:40-10:45	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30	Sund 3. bekkur Hópur 1: 11:20-12:40 Hópur 2: 11:50-13:10	Smiðja A: tón D:mynd B: smí/hand E: heim C og F: íþr	Bekkjartími	Bekkjartími	Smiðja A: smí/hand B og E: íþr D: heim C: tón F: mynd
11:15-11:45	30					
11:45-12:15	30	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Sund 2. bekkur Hópur 1: 12:20-13:40 Hópur 2: 12:50-14:10 Hópur 3: 13:20-14:40	Bekkjartími	Bekkjartími	Smiðja A og D: íþr B:tón C: smí/hand E:mynd F: heim	Bekkjartími
12:45-13:15	30					



Viðtalstími og netföng umsónarkennara

Brynja Dögg Hermannsdóttir - brynjadogg@akmennt.is – Mánudaga 14:00 – 14:30
Halla Jóhannesdóttir - hallaj@akmennt.is – Þriðjudaga 14:00 – 14:30
Inga Lilja Ólafsdóttir - ingal@akmennt.is – Miðvikudaga 14:00 – 14:30
Yrsa Hörn Helgadóttir - yrsa@akmennt.is – Fimmtudaga 14:00 – 14:30



Naustaskóli



STUNDASKRÁIN MÍN 4.-5. bekkur

Námsaðlögun - Athvarf - Umhyggja - Samvinna - Táp og fjör - Allir með

		MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	30	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	Sund 4.b (A) 8:10-9:30	Samvera	Áætlun/Innlögn	Samvera	Sund 5.b (C) 8:10-9:30
8:40-9:25	45	Sund 4.b (B) 8:40-10:00 5.bekkur Enska 8:25-9:25	Þema		Þema	Sund 5.b (D) 8:40-10:00 4.bekkur Enska 8:25-9:25
9:25-9:30	15	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Áætlun/Stöðvar	Þema	Áætlun/Innlögn	Þema	Bekkjarfundur
10:40-10:45	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30	Áætlun/Stöðvar	Áætlun	Bekkjartími	Smiðja	Áætlun/klárutími
11:15-11:45	30					
11:45-12:15	40	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Smiðja	Lestur 25 mín Íþróttir 12:45 til baka 14:15	Smiðja	Áætlun	Smiðja
12:45-13:15	30					
13:15-13:20	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13:20-14:20	60				Smiðja Skólinn búinn 14:20	

Umsjónarkennarar: Heimir Örn Árnason netfang: heimiorn@akmennt.is Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson netfang: gunnthor@akmennt.is
Sigurlaug Jónsdóttir netfang: sigurlaug@akmennt.is Viðtalstímar hjá öllum kennurum 14:15-15:00 á miðvikudögum.



STUNDASKRÁIN MÍN 6.-7.ÁP

Námsaðlögun – Athvarf – Umhyggja - Samvinna - Táp og fjör - Allir með

		MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	30	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	Bekkjarfundur	Samvera	Bekkjarfundur	Samvera	Bekkjarfundur
8:40-9:25	45	Áætlun Sund 6.b 9:10-10:30	6.bekkur Enska 7.bekkur Danska	Áætlun	Þema	6.bekkur Lestur 7.bekkur Danska
9:25-9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Áætlun Sund 7.b 9:40-11:00	Áætlun	Áætlun	Þema	Áætlun
10:40-10:45	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30	Áætlun	Þema	6.b Enska /7.b áætlun	Smiðja	Þema
11:15-11:45	30			6. áætlun/7.b Enska		
11:45-12:15	40	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Smiðja	Áætlun til kl.13 6.b Trúarbragðaf. 7.bekkur Enska	Smiðja	Áætlun	Smiðja
12:45-13:15	30					
13:15-13:20	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13:20-14:20	60		Íþróttir 13:45 - 15:15	Þema	Smiðja Skólinn búinn 14:20	

Umsjónarkennarar: Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
Þóra Ýr Sveinsdóttir

netfang: asakatrinn@akmennt.is
netfang: thorayr@akmennt.is

Viðtalstími: föstudögum kl. 8:40 – 9:25
Viðtalstími: föstudögum kl. 8:40 - 9:25



STUNDASKRÁIN MÍN 8.KH

Námsaðlögun - Athvarf - Umhyggja - Samvinna - Táp og fjör - Allir með

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8 ¹⁰ - 8 ²⁰	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8 ²⁰ - 8 ⁴⁰	Fundur	Samvera	Fundur	Samvera	Fundur
8 ⁴⁰ - 9 ²⁵	Enska HÖÁ 8 ⁴⁰ - 9 ⁴⁰	Stærðfræði ÁKG	Íslenska	Íslenska	Enska HÖÁ
9 ³⁰ - 9 ⁵⁵	Frímó 9 ⁴⁰ - 10 ¹⁰	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9 ⁵⁵ - 10 ⁴⁰	Sund frá 10 ¹⁰	Danska	Danska	Íslenska	Þema ÁFJ
10 ⁴⁵ - 11 ⁴⁵		Þema ÁKG ÞÝS	Stærðfræði ÁKG	Smiðja	
11 ⁴⁵ - 12 ¹⁵	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12 ¹⁵ - 13 ¹⁵	Smiðja	Íslenska	Smiðja	Stærðfræði ÁKG	Smiðja
13 ²⁰ - 13 ⁴⁵	Brekurskólaval	Íþróttir	Samval skóla	Smiðja	ATH: Á töfluna vantar valgreinar nemenda!
13 ⁴⁵ - 14 ²⁰					
14 ²⁰ - 15 ¹⁵					



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 3. árgangur, 16. ágúst 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Lykilorð í mentor

Vanti foreldra ný lykilorð í mentor er hægt að fá þau send beint af vefsíðu mentor.is með því að slá inn kennitölu viðkomandi. Einnig er hægt að snúa sér til ritara skólans.

Fjöldi nemenda:

Innritaðir nemendur skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 31 nemendur
2. bekkur: 34 nemendur
3. bekkur: 30 nemendur
4. bekkur: 30 nemendur
5. bekkur: 22 nemendur
6. bekkur: 18 nemendur
7. bekkur: 16 nemendur
8. bekkur: 16 nemendur

Alls 197 nemendur

Kæra skólasamfélag

Naustaskóli er nú að hefja annað starfsár sitt og er sannarlega mikill hugur í okkur að halda áfram að þróa og móta skólann okkar. Starfsfólk skólans er þessa dagana að undirbúa skólastarfið, sitja námskeið og búa í hagin svo allt verði tilbúið þegar nemendur mæta til starfa í næstu viku. Skólastarfið hefst með viðtölum með líku sniði og í fyrra þar sem umsjónarkennarar hitta nemendur og foreldra og leggja grunninn að starfinu í vetur. Með fréttabréfinu eru sendir út viðtalstímar og skráningarblað sem foreldrar eru beðnir um að skila þegar mætt er til viðtals. Eins og sjá má hér til hliðar hefur fjölgað töluvert hjá okkur frá fyrra ári og þegar þetta er skrifað eru 197 nemendur innritaðir í skólann. Starfsfólki hefur auðvitað fjölgað að sama skapi og eru starfsmenn skólans nú orðnir alls 35 talsins. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og starfsmenn að sjálfsögðu velkomna til samstarfs og væntum þess að eiga gott og farsælt samstarf í vetur og um ókomin ár.

Megintilgangur þessa fréttabréfs er að miðla upplýsingum um upphaf skólastarfsins, við biðjum foreldra um að lesa vel þær upplýsingar sem er að finna á bls. 2, auk þess bendum við á heimasíðu skólans þar sem finna má helstu upplýsingar um skólann.

Með von um farsæla skólabyrjun og að lífið verði alveg hreint dásamlegt í Naustaskóla veturinn 2010-2011.

Ágúst Jakobsson

Ágúst 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
22	23 Viðtalsdagur Frístund opnar (Soðinn fiskur með kartöflum, rófum og tómatsósu)	24 Viðtalsdagur Frístund opin (Matmikil kartöflu-mauksúpa með ný-bökuðu baguette)	25 Kennsla hefst skv. stundaskrá Þorskur á hrísgrjónabeði, salat og sósa	26 Gullash í brúnni, salat og hrísgrjón	27 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	28
29	30 Útivistardagur Soðinn fiskur m/ kartöflum, tómötum, gúrkum og laukfeiti	31 Kjöttbollur, kartöflur, Bíldudals-grænar og sósa		Dagskrá útivistardagsins 30. ágúst verður nánar auglýst síðar en gert er ráð fyrir að skóladagur nemenda endi á hádegi þann daginn.		



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Hagnýtar upplýsingar / til minnis fyrir foreldra (lesa vel)

- Tímasetningar haustviðtala við umsjónarkennara dagana 23. og 24. ágúst má finna á yfirlitsblaði sem sent er út með fréttabréfinu en má einnig finna á heimasíðu skólans. Ef tímasetning viðtals hentar alls ekki má hafa samband við ritara skólans og biðja um breytingu á viðtalstímanum.
- Fyrir viðtöl við umsjónarkennara mælumst við til þess að foreldrar og nemendur skoði sameiginlega leiðsagnarmatið sem afhent var í vor (það má líka nálgast það í mentor). Foreldra nýrra nemenda við skólann biðjum við líka um að setjast niður með börnum sínum og undirbúa viðtölin með því að ræða saman um það sem framundan er. Gott getur verið að byrja á því að ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvernig líst þér á að byrja í Naustaskóla?
- Heldur þú að eitthvað verði erfitt í nýja skólanum?
- Í hverju ertu best/ur?
- Í hverju langar þig að vera góð/ur?
- Hvernig finnst þér/lykkur að heimanámið eigi að vera?
- Hvað finnst þér gaman að gera í frímínútum?
- Áttu vin/vini sem er að fara í Naustaskóla?
- Hver eru helstu áhugamál þín?
- Hvaða markmið gætum við sett fyrir veturinn?
- Fleira sem ykkur dettur í hug að gott sé að komi fram í viðtali við kennarann...??

Naustaskóli - símaskrá

460 4100 Aðalnúmer -ritari
 460 4111 Frístund
 460 4110 Fífilbrekka - leikskóladeild
 460 4101 Skólastjóri beinn sími
 460 4102 Deildarstjóri beinn sími
 460 4106 Námsráðgjafi
 460 4112 Skólahjúkrunarfræðingur
 460 4103 Kaffistofa
 460 4105 Vinnustofa kennara 6.-8.b
 460 4109 Vinnustofa kennara 4.-5.b
 460 4115 Vinnustofa kennara 1.-3.b

- Gert er ráð fyrir að allir nemendur séu í fæði í mötuneyti skólans alla virka skóladaga, því þarf ekki að skrá nemendur í mötuneytið. Ef ætlunin er hins vegar að einhver nemandi nýti sér ekki þjónustu mötuneytisins alla daga þurfa foreldrar að hafa samband við skólann og skrá nemandann úr fæði eða skrá á tiltekna daga. Breyta má skráningum í mötuneyti skólans í vetur með mánaðar fyrirvara.
- Sem fyrr er boðið upp á ávaxtaáskrift fyrir nemendur þannig að þeir þurfa ekki að hafa með sér nesti. Einnig er boðið upp á mjólkuráskrift fyrir þá nemendur sem vilja hafa með sér nesti eða vilja geta fengið sér mjólkurglas. Gjald fyrir þessa þjónustu verður innheimt einu sinni á önn, í byrjun október fyrir haustönnina, og verður væntanlega 5000 kr. fyrir ávaxtaáskriftina og um 2100 kr. fyrir mjólkuráskriftina. Þeir sem óska eftir þessari þjónustu merki við tilheyrandi reiti á Neyðarkortunum.
- Eins og í fyrra biðjum við foreldra um að aðstoða okkur við að tryggja öryggi barnanna á leið þeirra í skólann með því að annast gangbrautavörslu við gangbraut yfir Kjarnagötu, við bílastæði skólans. Þeir foreldrar sem geta tekið að sér eins og eina viku í gangbrautavörslu í vetur á tímanum 7:45-8:10 eru beðnir um að senda tölvupóst til skólans og bjóða fram krafta sína, netfangið er naustaskoli@akureyri.is
- Munið eftir að fylla út neyðarkortin og taka þau með þegar þið mætið í viðtal til umsjónarkennara.**
- Þegar nemendur og foreldrar mæta til viðtala verður hægt að máta og panta peysur og boli með merki skólans hjá ritara.
- Í haust verða tveir kennaranemar við nám og störf hjá okkur, mest í 4.-5. bekk. Hugmyndin er að þær muni sitja nokkur viðtöl við foreldra og nemendur í þessum árgöngum nú í upphafi vetrarins. Ef foreldrar vilja síður hafa nema viðstadda í viðtölunum er þeim að sjálfsgöðu frjálst að biðjast undan því með tölvupósti til umsjónarkennara eða með því að bera upp þá ósk þegar mætt er í viðtalið.
- Nú er starfandi námsráðgjafi við skólann og eru foreldrar/nemendur hvattir til að koma við eftir viðtölin, spjalla við námsráðgjafa og athuga hvaða þjónusta er í boði þar.
- Skólinn opnar sem fyrr kl. 7:45 að morgni en kennsla hefst kl. 8:10 hjá öllum nemendum.

Næsta fréttabréf kemur út 1. september



Fréttabréf Naustaskóla

8. tölublað, 3. árgangur, 1. september 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Mentor - lykilorð

Við minnum á að foreldrar geta sjálfir útvegað sér lykilorð að mentorkerfinu á vefnum www.mentor.is. Foreldrar nýnema sem ekki eru komnir með lykilorð geta því útvegað sér þau þar eða haft samband við ritara skólans.

Forföll og leyfi

Foreldrar geta sjálfir skráð inn forföll barna sinna á mentorvefnum. Athugið hins vegar að sú skráning er eingöngu ætluð til að skrá veikindaforföll, vinsamlegast hafið samband við skólann símileiðis eða með tölvupósti til að óska eftir leyfum fyrir nemendur. Nauðsynlegt er að veikindaforföll séu tilkynnt inn í mentor eða með símtali að morgni, hvern þann dag sem nemandi er forfallaður.

Íþróttakennsla í sept.

Ætlunin er að kenna íþróttir alfarið úti í septembermánuði, a.m.k. meðan veður leyfir. Nemendur þurfa því að vera klæddir eftir því. Tilkynnt verður með tölvupósti ef kennslan flyst í íþróttahús fyrr.

Skólafatnaður - ATH

Þeir sem ekki eru búnir að panta skólapeysur/boli en hafa áhuga á því geta haft samband við ritara í síðasta lagi 3. september. Við auglýsum svo þegar fötin eru komin í hús og tilbúin til afgreiðslu.



Kæra skólasamfélag

Skólastarf í Naustaskóla er nú hafið af fullum krafti og er ekki annað að sjá en það fari vel af stað. Þá er gaman að geta þess að nú höfum við náð því marki að nákvæmlega 200 nemendur eru skráðir í skólann! Að þessu sinni settu framkvæmdir og húsnæðismál tiltölulega lítið mark á undirbúning skólstarfsins. Þó að reyndar hafi aðeins þurft að breyta og laga hjá okkur voru það smámunir miðað við það sem við höfum áður kynnst í þeim efnum. Starfsfólk skólans nýtti hins vegar aðdraganda skólasetningar að þessu sinni til að fræðast og undirbúa sig á margvíslegan hátt fyrir starfið sem framundan er. Má þar nefna að starfsmenn hafa setið námskeið og fræðslufundi um námsmat, notkun Numicon stærðfræðinámsgagna, kennsluaðferðirnar Byrjendalæsi og Orð af orði, notkun Mentorkerfisins, útiildun, kynjafræði, lýðræði í skólastarfi, jákvæðan aga, tölvunotkun, hópefli og sjálfsstyrkingu o.fl. Við starfsfólkið erum spennt fyrir vetrinum og erum sannfærð um að hann verði bæði skemmtilegur og árangursríkur, enda er jú lífið alltaf dásamlegt hjá okkur í Naustaskóla!

Ágúst Jakobsson

Skólafærninámskeið

Nú í haust munum við í fyrsta sinn bjóða upp á svokallað skólafærninámskeið sem er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Ætlunin er að námskeið af þessu tagi verði haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið þetta árið verður haldið **miðvikudaginn 22. september kl. 17:30-20:00**

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluaðferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**



Aðalfundur Foreldrafélagsins

Að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju heimili þarf að mæta á fundinn!

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verða hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og umræður í smærri hópum m.a. um foreldrasamning Heimilis og skóla. Samkvæmt lögum Foreldrafélags Naustaskóla skal aðalfundur haldinn árlega í maí. Síðastliðið vor fór hins vegar svo að mæting á aðalfundinn var svo slök að ákveðið var að fresta honum til haustsins og bera þá jafnframt upp tillögu að lagabreytingu sem fæli í sér að aðalfundur verði haldinn að hausti.

Hér með er því boðið til framhaldsaðalfundar Foreldrafélags Naustaskóla mánudaginn 13. september kl. 20:00-21:30 Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, þ.a.m. tillaga að framangreindri lagabreytingu og kjör fulltrúa foreldra í skólaráð, tilnefning bekkjarfulltrúa, umræður um foreldrastarf í hverjum árgangi/námshópi og umræður um foreldrasamning Heimila og skóla. Þeir sem vilja gefa kost á sér sem bekkjarfulltrúar eru beðnir um að senda póst til yaka@mentor.is. Afar mikilvægt er að við mótum frá upphafi þá hefð að foreldrar mæti á fundi Foreldrafélagsins og taki virkan þátt í starfinu. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum!

Útikennsla

Samkvæmt stefnu skólans ætlum við í haust og vetur að fíkra okkur áfram með útikennslu og nýta til þess m.a. hið stórgóða útivistarsvæði sem við höfum hér rétt við hlið okkar í Naustaborgum. Við höfum fengið liðsauka í þetta verkefni í vetur, þar er um að ræða Snorra Bergþórsson, sem leiddi m.a. útiskólastarf í Lundarskóla sl. skólaár. Snorri verður í hlutastarfi hjá okkur í vetur, að hluta sem íþróttakennari en að hluta sem "útiskólastjóri" en hann mun einnig kenna áfram við Lundarskóla. Í Naustaborgum má segja að orðin sé til útiskólastofa, búið er að ryðja rjóður og göngustíga, búa til eldstæði o.fl. og munu a.m.k. þrír skólar samnýta þessa aðstöðu í vetur, þ.e. Naustaskóli, Naustatjörn og Lundarskóli. Fyrirkomulagið hjá okkur verður á þann hátt að nú í septembermánuði skiptast árgangar og kennarar skólans á að fara upp í Naustaborgir, kynna sér aðstöðuna og hvernig hægt er að nýta hana til kennslu og leikja. Í framhaldinu mun svo Snorri taka á móti minni nemendahópum í Naustaborgum í samráði við aðra kennara skólans, auk þess sem þeir munu einnig nýta einnig svæðið á eigin spýtur. Auk þessa munum við að sjálfsögðu halda áfram að kenna íþróttir að hluta til úti og nýta önnur tækifæri sem gefast til útiveru og vettvangsferða þannig að það er sannarlega útlit fyrir að útivist verði veglegur hluti skólastarfsins í vetur.



Jákvæður agi

Í vetur höldum við áfram að innleiða uppeldisstefnuna okkar sem nefnist Jákvæður agi. Síðastliðið vor fóru tveir starfsmenn skólans, Ágúst og Sigurlaug, ásamt fulltrúum frá Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla til Bandaríkjanna á fjögurra daga námskeið um aðferðina en þessir skólar vinna saman að innleiðingu hennar. Þeir starfsmenn skólanna sem fóru utan, alls átta manna hópur, stóð svo sameiginlega fyrir fræðslu til annarra starfsmanna skólanna nú á haustdögum og mun áfram vinna saman að verkefninu, hafa samráð, vinna að þýðingum og staðfæringu á fræðsluefni, veita ráðgjöf o.s.frv. Fyrirhuguð er fræðsla og kynningar til foreldra þegar líður á haustið en þangað til má fræðast dálítið um efnið á vefsíðu skólans, á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi

Viðurkenningar skólanefndar



Laugardaginn 5. júní sl. veitti skólanefnd Akureyrarbæjar í fyrsta sinn viðurkenningar til nokkurra nemenda og starfsmanna, en veiting viðurkenninga með þessum hætti er í samræmi við skólastefnu bæjarins. Óskað hafði verið eftir tilnefningum frá starfsmönnum, foreldrum og stofnunum, valnefnd fór svo yfir tilnefningarnar og voru að lokum sjö nemendur og átta starfsmenn heiðraðir fyrir framúrskarandi frammistöðu. Meðal þeirra sem hlutu viðurkenningu var Reynir Franz Valsson sem var að ljúka 2. bekk í Naustaskóla. Við óskum honum og öðrum verðlaunahöfum innilega til hamingju!

Örfáir eiga enn eftir að greiða námsgagnagjald vetrarins sem er 2800 kr. fyrir nemendur í 1.-3. bekk en 4000 kr. fyrir nemendur í 4.-8. bekk. Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst!

Reikningsnúmerið er 1105-15-200070 kt. 070372-5099

Samverustundir

Á fimmtudögum í vetur munu árgangar skólans skiptast á um að vera með atriði. Á baksíðu fréttabréfsins má sjá hvernig þessar upptakomur raðast á daga.

Fatamarkaður RKÍ

Við minnum á fatamarkað RKÍ en þar er hægt að fá notaðar skólatöskur og ýmiskonar fatnað á börn og unglinga. Fatamarkaðurinn er til húsa í Gamla Lundi, á horni Skógarlundar og Þingvallastrætis. Opnunartími er frá kl. 9 til 16 virka daga. Ýmislegt er einnig að fá hjá nytjamarkaði Hjálpræðishersins, Hertex, við Hjalteyrargötu 2. Opnunartími þar er á þriðjudögum og föstudögum kl. 10 - 18.



Útivistarreglurnar
Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Hverfisnefnd - fundargerðir

Við vekjum athygli á að á vefsíðu skólans er að finna tengil inn á síðu Hverfisnefndar Naustahverfis þar sem finna má upplýsingar um nefndina og fundargerðir hennar.

Ársskýrsla Naustaskóla 2009-2010

Á vef skólans er nú aðgengileg ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2009-2010. Í henni má finna helstu upplýsingar um fyrsta starfsár skólans en auk þess inniheldur hún gróft mat á því hvernig til tókst og nokkrar tillögur um hvernig gera má enn betur í framtíðinni.



6. bekkur í siglingu

Föstudaginn 10. september næstkomandi munu nemendur í 6. bekk fara í vettvangsferð á sjó á bátum Húna II. Í ferðinni munu nemendur kynna sjávarútveginn og fræðast um lífríkið í sjó, ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Sjávarlíffræðingur miðlar til þeirra á liflegan hátt fræðslu um lífríki sjávar, sérkenni Eyjafjarðarinnar og sýnir þeim þurrkaðar sjávarlífverur. Rennt er fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum er aflinn grillaður og smakkaður um borð. Nemandur fá fræðsluefni afhent sem miðlar fróðleik um hollustuna úr hafinu og þann fjölbreytileika sem matarkistan hafið býður uppá. Fiskisþjald verður einnig afhent til að hengja upp í skólastofu þar sem það minnir á hollustuna úr hafinu og það sem þau upplifðu í ferðinni.

Námsráðgjafi

Við skólann starfar nú Aðalheiður Skúladóttir náms- og starfsráðgjafi í 40% starfi. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á annari hæð. Allir nemendur og foreldrar eru hvattir til að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Hægt er að bóka tíma í gegnum síma 4604100 eða senda tölvupóst á allas@akmennt.is

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Að standa vörð um velferð nemenda og starfa í þágu þeirra.
- Leita lausna í málum nemenda.
- Að vera trúnaðarmaður og málsvari nemenda.
- Gæta þess að nemendur búi við jafnrétti og að jafnréttis sé gætt gagnvart þeim innan skólans.
- Móttaka nýrra nemenda.
- Leiðsögn um nám og skipulag.
- Bæta vinnubrögð og námstækni.
- Aðstoða nemendur við að átta sig á hvar áhugasvið þeirra liggja.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í námi eða utan þess.
- Hjálpa nemendum að leita sér aðstoðar jafnt innan sem utan skóla.
- Sinna fyrirbyggjandi starfi með fræðslu.



Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu um einkamál nemenda, að undanskilydum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Ertu að taka til?

Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Nú langar okkur t.d. í meira af þúsluspilum, kubbum og hvers kyns leikföngum í Frístund og á kennslusvæði neðri hæðarinnar. Svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... :)

Gangbrautavarsla

Enn er töluvert mörgum vikum óráðstafað á gangbrautinni í vetur. Ef þú hefur áhuga á að leggja þitt af mörkum til að tryggja öryggi barnanna okkar á leið í skólann, þá vinsamlegast sendu línu á agust@akureyri.is

Afmælisboð

Við mælumst eindregið til þess að boðum í afmæli sé haldið utan skólans. Þá hafa komið upp hugleiðingar um það hvort ekki sé "í takt við tímann" að draga úr hinum fjölmennu afmælisveislum sem hafa lengi tíðkast en setja stefnuna frekar á hófstíllt boð með nánustu fjölskyldu og vinum? Leiða má að því líkur að víða sé töluverður tilkostnaður við fjölmennar veislur og gjafir, enda hefur verið ákveðinn þrýstingur á þessa hluti en spurning hvort þetta sé allt saman nauðsynlegt.....???

Hautboðinn óljúfi

Fréttir berast nú af því að lús hafi stungið sér niður í a.m.k. einum grunnskóla bæjarins. Við höfum ekki orðið vör við hana í Naustaskóla enn sem komið er en rétt er að foreldrar séu á varðbergi og láti skólann tafarlaust vita ef vart verður við lús.



Kynningar og fræðsla fyrir foreldra

Fimmtudagurinn 30. september er merktur á skóladagatalinu okkar sem "kynningar/samráð". Hugmyndin er að þessi dagur sé nýttur til samráðs við foreldra og kynningar á skólastarfinu. Þennan dag verður frí í skólanum hjá nemendum en Frístund opin fyrir nemendur í 1.-4. bekk sem þar eru skráðir. Foreldrum í 2.-8. bekk er boðið að mæta í skólann þennan dag kl. 8 að morgni. Þar munu umsjónarkennarar taka á móti þeim og fræða þá um skólastarfið, m.a. kennsluáðferðirnar Byrjendalæsi og Orð af orði, fyrirkomulag námsmats, það verður kynning á Jákvæðum aga o.fl. Áætlað er að þetta taki um klukkustund og hvetjum við foreldra eindregið til að mæta til að fá kynningu á skólastarfinu og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þennan dag býðst foreldrum einnig að fá viðtöl við umsjónarkennara. Þeir sem þess óska eru beðnir um að hafa samband við viðkomandi kennara með tölvupósti eða símleiðis til að ákveða tímann. Að öðru leyti verður dagurinn nýttur til umræðna, stefnumótunar og undirbúnings innan skólans. Athugið að hægt er að taka börnin með í skólann þann tíma sem kynningin stendur þó þau verði ekki í Frístund meira þann daginn, ekki þarf að skrá það sérstaklega. (Ástæðan fyrir því að foreldrar í 1. bekk eru ekki sérstaklega boðaðir þennan dag er að ætlast er til að þeir mæti á skólaferðin námskeið þar sem að hluta til verður um sömu kynningu að ræða)



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

September 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	30 Útivistardagurinn	31	1 Tandori fiskur með hrísgrjónum og salati	2 Bacon-pasta m/ fersku salati og hvít- lauksbrauði 2/3.b í berjaferð 4/5.b í Naustaborgum	3 Makkarónugrautur, brauð og álegg	4
5	6 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu	7 Matarmikil blóm- kálssúpa m/ hvít- lauksbrauði 6/7.b í Naustaborgum	8 Gulrótarfiskur, hrísgrjón og salat Alþjóðadagur læsis	9 Hakk og spaghetti m/ fersku salati 8b. samveruatriði	10 Skr, brauð og álegg 6.b í siglingu með Húna	11
12	13 Soðinn fiskur m/ tómötum, gúrkum, kartöflum og laukfeiti Aðalfundur Foreldrafélagsins	14 Grænmetisbuff, kartöflur, salat og sósa 8.b í Naustaborgum	15 Tómatfiskur, hrísgrjón og salat	16 Svínapottréttur, kartöflur og salat 6/7.b samveruatr. 2/3.b í Naustaborgir	17 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	18
19	20 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómateiti	21 Matarmikil papriku- súpa m/ hvítlauks- brauði	22 Karryfiskur, hrísgrjón og salat Skólafærninám- skeið foreldra 1.b.	23 Spaghetí Bolognese m/ fersku salati Samræmd próf í 4. og 7. bekk (isl) 2/3b. samveruatriði	24 Makkarónugrautur, brauð og álegg Samræmd próf í 4. og 7. bekk (stæ)	25
26	27 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	28 Slátur, rófur, kartöflur og uppstúf	29 Ofnbakaður græn- metisfiskur, hrísgrjón, salat	30 Kynningar/ sam- ráðsdagur Frístund opin (Grýta m/ kartöflum)	1. október Starfsdagur - Frístund lokuð!	

Muna: Aðalfundur Foreldrafélagsins verður haldinn mánudaginn 13. september kl. 20:00-21:30

Skólafærninámskeið fyrir foreldra nýnema verður miðvikudaginn 22. sept. kl. 17:30-20:00

Kynningar- og samráðsdagur verður 30. sept (sjá bls. 3) - nánar auglýst síðar!

Föstudaginn 1. október er starfsdagur hjá öllum starfsmönnum, frí hjá nemendum og Frístund lokuð



Fréttabréf Naustaskóla

9. tölublað, 3. árgangur, 4. október 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Stjórn Foreldrafélags

Prýðileg mæting var á aðalfund Foreldrafélagsins á dögnum en þar var kjörin ný stjórn fyrir félagið.

Stjórnin er þannig skipuð:

Ásdís Arnardóttir -
disasello@gmail.com
Vaka Öttarsdóttir -
vaka@mentor.is
Erla Rán Kjartansdóttir -
erlaran@akmennt.is
Ingvaldur Sturludóttir -
isturlu@gmail.com
Höskuldur Jóhannesson -
hossiv@talnet.is

Fulltrúar í skólaráði

Fulltrúar foreldra í skólaráði eru þær Sara Stefánsdóttir saras@unak.is og Vaka Öttarsdóttir vaka@mentor.is

Íþróttir - sturta

Á fundi foreldra 1. bekkjar á dögnum var ákveðið að falla frá sturtuskyldu hjá 1. bekkjum eftir íþróttatíma í íþróttahúsi. Við vekjum hins vegar athygli á að nemendur annarra bekkja eiga að fara í sturtu eftir íþróttatíma í íþróttahúsum.

Skólafatnaður

Skólafötin eru komin í hús og þeir sem pöntuðu geta nálgast klæðin hjá ritara. Hægt er að greiða á staðnum eða leggja inn á reikn. 1105-15-200070 kt. 070372-5099, og framvísa kvittun hjá ritara eða senda í tölvupósti til gudrunhuld@akmennt.is



Kæra skólasamfélag

Lífið gengur sinn vanagang í skólanum og verkefnið eru auðvitað alltaf óþrjótandi. Í október ætlum við að læra alveg óhemju mikið en auk þess höldum við áfram stíga næstu skref í mótun skólans. Næst á dagskrá er m.a. að sækja um að "komast á græna grein", sem er fyrsta skrefið að Grænfánum, og hefja um leið formlega vinnu að mótun umhverfisstefnu. Þá ætlum við að halda áfram að vinna að stefnu varðandi námsmat, vinna starfsreglur fyrir nemendaráð og margt fleira. Á starfsdegi í lok mánaðarinnar mun starfsfólk skólans fá fræðslu um forvarnir og viðbrögð gegn kynferðislegu ofbeldi en þá verður líka dálítið vetrarfrí þar sem við blásum mæðinni fyrir næstu lotu. Bestu haustkveðjur úr skólanum okkar allra!

Ágúst Jakobsson

Netnotkun barna og unglinga

Við minnum foreldra á vefsíðuna <http://saft.is> en þar er að finna afskaplega margar gagnlegar ábendingar og leiðbeiningar um hvernig hægt er að stýra og hafa eftirlit með tölvunotkun barna og unglinga. Sem dæmi um það sem þar er að finna eru leiðbeiningar um hvernig nýta má foreldraeftirlit sem innbyggð er í stýrikerfið Windows 7 en það er hannað til að létta áhyggjum af foreldrum og gera þeim kleift að stjórna nákvæmlega því sem börn þeirra geta gert á tölvunni. Eftirlitið hjálpar foreldrum að ákveða hvaða leiki börnin geta spilað, hvaða forrit þau geta notað og hvaða vefsetur þau geta heimsótt - og hvenær. Foreldrar geta takmarkað tölvunotkun við tiltekna tíma sólarhringsins og treyst því að Windows 7 framfylgir þessum takmörkunum, jafnvel meðan þeir eru í burtu. Sjá nánar á saft.is eða á <http://saft.is/oruggnetnotkun/foreldraeftirlitiwindows7/>



GSM / MP3

Að sjálfsögðu ber mikið á því að nemendur eru með síma og tónlistarspilara með sér í skólanum. Við leyfum notkun þessara tækja utan kennslustunda svo lengi sem þau trufla ekki, en bendum á að nemendur verða sjálfir að bera ábyrgð á tækjunum. Ef tækin valda truflunum geta nemendur átt það á hættu að skólinn taki þau í vörslu. Nemendur geta hins vegar vitjað þeirra hjá skólastjóra í lok dags þar sem þeir fá þau afhent í samráði við foreldra.

Kynning á þjónustu iðjupjálfa

Við skólann starfar Aðalheiður Reynisdóttir iðjupjálfi í 60% starfi. Ráðning iðjupjálfa að skólanum var hluti af viðleitni til að ná fjölbreyttri þekkingu í starfsmannahópinn með það að markmiði að við séum sem best í stakk búin til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Hins vegar er ekki löng hefð fyrir því að iðjupjálfar starfi í grunnskólum og því eflaust þörf á að kynna starfsvið Aðalheiðar. Iðjupjálfun snýst um að efla og viðhalda færni barna í athöfnum sem eru mikilvægar fyrir þau. Börn koma í iðjupjálfun til að þeim t.d. gangi betur í skóla eða með að eiga samskipti við vini sína og fjölskyldu. Lögð er áhersla á að þjálfun fari fram í gegnum leik. Starfssvið iðjupjálfa felst m.a. í að efla þátttöku nemenda við skólatengd verk, að efla félagsfærni nemenda, í aðlögun umhverfis og viðfangsefna, í mati á skólafærni, í margs konar þjálfun (skynhreyfipjálfun, fínhreyfipjálfun, skriftarþjálfun, mál og hreyfipjálfun) og ráðgjöf til nemenda, foreldra, kennara og annars starfsfólks.

Lús

Við biðjum foreldra sem fyrr að vera á varðbergi gagnvart lús og kempa reglulega hár barna sinna. Á slóðinni <http://farvellus.dk> er að finna afskaplega góðar leiðbeiningar um lúsaleit.....

Gangbrautavarsla

Ennþá bráðvantar sjálfbóðaliða til starfa á gangbraut við Kjarnagötu.. Áhugasamir sendi póst til agust@akureyri.is og við finnum tíma sem hentar...



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
3	4 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og laukfeiti	5 Matarmikil græn- metissúpa, nýbakað baguette	6 Paprikufiskur, hrísgrjón og salat <i>8.b. í eineltisfræðslu í Brekuskóla kl. 10-11</i>	7 Pasta carbonara með fersku salati <i>4/5.b samveruatriði</i>	8 Skyr, brauð og álegg	9
10	11 Nætursaltaður þorskur, kartöflur og tómatafeiti	12 Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og sósa <i>2. b. fer í brúðuleikhús í Óddeyrarskóla</i>	13 Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð og smjörvi	14 Hakk, vokkað græn- meti og ferskt salat <i>1.b. samveruatriði</i>	15 Hrísgrjónagrat,ur, brauð og álegg	16
17	18 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og feiti	19 Matarmikil kartöflusúpa m/ hvít- lauksbrauði	20 Karryfiskur, hrísgrjón og salat	21 Bollur í brúnni, kartöflur og salat <i>Sinfóníutónleikar í Hofi fyrir 1.-5. bekk kl. 9-10</i>	22 Makkarónagrat,ur, brauð og álegg <i>Náttfatadagur</i>	23
24	25 Vetrarfrí Frístund opin (Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti)	26 Vetrarfrí Frístund opin (Slátur, rófur, kartöflur og uppstúf)	27 Starfsdagur Frístund opin (Ófnbakaður tandoori fiskur, kartöflur og salat)	28 Pottréttur, hrísgrjón og salat <i>2/3b. samveruatriði</i> <i>Bangsadagur</i>	29 Hrísgrjónagrat,ur, brauð og álegg	30

Muna: Vetrarfrí er hjá nemendum 25.-27. október. Þessa daga er Frístund hins vegar opin. Við munum senda út tölvupóst um miðjan mánuðinn og biðja um skráningar í Frístund þessa daga.

Við minnum á borgarafund gegn einelti sem haldinn verður í sal Brekkuskóla, miðvikudaginn 6. október kl. 20:00.

Þá vekjum við athygli á námskeiði sem Símenntun Háskólans á Akureyri heldur þann 13. október um kvíða barna og unglinga. Námskeiðið er ætlað jafnt foreldrum sem starfsmönnum skóla.

Nánari upplýsingar um þessa atburði og margt fleira má nálgast á heimasíðu skólans <http://naustaskoli.is>





Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 3. árgangur, 1. nóvember 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Kynningarfundur um jákvæðan aga

Þriðjudaginn 9. nóvember kl. 20:00-21:00 er foreldrum boðið til kynningar á uppeldisstefnu okkar í sal skólans. Fjallað verður um hugmyndafræði stefnunnar, framkvæmd hennar í skólanum og nokkur hagnýt ráð við uppeldi. Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir foreldra á næstu vikum. Ekki er búið að tímasetja námskeiðið en upplagt er fyrir áhugasama að byrja á að mæta á fundinn og skoða hvort þetta sé ekki eitthvað sem er þess virði að kíkja á..



JÁKVÆÐUR AGI

Nemendaráð

Á dögnum var kosið nýtt nemendaráð fyrir skólann. Eftir æsispennandi kosningabaráttu og kjörfund þar sem fluttar voru fjölmargar framboðsræður, voru eftirfarandi nemendur kjörnir:

Hrannar Þór Róssarsson 8. bekk - formaður
Tumi Hrafn Kúld 8. bekk
Brynjar Helgason 7. bekk
Ugla Snorradóttir 6. bekk
Freyr Jónsson 5. bekk
Bjarney Jónsdóttir 4. bekk



Kæra skólasamfélag

Október var aldeilis viðburðaríkur í skólanum, meðal þess sem dreif á dagana var drekaþema á yngra stigi, rýmingaræfing, heimsókn rithöfundar, kjör nemendaráðs, hæfileikakepni sinfóniutónleikar, bleikur dagur, náttfatadagur, bangsadagur og margt margt fleira. Það er því sannarlega alltaf líf og fjör hjá okkur, og svo erum við náttúrulega alltaf að læra líka! Fullorðna fólkið er líka alltaf að læra og meðal þess sem við gerðum í síðasta mánuði var að sitja námskeið um forvarnir gegn ofbeldi gegn börnum. Svo erum við sífellt að velta fyrir okkur starfsháttum okkar og hvað við þurfum að gera til að búa til sem allra bestan skóla.

Nóvember verður að mestu "sléttur og felldur" nema hvað fyrsti föstudagurinn (5. nóv) er samráðs- og matsdagur (sjá baksíðu) en það er síðasti dagurinn fram að litlu jólum þar sem ekki er um að ræða skólatíma skv. stundaskrá. En jú, það ekki um að villast að það er kominn vetur og desember verður kominn fyrr en varir :) Svona er nú lífið dásamlegt! ÁFJ

Áframhald byggingarframkvæmda við skólann

Á stjórnarfundum hjá Fasteignum Akureyrarbæjar föstudaginn 15. október sl. var eftirfarandi bókað í fyrsta lið fundarins þar sem rætt var um Naustaskóla: "Rætt um verkáætlun fyrir skólann. Stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar samþykkir að hafist verði handa við framkvæmdir á 2. áfanga við Naustaskóla á árinu 2011." Enn er unnið að útfærslu á því hvernig framkvæmdin verður skipulögð en gert er ráð fyrir að byggingartíminn geti orðið 4 ár. Stefnt er að því að steypa upp allt húsið á árinu 2011 en innrétta það svo í nokkrum áföngum. Rætt hefur verið um að skólinn fái aukið húsnæði, þ.e. unglingastigsálmur og verkgreinastofur til afnota haustið 2012.



Frá Foreldrafélaginu

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í Naustaskóla.

Á fundi Foreldrafélags Naustaskóla í haust var ákveðið að félagsgjaldið fyrir skólaárið 2010-2011 yrði það sama og í fyrra, 2000 krónur á fjölskyldu (eitt gjald fyrir öll börn í sömu fjölskyldu). Rukkun verður send í heimabanka mæðra barnanna en einnig er hægt að leggja inn á reikning félagsins í heimabanka, banka eða í sparisjóðum og er reikningsnúmerið 0565-26-460110 kt. 460110-1140

Tekjum félagsins er varið í þágu barnanna okkar svo sem í skemmtanir, fræðslufyrirlestra, til að styrkja ferðir, til kaupa á búnaði og fleira og því mikilvægt að sem flestir greiði félagsgjaldið. Athugið að greiðsla í Foreldrafélagið er valfrjálst.

Nánari upplýsingar veitir Inga gjaldkeri félagsins í síma 8219316 eða í tölvupósti á isturlu@gmail.com

Foreldrafélag Naustaskóla

Góðar gjafir

Við fengum góða heimsókn um daginn þegar fulltrúar frá Stjórnumskoðunarfélagi Seltjarnarness komu færandi hendi og gáfu okkur tvo stjórnumskóla til notkunar í skólanum. 8. bekkur veitti sjónaukunum viðtöku og erum við auðvitað afskaplega þakklát fyrir þessa góðu gjöf! Svo gaf Foreldrafélagið okkur líka fótboltaspil um daginn sem kemur sannarlega í góðar þarfir. Mikið vill meira og við biðjum ykkur endilega að hafa okkur í huga ef þið eruð að taka til og þurfið að losna við leikföng, spil, bækur, hannyrðæfni, liti, málningu, pappír.....





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	1 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	2 Matarmikil blóm- kálssúpa m/ hvít- lauksbrauði <i>2/3.b samveruatriði</i>	3 Tómatfiskur m/ hrísgrjónum og salati	4 Spaghetti Bolognese m/ blönduðu salati <i>6/7.b samveruatriði</i> <i>Aðalfundur Hverfis- nefndar Naustahverfis kl. 20:00</i>	5 Samráðs- og matsdagur - Frí en Frístund opin (Makkarónugrautur, brauð og álegg)	6
7 Bingó o.fl. til styrktar Sævari Darra og fjölskyldu	8 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu	9 Grænmetisbuff, kartöflur, salat og sósa <i>Kynningarfundur um jákvæðan aga</i>	10 Gulrótarfiskur, hrísgrjón og salat	11 Pottréttur, kartöflur og salat <i>4/5.b. samveruatriði</i> <i>Bekkjarkvöld hjá 4.b.</i>	12 Skr, brauð og álegg	13
14	15 Soðinn fiskur m/ tómötum, gúrkum, kartöflum og laukfeiti <i>Bókavika</i>	16 Íslensk kjötsúpa að hætti meistaranna :) <i>Dagur ísl. tungu</i>	17 Óskamat 8. bekkjar	18 Pasta Carbonara, blandað salat <i>2/3.b. samveruatriði</i>	19 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	20
21	22 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatfeiti	23 Slátur, rófur, kartöflur og uppstúfur	24 Karrýfiskur, hrísgrjón og salat	25 Eitthvað gott með tilheyrandi meðlæti :) <i>Starfsmenn með sam- veruatriði</i>	26 Makkarónugrautur, brauð og álegg	27
28	29 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	30 Matarmikil vetrarsúpa m/ hvítlauksbrauði	1. desember Fullveldisdagurinn	2	3.	

Muna: Föstudaginn 5. nóvember er frí hjá nemendum vegna samráðs- og matsdags. Frístund er opin þennan dag fyrir þá sem þar eru skráðir, þeir foreldrar sem nýta sér ekki þjónustu frístundar að öllu jöfnu þurfa að hafa samband við forstöðumann Frístundar ef þeir óska eftir vist í Frístund þennan dag. Þeir foreldrar sem óska eftir viðtölum þann 5. nóv. snúi sér til umsónarkennara sem fyrst.



Fréttabréf Naustaskóla

I. tölublað, 3. árgangur, 1. desember 2010

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Frá Foreldrafélaginu

Nú fyrir skömmu voru sendar rukkanir fyrir félagsgjaldi Foreldrafélagsins í heimabanka. Um er að ræða 2000 krónur á fjölskyldu. Við hvetjum fólk eindregið til að greiða gjaldið í heimabönkum en einnig er hægt að leggja inn á reikning félagsins, 0565-26-460110 kt. 460110-1140

Þá eru þeir foreldrafulltrúar sem enn eiga eftir að standa fyrir bekkjarkvöldum hvattir til að drífa í því fyrir jól. Það skipulag sem sett var upp varðandi bekkjarkvöld má nálgast á heimasíðu skólans undir hlekknum Foreldrar eða beint á slóðinni:

http://www.naustaskoli.is/page/foreldrastarf_vetrarins

Leiðsagnarmat

Nú í byrjun desember opnum við fyrir svokallað leiðsagnarmat, þ.e.a.s. við biðjum foreldra um að setjast með börnum sínum við tölvu, fara inn á mentor.is og leggja sameiginlega mat á hvernig hefur gengið það sem af er vetri. Kennarar meta svo á sama hátt og sameiginlegt mat beggja aðila verður opið á mentor þegar því er lokið fyrir jól. Mælt er til þess að foreldrar hafi lokið innslætti í síðasta lagi 15. desember. Leiðbeiningar varðandi þetta má nálgast á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

<http://www.naustaskoli.is/news/leidsagnarmat/>



Kæra skólasamfélag

Það er ekki um að villast, það er strax kominn desember með öllu sínu umstangi :) Við merkjum það glögglega í desembermánuði að það er spennan í lofti hjá börnunum okkar og það er um að gera að setja ekki allt úr skorðum alveg strax þó jólin nálgist! Við reynum því að mestu að halda okkar striki í skólanum en hleypum auðvitað jólagleðinni að í hófsömum skömmtum. Dagana 6.-8. desember breytum við aðeins til og blöndum öllum nemendum skólans upp í hópa og vinnum að ýmsum verkefnum sem tengjast "umhyggju og samvinna" í takt við stefnu skólans. Má reyndar búast við að það verði einhver jólakeimur af nokkrum viðfangsefnanna en það verður m.a. dansað, föndrað, sungið og dekrað við sál og líkama. Þessa daga lýkur skóladegi allra nemenda kl. 13:15. Svo eru nú kennararnir vísir til að vera með einhver jólaleg viðfangsefni á takteinunum öðru hverju, þetta eru svoddan voðaleg jólabörn.. Litlu jólin verða svo þann 17. desember og jólafrí hefst að þeim loknum og stendur til 4. janúar (sjá baksíðu) Eins og í fyrra hvetjum við til þess að sem flestir mæti með smávægilega peningaupphæð síðustu vikuna í desember sem við söfnum svo saman og gefum til góðs málefnis. Þetta gerum við í stað þess að verja fjármunum í lukkupakka eða jólakort, en þetta er að sjálfsögðu engin skylda. Svo vonum við bara að allir eigi í vændum ánægjulega aðventu og gleðilega hátíð!

ÁJF

Foreldranámskeið um Jákvæðan aga

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á foreldranámskeið um jákvæðan aga í janúarmánuði. Um verður að ræða tveggja kvölda námskeið sem haldið er í samstarfi Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla og mun það verða opið foreldrum úr öllum skólunum. Á námskeiðinu verður hugmyndafræði stefunnar miðlað til foreldra og kynntar leiðir til að hagnýta aðferðir jákvæðs aga í uppeldinu heima fyrir. Til að kanna áhuga biðjum við áhugasama um að forskrá sig með því að smella á slóðina <http://www.surveymonkey.com/s/VDHFXLT> en síðan verður haft samband við hina áhugasömu í byrjun janúar.



Um félagsstarf nemenda

Gert er ráð fyrir því að með tíð og tíma verði starfrækt félagsmiðstöð í Naustaskóla. Núna fyrstu árin þurfa unglingarnir okkar hins vegar að mestu leyti að sækja slíka þjónustu til annarra félagsmiðstöðva í bænum. 8. bekkur fór í heimsókn um daginn og kynnti sér aðstöðuna í félagsmiðstöðinni Tróju í Rósenborg (gamla Barnaskólanum) en hún stendur þeim opin sem og aðrar félagsmiðstöðvar í bænum. Frá og með áramótum eru félagsmiðstöðvarnar einnig opnar fyrir 7. bekklinga eitt kvöld í viku. Nú um áramótið verður svo starfsmanni bætt við í hlutastarf hjá Tróju sem mun m.a. hafa það hlutverk að annast tengsl við Naustaskóla, sjá um mánaðarleg opin hús fyrir miðstig skólans o.fl. Að sjálfsögðu spila svo bekkjarkvöld á vegum foreldranna stórt hlutverk í félagsstarfi barnanna okkar. Upplýsingar um félagsmiðstöðina Tróju má nálgast á heimasíðu skólans undir hlekknum Nemendur. Þar er nú einnig að finna fundargerðir nemendaráðs skólans of.l.

Góðar gjafir

Enn berast okkur ánægjulegar sendingar og þær ekki allar af minni gerðinni. Má þar nefna að í haust höfum við m.a. fengið tvö borðtennisborð, fótboltaspil og pool-borð í húsið auk ýmissa minni sendinga sem koma sér vel. Við erum náttúrulega hvergi nærri södd og getum alveg bætt við okkur föndurefni, bókum, borðspilum, leiföngum og fleiru sem búast má við að verði yfirfall af á ýmsum heimilum um jólin :)



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2010

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	30 Matarmikil vetrarsúpa með hvítlauksbrauði	1 Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð og smjörvi Foreldraheimsóknir hjá 2. og 3. bekk Bekkjarkvöld hjá 3.b.	2 Hakk og spaghetti m/ blönduðu salati 2/3.b samveruatriði Þjóðbúningakynning	3 Blómkálssúpa, brauð og álegg	4
5	6 Nætursaltaður þorskur, kartöflur, rófur og feiti Umhyggju- og sam- vinnuþema hefst Skóladegi lýkur 13:15	7 Gullash í brúnni, kartöflur og salat Umhyggju- og samvinnuþema Skóladegi lýkur 13:15	8 Tandoori fiskur, hrisgrjón og salat Jólasveinahúfudagur Umhyggju- og samvinnuþema Skóladegi lýkur 13:15	9 Óskamatur 6.-7. bekkjar 8. b. samveruatriði	10 Hrisgrjónagrautur, brauð og álegg	11
12	13 Soðinn fiskur m/ tómötum, gúrkum, kartöflum og laukfeiti	14 Matarmikil jólasúpa m/ grófu baguette	15 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	16 Jólaveisla !! :) 6/7..b. samveruatriði (Útisamverustund??)	17 Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, tímasetn- ingar og fyrirkomulag nánar auglýst síðar) Frístund opin frá kl. 7:45	18
19	20 Frí en Frístund opin Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatfeiti	21 Frí en Frístund opin Slátur, rófur, kartöflur og uppstúfur	22 Frí en Frístund opin Grænmetisfiskur, hrisgrjón og salat	23 Frí en Frístund opin Makkarónusúpa, brauð og álegg	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur
26 Annar í jólum	27 Frí en Frístund opin Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	28 Frí en Frístund opin Eitthvað gott með tilheyrandi :)	29 Frí en Frístund opin Ofnbakaður fiskur, hrisgrjón og sósa	30 Frí en Frístund opin Lasagna, stappa og salat	31 Gamlársdagur	

Muna: Jólafrí nemenda hefst að loknum litlu jólum þann 17. desember.
Frístund er opin virka daga í jólafríinu fyrir þá sem þar eru skráðir.

Mánudaginn 3. janúar er starfsdagur og þann dag er Frístund lokað.

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 4. janúar.

Gledileg jól!!



Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 4. árgangur, 3. janúar 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Smiðjutímabilamót

Þann 17. janúar verða skipti á smiðjum, þ.e.a.s. þá víxlast nemendahópar í sumum verkgreinanna þannig að t.d. sumir byrja en aðrir hætta í heimilisfræði, smíðum, textílmennt o.s.frv. Þetta hefur engin áhrif á íþrótt- og sundtíma sem haldast á óbreyttum tímum.

Nemendadagurinn

Föstudaginn 28. janúar nk. ætlum við að brydda upp á nokkurri nýjung hjá eldri nemendum skólans. Þá verður "nemendadagurinn" sem felst í því að nemendaráð tekur að sér stjórn skólans ákveður hvernig skólastarfið eigi að vera meirihluta dagsins. Dagskrá verður nánar auglýst þegar nær dregur....

Nýr starfsmaður

Nú í ársbyrjun bætist í starfsmannahópin hjá okkur en þá kemur Magnús Blöndal Jóhannsson inn sem stuðningsfulltrúi í 8. bekk. Magnús hefur verið töluvert hjá okkur í afleysingum í haust sem skólaliði og er því nemendum að góðu kunnur, en kemur nú inn í tímabundna stöðu fram á vorið.

Kæra skólasamfélag

Enn á ný kom nýtt ár með hvelli og eldglæringum. Við í skólanum heilsum því full bjartsýni og tilhlökkunar enda hefur það alla burði til að verða prýðilegt ár fyrir Naustaskóla og skólasamfélagið okkar. Þetta verður t.d. árið þar sem byggingaframkvæmdir við skólann hefjast að nýju, þó að það rýmki nú ekki um okkur fyrr en haustið 2012. En við höldum auðvitað áfram að vaxa og dafna, í árslok verða nemendur væntanlega komnir yfir 230 í 1.-9. bekk og starfsmenn verða um 40 talsins, það má því með sannri segja að skólinn okkar sé að verða "alvöru skóli" :) Við sem í skólanum störfum þökkum nemendum og foreldrum innilega fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnu ári og vonum að við getum sameiginlega haldið áfram að byggja upp góðan skóla þar sem allir skipta máli og allir leggja sitt af mörkum, þá verður lífið dásamlegt í Naustaskóla - enn eitt árið!

Ágúst skólastjóri

Foreldranámskeið um Jákvæðan aga

Í desembermánuði var kannaður áhugi meðal foreldra á tveggja kvölda námskeiði um Jákvæðan aga, í samstarfi við Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla. Undirtektir voru mjög góðar og voru samtals um 140 foreldrar sem forskráðu sig á námskeið, skiptust þeir nokkuð jafnt á skólana. Því verða haldin tvö námskeið nú í janúar, þar sem þátttakendum verður skipt í tvo hópa á hvoru námskeiði. Verða námskeiðin haldin í Naustaskóla. Þeir sem forskráðu sig fá tölvupóst þar sem þeir eru beðnir um að staðfesta skráningu, ef margir detta úr lestinni verða laus pláss auglýst um miðjan janúar.



Leiðsagnarmat

Nú geta foreldrar nálgast leiðsagnarmatið frá því í desember á fjölskylduvefnum á mentor.is. Gott er að kíkja yfir matið með börnunum og skoða hvort samræmi er í matinu milli foreldra/nemenda og kennara, og leggja á ráðin um framtíðina. Kennarar munu einnig nýta matið til að ræða við nemendur á næstu vikum. Foreldrar eru sem endranær hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara með hvers kyns fyrirspurnir og hugleiðingar sem kunna að vakna.

Nemendur styrkja Fjölskylduhjálpinu

Eins og í fyrra slepptum við því að hafa lukkupakka á litlujólunum en þess í stað komu margir nemendur með dálitla peningaupphæð sem var safnað saman og síðan var allt saman lagt inn á reikning hjá Fjölskylduhjálp Íslands. Að þessu sinni söfnuðust tæplega 30 þúsund krónur sem án efa koma í góðar þarfir einhvers staðar. Við þökkum nemendum fyrir þátttökuna og þann góða hug sem henni fylgir.



Við óskum nemendum og foreldrum gleðilegs árs og þökkum samstarfið á liðnu ári!





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3 Starfsdagur Frí hjá nemendum Frístund lokuð	4 Matarmikil kartöflu- mauksúpa m/ hvít- lauksbrauði	5 Tómatfiskur með hrísgrjónum og salati	6 (Þrettándinn) Pasta carbonara, blandað salat Þrettándasamveru- stund í samstarfi við Naustatjörn kl. 9:30 á leikskólalóðinni	7 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	8
9	10 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og tómatsósu	11 Grænmetisbuff, kartöflur, salat og sósa	12 Gulrótarfiskur, hrísgrjón og salat	13 Gullash í brúnni, kartöflur og salat Rafmagnslaus dagur 6/7. b. samveruatriði	14 Sveppasúpa, brauð og álegg	15
16	17 Soðinn fiskur m/ tómötum, gúrkum, kartöflum og laukfeiti Annaskil á smiðjum Jákv. agi námskeið hópur A kl. 17-19	18 Grænmetisúpa með nýbökðu baguette Jákv. agi námskeið hópur B kl. 20-22	19 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	20 Pottréttur, hrísgrjón og salat 1. b. samveruatriði	21 (Bóndadagur) Skyr, brauð og álegg Ullarfatadagur	22
23	24 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatfeiti Jákv. agi námskeið hópur A kl. 17-19	25 Kjötbollur, kartöflur, grænar og sósa Jákv. agi námskeið hópur B kl. 20-22	26 Karryfiskur, hrísgrjón og salat 4.-5. b. á leiksýningu í Hof kl. 10:00	27 Spaggetti Bolognese, og salat 2/3. b. samveruatriði	28 Óskamatur 4.-5. b. "Nemendadagurinn"	29
30	31 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	1. febrúar	2.	3 4/5. b. samveruatriði	4	

Muna: Mánudaginn 3. janúar er starfsdagur og þann dag er Frístund lokuð.

Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 4. janúar.

Svo er nauðsynlegt að muna að búa sig vel - það er oft kalt í janúar!!!





Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 4. árgangur, 1. febrúar 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Nemar í heimsókn

Þessar vikurnar eru nemar á sveimi hjá okkur, einn kennaranemi er búinn að vera í 1. bekk undanfarið, fjórir kennaranemar dvelja hjá okkur í næstu viku og svo verður hjúkrunarfræðinemi hjá okkur í nokkra daga á næstunni.

Skáknámskeið

Næstu vikurnar verður skáknámskeið í skólanum í samstarfi við Skáklfélag Akureyrar. Námskeiðið er á mánudögum kl. 13:30-14:30 og er ætlað nemendum í 3.-8. bekk. Að loknu námskeiðinu er svo ætlunin að blása til skólamóts og senda fulltrúa á sveitakeppni grunnskólanna á Akureyri. Tímasetning og fyrirkomulag mótsins verður auglýst síðar.

Óskilaföt o.fl.

Töluvert hefur nú safnast upp af ómerkum óskilafatnaði í skólanum. Við hvetjum foreldra til að kíkja við og róta í staflanum, það væri til dæmis tilvalið að kíkja við í öpmis vikunni (7.-11. feb), fylgjast með skólastarfinu, fá sér kaffibolla, gramsa í óskilafötunum, fá að segja nemendum frá starfinu sínu eða áhugaverðri lífsreynslu, taka lagið á samverustund eða láta ljós sitt skína á annan hátt...

Skólavalskyrning

Þann 11. febrúar kl. 9-11 er sérstaklega opið hús fyrir foreldra nýnema (börn fædd 2005) sem eru að kynna sér skóla bæjarins fyrir innritun.

Kæra skólasamfélag

Febrúar verður væntanlega viðburðaríkur hjá okkur og nóg um að vera eins og endranær. Þar hæst árshátíðina sem verður fimmtudaginn 24. febrúar. Þar munu væntanlega flestir ef ekki allir nemendur skólans stíga á stokk og allir leggja sitt af mörkum til að gera hátíðina sem skemmtilegasta. Við ætlum að hafa fjórar sýningar í þetta skiptið til að allt gangi sem best fyrir sig og þrengsli komi ekki að sök. Einstakir hópar foreldra verða boðaðir á hverja sýningu en fyrirkomulagið á þessu öllu saman verður nánar auglýst þegar nær dregur. Við minnum líka á opnu vikuna sem er 7.-11. febrúar. Foreldrar eru að sjálfsögðu alltaf velkomnir í heimsókn til okkar en þessa viku eru þeir sérstaklega hvattir til að kíkja við og sjá hvað við erum að bralla í skólanum. Ekki verður um sérstaka dagskrá að ræða enda hugmyndin að foreldrar fái tækifæri til að kynnast skólanum og sjá börn sín að störfum í “venjulegu skólastarfi”. ÁFJ

Félagsmiðstöð í Naustaskóla

Félagsmiðstöðin Trója, sem staðsett er í Rósenborg (gamla Barnaskólanum) þjónar Brekkuskóla, Lundarskóla og Oddeyrarskóla. Trója annast nú einnig félagsmiðstöð í húsnaði Naustaskóla, **hún er opin einu sinni í viku fyrir unglingastig (8. bekk) á þriðjudagskvöldum kl. 19:30-21:30. Annan og fjórða þriðjudag í mánuði er einnig opið fyrir 7. bekk.** Starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar í Naustaskóla er Elín Bragadóttir, netfang elin@pds.is Rétt er að minna á að nemendum 8. bekkjar er að sjálfsögðu einnig frjálst að mæta í aðrar félagsmiðstöðvar bæjarins. Nánari upplýsingar um starf félagsmiðstöðvanna er að finna á heimasíðu skólans.

Innivist í frímínútum

Viðmið skólans varðandi innivist eftir veikindi er að eðlilegt sé að nemendur séu inni í einn dag eftir að þeir hafa verið veikir. Í langflestum tilfellum er óþarfi að halda nemendum inni lengur og gott að hafa í huga að ef nemendur geta gengið í skólann og verið úti að leika sér eftir að skóla lýkur, þá eru þeir að öllu jöfnu nógu frískir til að fara út í frímínútur :) Við biðjum foreldra um að aðstoða okkur með því að senda nemendur ekki með miða með ósk um innivist að óþörfu...

Snillingarnir - námskeið

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar býður börnum með ADHD að taka þátt í námskeiði til að efla færni á ýmsum sviðum. Námskeiðið er fyrir börn fædd árið 2001 og 2002 og eru 6 börn í hverjum hóp. Áhersla er lögð á að auka færni barna í félagslegum samskiptum, skapstillingu, sjálfsstjórn og að bæta athyglisgetu þeirra. Hópurinn hittist tvisvar í viku 2 tíma í senn, í 5 vikur (10 skipti alls) með tveimur þjálfurum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

Um nestismál - Hollt nesti!

Þessar vikurnar virðist vera að færast í vöxt að nemendur mæti með ýmis konar snúða og sætabrauð, orkustangir af ýmsu tagi og sæta drykki og mjólkurvörur í nesti. Nesti af þessu tagi er mjög sætt og augljóslega ekki hollt en leiðir auk þess til alls konar metings og samanburðarfræða og setur þrýsting á aðra foreldra að leyfa líka “gott” nesti. Við beinum þeim eindregnu tilmælum til foreldra að nesti nemenda sé hollt. Þá er rétt að minna á að þeir nemendur sem koma með nesti að heiman eiga kost á mjólkuráskrift í skólanum, og vatnið stendur einnig alltaf fyrir sínu þannig að ekki þarf að bera með sér fernur sem eiga til að springa í skólatöskum með tilheyrandi leiðindum.. Gerum nú dálítið átak í því saman að leggja áherslu á hollustu í nestismálunum!

Ágætar hugleiðingar og leiðbeiningar um nesti er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://www.lydheilsustod.is/greinar/greinasafn/manneldi/nr/342>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	31	1 Blómkáls- og brokkólí súpa, nýbakað baguetté Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	2 Öfnbakaður tandoori fiskur, hrísgrjón og salat Náttfatadagur hjá 2.-3. bekk	3 Snitzel, kartöflur, salat og sósa 4/5. b. samveruatriði Hundraðdagahátíð 1.b.	4 Makkarónugrautur, brauð og álegg Dagur stærðfræðinnar	5
6	7 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og laukfeiti Opin vika Skáknámskeið 13:30- 14:30	8 Óskamatur 2.-3. b. Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30-21:30	9 Paprikufiskur, hrísgrjón og salat	10 Pastaskrúfur, kröftug kjötsósa og blandað salat 8. b. samveruatriði	11 Skr, brauð og álegg Skólavalskygning opið hús kl. 9-11	12
13	14 Nætursaltaður þorskur, kartöflur og tömatfeiti Skáknámskeið 13:30- 14:30	15 Alvöru vetrarsúpa, gróft baguetté Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	16 Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð og smjörvi	17 Pottréttur, hrísgrjón og salat 2/3. b. samveruatriði	18 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	19
20	21 Soðinn fiskur m/ kartöflum, rófum og feiti	22 Slátur, rófur, kartöflur og uppstúfur Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30-21:30	23 Karryfiskur, hrísgrjón og salat	24 Bollur í brúnni, kartöflur og salat Árshátíð	25 Sveppasúpa, brauð og álegg	26
27	28 Starfsdagur, Frístund lokuð fyrir hádegi	1. mars Viðtalsdagur (Frístund opin) Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	2.	Árshátíð Naustaskóla verður haldin fimmtudaginn 24. febrúar. Sýningar verða fjórar: Kl. 15:00 (Helmíngur 1.-3. bekkjar sýnir) Kl. 16:00 (Helmíngur 1.-3. bekkjar sýnir) Kl. 17:00 (Nemendur 4.-8. bekkjar sýna) Kl. 18:00 (Nemendur 4.-8. bekkjar sýna) Að loknum sýningum verða seldar kaffiveitingar. Nánar auglýst síðar....!!		

Muna: Vikuna 7.-11. febrúar er opin vika - foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir í skólann.

28. febrúar er starfsdagur - Frí hjá nemendum - Frístund lokuð fyrir hádegi.

1. mars er viðtalsdagur - viðtalstímar verða sendir út með tölvupósti um 20. feb.



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 4. árgangur, 2. mars 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautarvarsla..

Nú vantar bara herslu-
muninn til að manna
gangbrautarvörsluna fram á
vorið. Það er notalegt að
vera á gangbrautinni í
vorblíðunni og leggja sitt af
mörkum til að tryggja
öryggi barnanna okkar :)
Sjálfbóðaliðar óskast,
áhugasamir hafi samband
með tölvupóst í netfangið
naustaskoli@akureyri.is

Er pennaveskið í lagi?

Minnt er á að skólinn
útvegur ekki þau námsgögn
sem tilheyra pennaveski, þ.e.
ritföng, yddara, liti, límstifti
o.þ.h. Nú er góður tími til
að athuga hvort það vanti
ekki eitthvað í pennaveskið
eða skólatöskuna hjá
krökkunum :)

Sundföt óskast..

Alltaf ber eitthvað á því að
nemendur gleyma
sundfötum, og það er ekki
hægt að fá lánað í
sundlauginni. Okkur langar
til að koma okkur upp smá
lager af sundfötum sem
hægt væri að grípa til í
svoleiðis tilfellum og biðjum
því foreldra sem eiga
sundföt sem hætt eru að
nýtast að koma þeim í
skólann....

Stjörnuskoðun

5. mars verður haldið
stjörnuskoðunarnámskeið
fyrir börn á vegum
Stjörnuskoðunarfélags
Seltjarnarness. Námskeiðið
er fyrir börn í 1. til 7. bekk
sem hafa áhuga á
stjörnufræði og
stjörnuskoðun. Nánari
upplýsingar má finna á
heimasíðu skólans.

Kæra skólasamfélag

Skólaárið potast áfram og allt í einu eru ekki nema rúmar 10 kennsluvikur eftir af vetrinum!
Nú er vetrarfrí framundan í næstu viku og að því loknu fer að stytast í páskafríð þannig að
áður en við vitum af verður líkast til komið sumar. Febrúarmánuður var viðburðaríkur og bar
þar hæst árshátíðina sem við erum afskaplega ánægð með. Nær allir nemendur skólans létu
þar ljós sitt skína og er ljóst að það eru fjölmargir upprennandi leikarar í hópnum. Í mars
ætlum við auðvitað að læra heil lífandis ósköp en svo verður nú líka brugðið eitthvað á leik, má
þar nefna að þann 23. mars er áformaður útivistardagur í Hlíðarfjalli, við auglýsum fyrirkomulag
hans nánar síðar. Annars má segja að eitt stærsta verkefni skólans þessa dagana snúist um að
skilgreina námsmarkmið okkar og gera þau sýnileg og aðgengileg fyrir alla aðila þannig að þau
nýtist sem best til skipulagningar og mats. Á viðtalsdaginn fengu foreldrar vonandi pínulitla
nasasjón af þessu en við bindum vonir við að þessi vinna skili okkur fram á veginn í átt að því
að koma betur til móts við hvern og einn nemanda. Svo gerum við auðvitað ráð fyrir því að
lífið verði óhemju dásamlegt í mars!

Ágúst skólastjóri

Byggingaframkvæmdir framundan

Nú hefur verið auglýst útboð á uppsteypu og utanhússfrágangi á öðrum áfanga
Naustaskóla. Áfanginn mun hýsa heimasvæði unglingastígs, verkgreinastofur, starfsmannarými,
miðrymi/sal, anddyri, bókasafn, félagsaðstöðu nemenda og íþróttahús. Byggingin telur um 3.900
m² samtals, gert er ráð fyrir að fyrri hluta framkvæmdanna verði lokið í desember 2011
(uppsteypa á verkgreina- og unglingastígsálmum) en verkinu verði að fullu lokið í ágúst 2012, en þá
verður verkgreina- og unglingastígsálmur tekin í notkun. Gert er ráð fyrir að allir hlutar
húsnæðisins verði fullkláraðir og teknir í notkun haustið 2014.

Ráð mánaðarins - Tveir valkostir

Í aðstæðum þar sem hætta er á valdabaráttu getur verið góður kostur að
gefa barninu tvo valkosti í stað þess að gefa einfalda skipun. Þannig fær
barnið líka að hafa áhrif, sem er vissulega mjög mikilvægt fyrir marga :) Sem
dæmi má nefna:

- Þú þarft að klæða þig núna, hvort viltu fara í þessa skyrtu eða þessa
peysu?
- Við þurfum að fara núna, hvort viltu hoppa eins og kanína eða trampa eins og fill út í bíl?
- Nú er háttatími, hvort viltu bursta tennurnar eða fara í náttfötin fyrst?

Ef barnið vill ekki taka kostunum þarf að ítreka kostina, svo getur verið áhrifaríkt að bæta við "þú
ræður". Ef barnið vill alls ekki nýta sér valkostina verðum við auðvitað bara að velja fyrir það og
standa svo við það sem við ákveðum..!



JÁKVÆÐUR AGI

Skólaskákmót

Skólaskákmót var haldið 14. febrúar og voru keppendur 12 talsins, úr 3-6. bekk.
Telfdar voru 5 umferðir og fengu þessir flesta vinninga:

1. Ásgeir Tumi Ingólfsson, 6. bekk 5 vinninga
- 2-3. Monika Birta Baldvinsdóttir 5. bekk og Elvar Orri Brynjarsson 6. bekk 3 vinninga
- 4-6. Ágústa Forberg 5. bekk, Kolfreyja Sól Bogadóttir 5. bekk og Haraldur Bolli Heimisson 3 bekk, 2,5 vinning.

Ásgeir Tumi sigraði á mótinu og er því skólaskákmeistari Naustaskóla 2011. Monika Birta hreppti
silfurverðlaun og Elvar Orri bronsið. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir besta árangur í
stúlknaflökki. Þar var Monika hlutskörpust, en þær Ágústa og Kolfreyja urðu í 2-3. sæti.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Mars 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	31 Starfsdagur	1 Minestrone súpa, nýbakað hvítlauks- brauð <u>Viðtalsdagur</u> (Frístund opin) Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	2 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	3 Pasta carbonara með blönduðu salati 4/5. b. samveruatriði	4 Óskamatur l. b (Makkarónugrautur, brauð og álegg) 1. bekkur fer á Amtsbókasafnið	5
6	7 Heimalagaðar fiskibollur m/salati, kartöflum og sósu Skólanefnd heim- sækir Naustaskóla	8 Saltkjet og baunir, túkall Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30- 21:30	9 (Pylsur og tilheyr- andi) Óskudagur—vetrarfrí Frístund opin	10 (Stroganoff, salat og kartöflustappa) Vetrarfrí Frístund opin	11 (Skyr, brauð og álegg) Vetrarfrí Frístund opin	12
13	14 Nætursaltaður þorskur, kartöflur, rófur og feiti	15 Alvöru vetrarsúpa, gróft baguetté Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	16 Tómatfiskur, salat og hrísgrjón	17 Óskamatur 4.-5. bekkjar (Pizza) 6/7. b. samveruatriði	18 Sveppasúpa, brauð og álegg Upplstrarkeppni hjá 7. bekk Gistinótt í félagsmiðstöð hjá 8. b.	19
20	21 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatfeiti	22 Slátur, rófur, kartöflur og upp- stúfur Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30- 21:30	23 Öfnbakaður karri- þorskur, blandað salat og sósa <u>Útivistardagur</u> Úrslit stóru upp- lestrarkeppninnar	24 Kjötsósa, spaghetti og blandað salat 1. b. samveruatriði	25 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	26
27	28 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti	29 Mexíkansk hakksúpa m/ nýbökðu ba- guette Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	30 Tandoori fiskréttur, hrísgrjón og blandað salat	31 Pottréttur, hrísgrjón og salat	1. apríl Aprílabb?	

Muna: VETRARFRÍ DAGANA 9.-11. MARS

Þann 23. mars verður útivistardagur í Hlíðarfjalli ef veður leyfir, allir nemendur þurfa að muna að mæta afar vel búnir þann dag! - Nánar auglýst síðar



Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 4. árgangur, 3. apríl 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Innritaðir nemendur fyrir haustið 2011:

1. bekkur: 28 nemendur
2. bekkur: 29 nemendur
3. bekkur: 35 nemendur
4. bekkur: 30 nemendur
5. bekkur: 30 nemendur
6. bekkur: 23 nemendur
7. bekkur: 18 nemendur
8. bekkur: 17 nemendur
9. bekkur: 17 nemendur

Alls: 227 nemendur

Kæra skólasamfélag

Aprílmánuður er frekar rýr í roðinu í skólanum enda er hann páskamánuðurinn þetta árið. Annars gengur bara allt sinn vanagang hjá okkur, farið er að síga verulega á seinni hlutann á þessu skólaári og undirbúningur fyrir það næsta hafinn. Þessa stundina eru 227 nemendur innritaðir í skólann fyrir næsta vetur og hér til hliðar má sjá hvernig þeir skiptast á árganga. Ráðnir verða þrír nýir kennarar að skólanum og verða þau störf auglýst fyrr en varir. Ekki er búið að ganga frá skipan kennara í teymi fyrir næsta vetur en sú vinna er í gangi og verður skipan teyma vonandi kynnt í byrjun maí. Gert er ráð fyrir að í 1. bekk verði tveir umsjónarkennarar, í 2.-3. bekk verði fjórir umsjónarkennarar, í 4.-5. bekk verði fjórir umsjónarkennarar, í 6.-7. bekk verði þrír umsjónarkennarar og í 8.-9. bekk verði tveir umsjónarkennarar. Svo er að sjálfsögðu gaman að geta þess að þriðjudaginn 5. apríl verða opnuð tilboð í uppsteypu og utanhúsfrágangi á síðari áfanga skólahúsnæðisins og ef allt fer að óskum ættum við að sjá framkvæmdir fara á fullt á allra næstu vikum. Við lifum sannarlega á spennandi tímum og lífið er allt hið dásamlegasta!

Bestu kveðjur úr skólanum!

Ágúst skólastjóri

Bingóbúnaður

Foreldrafélagið færði skólanum góða gjöf á dögum en það er bingóvel ásamt 200 bingóspjöldum sem enginn vafi er á að eiga eftir að nýtast vel í skóla- og foreldrastarfinu um ókomin ár. Foreldrar í 6.-7. bekk ætla að ríða á vaðið með notkunina og halda páskaeggjábíngó fimmtudaginn 7. apríl...

Útivistardagurinn

Þann 23. mars var útivistardagur hjá okkur í Naustaskóla og allir nemendur skólans skelltu sér upp í Hlíðarfjall og renndu sér af mikilli list. Dagurinn tókst vel enda var veðrið hreint prýðilegt. Nemendur okkar voru til hreinnar fyrirmyndar og ljóst að það er marga um hæfileikamanninn á þessu sviði meðal nemenda og starfsmanna Naustaskóla. Nokkrar myndir frá deginum má sjá á heimasíðunni.....

Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar 2011 var haldin miðvikudaginn 23. mars síðastliðinn. Keppnin var haldin í sal Menntaskólans að viðstöddu fjölmenni. Þarna voru mættir til leiks fulltrúar 7. bekkinga úr öllum grunnskólunum á Akureyri. Fyrir hönd Naustaskóla kepptu þeir Magnús Geir og Jakob Gísli en keppendur voru alls 17 í ár og stóðu þeir sig allir með miklum sóma. Sigurvegarar þetta árið voru Fannar Már Jóhannsson nemandi í Lundarskóla í 1. sæti, Krístrún Jóhannesdóttir Síðuskóla í 2. sæti og Urður Andradóttir úr Lundarskóla 3. sæti.

Samtökin Heimili og skóli auglýsa:

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í 16. sinn við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi. Óskað er eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu á skólastarfi og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins. Með afhendingu verðlaunanna er vakin eftirtekt á því fjölbreytta starfi sem fer fram innan leik- grunn- og framhaldsskóla og stuðlar að því að efla jákvætt og öflugt samstarf heimila, skóla og samfélagsins. Fólki er hvatt til að líta eftir og tilnefna verðug verkefni í sínu nærumhverfi. Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á heimasíðu Heimilis og skóla www.heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er fimmtudagur 28. apríl.

1. apríl!

Margir voru gabbaðir í tilefni 1. apríl í Naustaskóla. Allflestir nemendur skólans létu glepjust af tilkynningum um "páskaeggjaleit" og var mikið leitað á skólalóðinni í hádeginu. Starfsmenn féllu sumir fyrir fundarboði sem þeir fengu í tölvupósti og var einnig birt á heimasíðu skólans en þar var að finna svohljóðandi tilkynningu:


"Fram eru komnar mjög róttækar hugmyndir um sameiningu Naustaskóla, Naustatjarnar og Kjarnalundar, sem miða að því að búa til algjörlega einstaka stofnun á landsvísi í tilraunaskyni. Þessar hugmyndir ganga út á mun meiri aldursblöndun en við höfum áður reynt, þar sem allt starf í stofnuninni mun fara fram í aldursblönduðum hópum með mjög breiðu bili, þar sem hugmyndin er að hinir eldri annist og fræði hina yngri - og öfugt, auk þess sem ætlunin er að ná fram gríðarlegum sparnaði í starfsmannahaldi. Af þessu tilefni er boðað til kynningarfundar í Naustaskóla föstudaginn 1. apríl kl. 15:00 á sal skólans. Til fundarins mæta fulltrúar bæjarstjórnar og ráðgjafafyrirtækisins pWC sem hefur unnið að útfærslu tillagnanna. Allir velkomnir!"



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	4 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatafeiti	5 Stroganoff, salat og kartöflustappa Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30- 21:30	6 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	7 Súrsætur svínapott- réttur, hrísgrjón og salat 4/5. b. samveruatriði Páskabingó hjá 6.-7. bekk kl. 19:30	8 Makkarónugrautur, brauð og álegg	9
10	11 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti 7. bekkur fer í skólabúðir	12 Íslensk kjetsúpa í öllu sínu veldi :) Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	13 Fiskréttur í karri, hrísgrjón og salat	14 Grísasnitzel, kartöflur, sósa og grænar	15 Skr, brauð og álegg <u>Páskafri hefst</u>	16
17	18 Páskafri Frístund opin (Nætursaltaður þorskur, kartöflur, rófur og feiti)	19 Páskafri Frístund opin (Lasagne, blandað salat)	20 Páskafri Frístund opin (Öfnbakaður þorskur, kartöflur og tilheyr- andi)	21 Skírdagur	22 Föstudagurinn langi	23
24	25 Annar í páskum	26 Starfsdagur, Frístund opin eftir hádeggi.	27 Gratínaraður paprikufiskur, hrísgrjón og salat <u>Kennsla hefst að</u> <u>loknu páskaeyfi</u>	28 Bollur í brúnni, kartöflur og salat 6.-7. b. samveruatriði	29 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg	30
1. maí	2	3 Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30- 21:30	4 	5		

Munið: Páskafri nemenda hefst föstudaginn 15. apríl.

Þriðjudagurinn 26. apríl er starfsdagur, þá er Frístund lokað fyrir hádeggi.

Kennsla að loknu páskaeyfi hefst skv. stundaskrá miðvikudaginn 27. apríl.



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 4. árgangur, 3. maí 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Valgreinar í 8-9. bekk

Nemendur í verðandi 8.-9. bekkjum hafa nú fengið afhent valblöð fyrir næsta vetur. Við biðjum forráðamenn þeirra um að hafa hönd í bagga með valið en valblöðum þarf að skila í síðasta lagi 6. maí nk.

Íþróttakennsla í maí

Frá og með mánudeginum 9. maí ætlum við að nýta vorveðrið til hins ýtrasta og hefja útikennslu í öllum íþróttatímum. Það er því mikilvægt að nemendur mæti alltaf vel skóaðir og vel búnir til útiverunnar..

Útivistartíminn

Frá og með 1. maí lengdist útivistartími skv. lögum, nú mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22 en 13-16 ára mega vera úti til kl. 24. **Rétt er þó að taka fram að foreldrar ráða að sjálfsögðu útivistartíma sinna barna, og sjálfsagt að muna að flest börn og unglingar þurfa að minnsta kosti 9-10 tíma svefn!!**

Foreldrakönnun

Við minnum á að foreldrar hafa nú fengið tölvupóst þar sem þeir eru beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi skólastarfið. Mikilvægt er að sem flestir svari því að könnun af þessu tagi gefur mikilvægar upplýsingar sem nýttar eru við ákvarðanir um þróun skólans. Svára þarf könnuninni fyrir 9. maí nk.

Kæra skólasamfélag

Þá er komið að endasprenntinum hjá okkur þetta árið og ótrúlegt til þess að hugsa að Naustaskóli sé strax að verða búinn að starfa í tvö ár! Skólastarfið í maí verður með hefðbundnu sniði fyrstu vikunnar en upp úr 20. maí verðum við væntanlega öll komin í sumarskap og þá fer starfið að brotna upp í þemaverkefni, útivist og íþróttir, hópefli nýrra námshópa o.fl. Skipulag síðustu daganna verður nánar kynnt í næsta fréttabréfi sem kemur út um miðjan maí. Nú er ljóst að það verður byggingafyrirtækið SS-Byggir sem mun annast byggingu seinni áfanga skólahússins og má búast við að framkvæmdir fari á fullt á allra næstu vikum. Verður spennandi að sjá skólahúsið taka smátt og smátt á sig endanlega mynd en sem fyrr er stefnt að því að við fáum unglingastigs- og verkgreinaálmu afhenta haustið 2012 og aðra hluta hússins næstu tvö árin þar á eftir. Við lifum sannarlega á spennandi tímum og jú, það er ekki um að villast, lífið er dásamlegt! Bestu kveðjur úr skólanum! Ágúst skólastjóri

Starfsmannamál - ráðningar

Umsóknarfrestur um stöður kennara fyrir næsta vetur rann út 3. maí. Um er að ræða 3-4 stöður, eftir því hvernig hlutirnir púslast saman, og liggja fyrir 36 umsóknir. Nú liggur fyrir að vinna úr umsóknum og er stefnt að því að ráðningar liggja fyrir um miðjan maí. Þá verður einnig ljóst hvernig kennsluteymi næsta vetrar verða skipuð. Við skipan kennarateyma er höfð til hliðsjónar sú þumalputtaregla að a.m.k. einn kennari fylgi hverjum árgangi inn í nýjan námshóp. Að öðru leyti verður ekki um miklar breytingar að ræða á starfsmannahópnum, nema að Soffía Helga stuðningsfulltrúi, sem verið hefur í fæðingarorlofi, mun ekki snúa aftur til starfa. Við kveðjum hana með söknuði og þökkum henni vel unnin störf. Skipan kennsluteyma næsta vetrar verður kynnt í næsta fréttabréfi.

Vorskóli - skólabyrjun í haust

Þann 19. apríl nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Foreldrum annarra nýnema við skólann er einnig velkomið að nýta tækifærið og kíkja á skólann og kynna sér starfið örlítið. Skólastarfið í haust mun svo hefjast með skólasetningu þann 22. ágúst. Drög að skóladagatali næsta árs eru nú aðgengileg á heimasíðu skólans (Skólinn / Skóladagatal 11-12) en dagatalið er þó birt með fyrirvara þar sem það biður staðfestingar skólanefndar.

Skólanefnd óskar eftir tilnefningum til viðurkenninga

Samkvæmt skólafestnu Akureyrarbæjar skal árlega, veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til. Á heimasíðu skólans er að finna auglýsingu með nánari upplýsingum varðandi þetta. Hægt er að tilnefna nemendur, kennara og sérstök verkefni sem unnið hefur verið að. Hver sem er getur skilað inn tilnefningum en þeim þarf að skila í síðasta lagi 9. maí.



Frá ljóðaupplestri í 4.-5. bekk, sjá myndasíðu á heimasíðu skólans.....



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí—júní 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	2 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og tómatafeiti 4. bekkur fer í skólabúðir til 4/5	3 Grænmetisbuff, köld sósa, kartöflur og salat Félagsmiðstöð opið hús 7.-8. b. 19:30-21:30	4 Plokkfiskur, rúg- brauð, kartöflur	5 Spaghetti Bolognese, salat 6./7. b. samveruatriði	6 Rjómalöguð, blóm- kálssúpa, brauð og álegg	7
8	9 Soðinn fiskur m/ kartöflum og soðnu grænmeti Útiþróttir í öllum þróttatímum!	10 Stroganoff, kartöflustappa, salat Félagsmiðstöð opið hús 8. b. 19:30-21:30	11 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og sósa	12 Bollur í súrsætri, kartöflur og salat 8.b. samveruatriði	13 Makkarónugrautur, brauð og álegg	14
15	16 Nætursaltaður þor- skur, kartöflur, rófur og feiti	17 Mexikönsk hakksúpa, nýbakað brauð, pasta- salat Félagsmiðstöð lokahóf 7.-8. b. 17:00-19:30	18 Tómatbakaður þor- skur, hrísgrjón og salat	19 Pasta Carbonara, salat 1.b. samveruatriði Vorskóli árg. 2005	20 Föstudagssteikin með tilheyrandi :)	21
22	23 Soðinn fiskur, kartöflur, gúrkur og tómatar	24 Hakkað buff í brúnni, kartöflur og salat Vorþema hefst	25 Fiskibollur, kartöflur, salat og sósa Vorþema	26 Pottréttur, hrísgrjón og salat Vorþema	27 Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg VORHÁTIÐ (nánar auglýst síðar)	28
29	30 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salat og tómatafeiti Unicef-dagurinn	31 Eitthvað rosagott með tilheyrandi meðlæti :) Matsdagur / útivist	1. júní. Hópeflisdagur nýrra náms hópa	2. júní Uppstigningardagur Frí	3. júní SKÓLASLIT kl. 13:00	

Munið:

Vorhátíð skólans í samstarfi við foreldrafélag og hverfisnefnd verður föstudaginn 27. maí - Nánar auglýst síðar

Skólaslit verða föstudaginn 3. júní kl. 13:00



Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 4. árgangur, 18. maí 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Innkaup námsgagna

Gert er ráð fyrir að skólinn muni annast innkaup á námsgögnum fyrir nemendur, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 4.-9. bekk s.s. skriffærum, litum o.þ.h. Við birtum leiðbeiningar vegna innkaupa á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rukkað inn gjald fyrir námsgögnin.

Frístund

Síðasti opnunardagur Frístundar í vor er skólaslitadagurinn, 3. júní. Í ágúst verða foreldrar beðnir um að ganga frá dvalarsamningum fyrir næsta vetur og Frístund tekur að nýju til starfa á skólasetningardaginn, þann 22. ágúst.

Skólaslit

Öðru starfsári Naustaskóla verður slitið föstudaginn 3. júní. Allir nemendur mæta kl. 13:00 á sín heimasvæði, hitta umsjónarkennara, taka á móti námsmati, skólastjóri segir nokkur orð og svo halda nemendur út í sumarið. Foreldrar eru að sjálfsgöðu einnig hjartanlega velkomnir á skólaslitin.

Kæra skólasamfélag

Hér er væntanlega á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það m.a. upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur í vor. Öðru starfsári Naustaskóla fer senn að ljúka, það hefur verið viðburðaríkt og skemmtilegt og gefur góð fyrirheit fyrir framtíðina. Við erum svo auðvitað farin að hlakka til að hefja leikinn að nýju í haust. Skólabyrjunin verður með örlítið öðru sniði en undanfarið að því leyti að næst byrjum við aðeins með viðtölum við 1. bekk en geymum formleg viðtöl við aðra foreldra og nemendur þangað til skólastarfið er komið af stað í september. Þessi breyting er gerð að frumkvæði fulltrúa foreldra í skólaráði og er markmiðið að viðtölin nýtist betur til markmiðssetningar og umræðu um nám nemenda en snúist minna um hagnýt atriði skólabyrjunarinnar. Fyrir mína hönd og annarra starfsmanna skólans þakka ég samstarfið í vetur. Við sjáumst hress í haust eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað!

Bestu kveðjur úr skólanum, Ágúst Jakobsson

Vorhátíð Naustahverfis 2011

Haldin föstudaginn 27. maí

Hátíðin hefst kl. 16:15 í Naustaborgum

Dagskrá í Naustaborgum

kl. 16:15-18:00

- Þrautabraut
- Andlitsmálning
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubb, boccia o.fl.
- Leikir
- Sápukúlublástur
- Flugdrekar
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)
- Ótrúlega gott veður !!



Allir velkomnir!!

Opið hús í Naustaskóla frá kl. 17:30

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
 - Kaffi / safi / mjólk og vöflur
 - Fullorðnir 300 kr.
 - 6-16 ára 200 kr.
- Tombóla – 50 kr. miðinn
- Föndurborð
- Spákona
- Verður draugahús??
- Sýningar á verkum nemenda

Ball fyrir nemendur í 1.-4. bekk kl. 18:30-19:45 (200 kr. aðgangseyrir)

Ball fyrir nemendur í 5.-8. bekk kl. 20:00-22:00 (300 kr. aðgangseyrir)

Nýir starfsmenn...

Nú hafa verið ráðnir fjórir nýir kennarar að skólanum fyrir næsta haust. Gyða Björk Aradóttir er okkur vel kunn, hún hefur starfað sem stuðningsfulltrúi hjá okkur en kenndi þar áður við Hlíðarskóla. Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir kemur frá Árskóla á Sauðárkróki þar sem hún hefur kennt sl. 9 ár en starfaði þar áður sem þroskajálfi. Úlfar Björnsson kemur úr Glerárskóla þar sem hann hefur starfað sem skólastjóri undanarin ár og Valdís Rut Jósavinsdóttir hefur verið dálítið í forfallakennslu hjá okkur í vetur en kenndi síðast við Lundarskóla. Við bjóðum þetta góða fólk velkomið í hópinn og væntum mikils af samstarfinu um ókomin ár!

Umsjónarkennarar næsta vetur

1. bekkur: Halla og Lilja

2.-3. bekkur: Freydís, Gyða Björk, Ingibjörg Jóna og Yrsa

4.-5. bekkur: Brynja, Heimir, Inga Lilja og Valdís Rut

6.-7. bekkur: Ása, Gunnþór og Sigurlaug

8.-9. bekkur: Úlfar og Þóra

Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Endaspretturinn vorið 2011

15	16	17	18	19	20	21
	Nætursaltaður þorskur, kartöflur, rófur og feiti	Mexikönsk hakksúpa, nýbakað brauð, pasta- salat <i>Félagsmiðstöð lokahóf 7.- 8. b. 17:00-19:30</i>	Tómatbakaður þorskur, hrísgrjón og salat	Pasta Carbonara, salat <i>Vorskóli árg. 2005</i>	Föstudagssteikin með tilheyrandi :)	
22	23	24	25	26	27	28
	Soðinn fiskur, kartöflur, gúrkur og tómatar <i>Unicef-dagurinn</i>	Hakkað buff í brúnni, kartöflur og salat <i>Frjálsíþróttamót hjá 4. b</i>	Fiskibollur, kartöflur, salat og súsa <i>Frjálsíþróttamót hjá 5. b</i>	Pottréttur, hrísgrjón og salat <i>Frjálsíþróttamót hjá 6. b N-factor hæfileikakeppni</i>	Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg <i>Frjálsíþróttamót hjá 7. b VORHÁTÍÐ (sjá forsiðu)</i>	
29	30	31	1. júní.	2. júní	3. júní	
	Soðinn fiskur m/ kartöflum, salat og tómatafeiti <i>Táp- og fjörðagur</i>	Eitthvað rosagott með tilheyrandi meðlæti :) <i>Táp- og fjörðagur Frjálst nesti!!!</i>	Vandi er um slíkt að spá... <i>Hópeflisdagur nýrra námshópa</i>	Uppstigningardagur <i>Frí</i>	SKÓLASLIT Kl. 13:00	

Unicef - dagurinn

Mánudaginn 23. maí verjum við hluta dagsins í verkefni sem kennt er við Unicef, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Þá munu nemendur vinna íþróttatengd verkefni og safna í leiðinni peningum til styrktar Unicef. 18. eða 19. maí eru nemendur sendir heim með sérstakt upplýsingablað og söfnunarumslög vegna þessa en að loknum atburðinum þann 23. maí safna umsjónarkennarar og ritari umslögnum frá nemendum. Þess má geta að síðastliðið vor söfnuðust rúmlega 130.000 kr. á Unicef deginum okkar.



Frjálsíþróttamót á miðstigi

Dagana 24.-27. maí verða haldin frjálsíþróttamót fyrir nemendur á miðstigi (sjá dagatalið hér að ofan). Mótin fara þannig fram að á mótssdegi leggur árgangurinn af stað að morgni á Þórsvöllinn og er mæting þar kl. 8:45. Þar er svo keppt ýmsum greinum, lagt er upp með að sem allra flestir geti keppt í einhverju en einnig fær besta stuðningsliðið verðlaun :) Skólarnir eru hvattir til að mæta sem mest hver í sínum lit og er litur Naustaskóla appelsínugulur, nemendur eru því hvattir til að mæta í þeim lit (bolir, hárbönd, borðar, fánar o.s.frv.) til að auðkenna stuðningsmenn og keppendur og búa til stemmingu. Ávextir verða með í för en einnig er nemendum frjálst að hafa með sér hollt og gott nesti og mikilvægt er að búa sig vel í samræmi við veður.

Táp- og fjörðagur og hópeflisdagur

30.-31. maí eru táp- og fjörðagur hjá okkur. Þá vinna nemendur í aldursblönduðum hópum að ýmsum stuttum og skemmtilegum verkefnum innandyrna og utan. Þriðjudaginn 31. maí er frjálst nesti hjá öllum nemendum, þ.e. sætabrauð og safar eru leyfðir en ekki sælgæti og gosdrykkir. Miðvikudaginn 1. júní myndum við svo nýja námshópa og verjum deginum í að kynnast og hrista saman nýju hópana, þ.e.a.s. þá vinna tilvonandi 2.-3. bekkur saman, tilvonandi 4.-5. bekkur, tilvonandi 6.-7. bekkur og tilvonandi 8.-9. bekkur.

Athugið: Frá og með mánudeginum 23. maí lýkur kennslu hjá öllum nemendum kl. 13:15!